

Bændablaðið

12. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 19. júní ● Blað nr. 421 ● 20. árg. ● Upplag 31.000



Sólveig Bessa Magnúsdóttir, æðarbóndi í Innri-Hjarðardal í Öndurafirði, er ánægð með dúntekjuna. Ekkert lát er á sölu íslensks æðardúns til erlendra kaupenda og er verð fyrir hvert kíló um 200.000 kr. Útflutningstekjur æðarbænda voru um 600 milljónir króna á síðasta ári. Meira um æðarræktina á bls. 18. Mynd / GHJ

Kauptilboði í Ístex hafnað

– erlendir krónueigendur taldir standa á bak við tilboðið

Þrír stærstu eigendur ullarvinnslunnar Ístex höfðu að beiðni forystu sauðfjærbænda kauptilboði sem gert var í hluti þeirra í fyrirtækinu fyrir skemmstu. Tilboðið kom frá fjárfestum sem ekki var gefið upp hverjir væru en allt bendir til að um erlenda krónueigendur hafi verið að ræða. Landssamtök sauðfjærbænda, sem eiga ríflega 15 prósent hlut í fyrirtækinu, leita nú að fjárfestum tengdum bændum sem gætu keypt hlutinn.

Hluturinn sem um ræðir er í eigu Guðjóns Kristinssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Jóns Haraldssonar framleiðslustjóra og Viktors Guðbjörnssonar, sem hefur haft umsjón með tæknimálum og viðhaldi Ístex. Heildarverðmæti Ístex er metið á tæpar 550 milljónir. Hlutur Guðjóns, Jóns og Viktors er 34 prósent. Landssamtök sauðfjærbænda eiga 15,5 prósent hlut í Ístex, nú- og fyrrverandi starfsmenn 13%, fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki eiga um sjö prósent hlut og 1.800 nú- og fyrrverandi ullarinnleggjendur



Guðjón Kristinsson

eiga síðan það sem út af stendur. Eins og áður segir er ekki ljóst hvaða aðilar stöðu að baki tilboðinu en því var komið á framfæri í gegnum verðbréfafyrirtækið Virðingu.

Huga að því að setjast í helgan stein

Guðjón segir í samtali við Bændablaðið að hlutur þeirra félaga sé vissulega til sölu áfram þrátt fyrir að umræddu tilboði hafi verið hafnað. „Við höfum í sjálfu sér ekki unnið markvisst að því að selja okkar hlut en við erum farnir að eldast. Sá sem er elstur í hópnum er 72 ára og á þeim aldri fara menn að huga að því að setjast í helgan stein. Við höfðum fengið tilboð í hlutinn áður, en síðan kom tilboð án allra skuldbindinga. Ég bar það undir stjórnarformanninn, sem aftur bar það undir forystu Landssamtaka sauðfjærbænda. Þar á bæ leist mönnum ekki vel á að okkar hlutur færi í hendur annarra og óskuðu eftir að við höfnum tilboðinu sem við gerðum. Við gerðum það í ljósi þess að bændur stefndu að því sjálfir að kaupa okkur út úr fyrirtækinu. Hvar það mál er statt veit ég hins vegar ekki. Við höfum átt í góðu samstarfi við bændur og okkur liggur í sjálfu sér ekki lífið á,



Mynd / HKr.

við erum alveg rólegir og erum bara að reka okkar fyrirtæki. Það kemur hins vegar auðvitað að því að við bjóðum þetta falt.“

Guðjón segir líkur benda til að um hóp erlendra krónueigenda hafi verið að ræða sem hafi viljað fjárfesta fyrir fjármuni sem eru fastir hér á landi. „Tilboðið er hins vegar úr sögunni, við höfnum því.“

Rætt við aðila tengda bændum

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjærbænda segir mikilvægt að hægt sé að treysta því að fyrirtækið


sinni áfram þjónustu við bændur, enda sé það eina fyrirtækið sem sé með ullarmóttöku á landinu. „Okkur er auðvitað ekki sama hvað um þetta fyrirtæki verður. Það er mikilvægt fyrir sauðfjærbændur og samtökin eiga tæp 16 prósent í því. Við ákváðum í framhaldinu að ræða við aðila sem hefðu hugsanlega áhuga á að kaupa þennan hlut þannig að hann myndi enda í höndum bænda eða fyrirtækja tengdra þeim. Við höfum rætt við nokkra aðila en það er ekki komin nein niðurstaða í málið.“

Rekið með hagnaði síðustu ár

Ístex var reist úr rústum Álafoss fyrir rúmum tuttugu árum. Fyrirtækið er hið eina á landinu sem tekur við ull frá bændum. Ístex rekur ullarþvottastöð á Blönduósi og verksmiðju í Mosfellsbæ. Rekstur Ístex hefur á undanförunum árum gengið vel eftir að hafa verið í járnum framan af. Hagnaður hefur verið af rekstri fyrirtækisins frá árinu 2009 og árið 2012 var hagnaðurinn 77 milljónir á sama tíma og skuldir lækkuðu um 74 milljónir. Á síðasta ári var hagnaður fyrirtækisins 46 milljónir króna. Það má rekja til gríðarlega aukinna vinsælda íslensks lopa frá hrúni, sem og aukins útflutnings. /fr

Fíflahátíð í Eyjafirði

Fíflahátíð, hátíð til heiðurs okkar ástkæra túnfífla, verður haldin á vegum ferðaþjónustunnar Lamb Inn á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit laugardaginn



21. júní. Heilmikið verður við að vera frá morgni til kvölds. Skemmtidagskráin „Úti á túni“ stendur frá 14 til 16 og hátíðin endar síðan með kvöldvöku. Bændur keppa í Fíflagangi, tónlistaratriði verða flutt, brekkusöngur og markaður. Dagurinn hefst með hlaupi upp á fjallið Haus kl. 10.00 fyrir þá spretthörðu.

„Hugmyndin kviknaði í fyrrasumar,“ segir Guðný Jóhannesdóttir hjá ferðaþjónustunni Lamb Inn á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit. „Við vorum að tína fífla í miðri breiðu hér úti á túni, en við búum til túnfíflshunang og bjóðum upp á það við morgunverðarborðið. Í einhverjum fíflagangi fórum við að tala um hvort ekki væri hægt að búa til viðburð þar sem fífillinn væri í forgrunni, að gera þessari algengu og fallegu jurt hátt undir höfði. Hugmyndin fékk að þróast á liðnum vetri en nú er komið að því að við ætlum að blása til hátíðar fíflinum til heiðurs. Við byrjum smátt en verði viðbrögðin góð er ekki ólíklegt að hátíðin vaxi að umfangi þegar fram líða stundir. Nú og svo er þessu auðvitað sjálfhætt ef enginn vill fíflast með okkur.“

/MÐÞ

RML tekur við Byggingaþjónustu landbúnaðarins

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur tekið við rekstri Byggingaþjónustu landbúnaðarins af Bændasamtökunum.

Um áratugaskeið hafa starfsmenn byggingaþjónustunnar, undir forystu Magnúsar Sigsteinssonar sem nú lætur af störfum fyrir aldurs sakir, teiknað og hannað byggingar í sveitum landsins. Magnús var ráðinn fyrsti landsráðunautur í byggingum og bútaekni hjá Búnaðarfélagi Íslands árið 1968 og hefur starfað fyrir bændur á þeim vettvangi síðan. Hjá RML mun Unnsteinn Snorri Snorrason fara fyrir verkefnum sem snúa að byggingum og bútaekniráðgjöf. RML mun leggja áherslu á þverfaglega tengingu í ráðgjöf til bænda við nýbyggingar og endurbætur á eldri byggingum.



Fréttir

Samið um kjötútflutning til Hong Kong

Opnað hefur verið fyrir útflutning á íslensku svína-, kinda- og hrossakjöti til mannelis til Hong Kong að uppfylltum skilyrðum.

Unnið hefur verið því að ná samningum um heilbrigðiskröfur við þarlend yfirvöld frá árinu 2011 og tók Matvælastofnun meðal annars á móti sendinefnd frá Hong Kong síðastliðið haust sem tók út íslenska kjötframleiðslu.

Með samningnum er heimilt að flytja út kjöt til Hong Kong sé það unnið í samþykktri starfsstöð og fylgi því heilbrigðisvottorð gefið út af Matvælastofnun. Innflytjendur þurfa svo að hafa skriflega heimild frá þarlendum yfirvöldum.

Ágúst Andrésson, formaður Samtaka afurðastöðva, fagnar þessum samningum. „Þetta er mjög gott fyrir okkur, þarna opnast tækifæri til útflutnings sem við getum nýtt til markaðssetningar á íslenskum afurðum. Við höfum verið að yta á eftir því að gengið yrdi frá þessu samkomulagi og það er fagnaðarefni að það skuli nú vera í höfn.“



Gestir á Hvanneyri geta nú fengið sér hressingu í gömlu skemmuni.

Kaffihúsið Skemman opnað á Hvanneyri

Tvær framtakssamar konur, þær Rósa Björk Jónsdóttir og Stefanía Nindel, hafa stofnað kaffihús í gömlu skemmuni á Hvanneyri sem var byggð árið 1896.

Opið er allt sumarið, alla daga, á milli kl. 13 og 18. Boðið er upp á hágæða kaffi frá Reykjavík Roasters í nokkrum útgáfum og einnig eru eigendurnir búnir að sérhæfa sig í belgískum vöfflum. Að auki er á boðstólum heitt súkkulaði, lífrænt te, hrákaka og ýmislegt fleira.

Rósa Björk er uppalin á Hvanneyri og nýflutt heim eftir nokkurra ára dvöl erlendis og í Reykjavík. Stefanía er þýsk að uppruna en hefur búið á Íslandi í 19 ár.

Bjargráðasjóður bætir kaltjón

Sigurgeir Hreinsson, stjórnarformaður Bjargráðasjóðs, segir að sjóðurinn hafi fram til þessa ekki fengið miklar upplýsingar um kaltjón.

„Við vitum það samt að það er kal víða um land en það er ekki í mörgum sveitum sem það er umtalsvert. Við vitum þó að það er talsvert í austanverðum Skagafirði. Það hefur kalið í mörgum sýslum, á Suðurlandi, á Snæfellsnesi, í Húnavatnssýslum og víðar. Þetta eru yfirleitt frekar fáir bæir en þar sem er kalið er tjónið sums staðar talsvert mikið.“

Sigurgeir segir að miðað við þær upplýsingar sem fram séu komnar reikni hann ekki með því að sérstaka fjárveitingu þurfi til að bregðast við. „Sjóðurinn ræður við að greiða einhverjar bætur sjálfur án aðstoðar.“ Sigurgeir hvetur bændur til að láta ráðunauta taka út kaltjón, en slíkar úttektir eru skilyrði fyrir bótum úr sjóðnum.



Bændur í Súgandafirði hafa mátt þola snjópungan vetur. Enn er nokkuð magn af snjó á túnnum og þau eru víða illa leikin eftir veturinn.

Myndir / HKr.

Enn þó nokkur snjór yfir túnnum á Botni og Birkihlíð í Súgandafirði:

Viðbrigði að lenda í svona hremmingum

– segir Björn Birkisson bóndi

Enn liggja töluverðir snjóskafar yfir túnnum á bæjunum Botni og Birkihlíð í Súgandafirði og segir Björn Birkisson bóndi að þess sé ekki að vænta alveg í bráð að snjó taki að fullu upp. Ástand þess hluta túnanna sem komin eru upp úr snjó er ekki sérstakt, enn eru þau hundblaut og þá virðist sem töluvert sé kalið.

„Það var óhemjumikill snjór hér í vetur, meiri en við höfum séð í um tvo áratugi, síðast var svo mikið magn hér árið 1995,“ segir Björn. Norðaustanátt var ríkjandi á liðnum vetri með töluverðri úrkomi og fylltist dalbotninn af snjó. „Það snjóaði hér jafnt og þétt í allan vetur þannig að magnið var óvenju mikið. Það eru töluvert viðbrigði fyrir okkur að lenda í þessum hremmingum, við erum orðin svo góðu vön, það hefur verið fremur snjólétt hér um slóðir undanfarin ár. Það er líka óvenjulegt að svo mikill snjór sé á túnnum þegar komið er þetta fram á sumarið.“



Björn Birkisson og Helga Guðný Kristjánsdóttir eru bændur í Botni.

Þurfa yfir 2.000 heyrúllur

Í Botni og Birkihlíð er rekið blandað út, um 300 kindur og allt í allt um 200 nautgripir, þar af um 65 mjólkandi kýr. Sem nærri lætur

þarf töluvert magn af heyi ofan í skepnurnar, eitthvað yfir 2.000 rúllur segir Björn, en tún við bæina eru fremur lítil, alls um 45 ha að stærð. „Við höfum alltaf þurft að sækja hey annars staðar frá og mér sýnist að við

þurfum að gera það í meiri mæli nú í haust og á komandi vetri en vant er.“

Björn segir ómögulegt að segja fyrir um hver málalok verði, hvernig túnin á endanum komi undan vetri, en þó sé ljóst að ekki sé ástæða til mikillar bjartsýni. Enn sé töluvert magn af snjó yfir túnnum, mikil drulla á stórum hluta þeirra og langt sé síðan tún hafi verið svo illa útleikin. „En það hefur grænkað fljótt og vel það sem kemur undan snjó,“ segir hann.

Umtalsverður kostnaður

Björn segir að vissulega hafi hann áður séð jafn mikinn snjó á svæðinu og tún hafi líka farið illa um árin, en langt sé um liðið og því sé um ákveðið bakslag að ræða fyrir bændur. „Þetta hefur verið svo gott undanfarin ár,“ segir hann. Ljóst sé að kostnaður verði umtalsverður, bæði vegna meiri heykaupa og eins gæti komið til þess að endurrækta þyrfti hluta túnanna.

MBP

Mikið tjón vegna kals í Skagafirði:

Kostnaður bænda vegna endurræktunar hleypur á milljónum króna

Mjög mikið kal er í túnnum fjölda bæja í Skagafirði og ljóst að bændur hafa orðið fyrir umtalsverðu tjóni vegna þess. Stjórn Búnaðar-sambands Skagafjarðar fundaði um málið í síðustu viku og lýsti þungum áhyggjum af því hvort bændur fengju tjón sitt bætt. Ekki virtist ljóst af hálfu Bjargráðasjóðs hvernig slíkum bótum yrði þá háttáð.

Eiríkur Loftsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, hefur í vor farið víða um Skagafjörð og metið ástand túna fyrir bændur. „Það er kal mjög víða. Ástandið er vissulega misjafnt milli svæða og milli bæja en þau svæði sem fóru verst út úr kalinu í fyrra eru sömuleiðis þau sem verða illa úti núna. Það virðist vera mest kal í Hegranesi, Viðvíkursveit, inni í Hjaltadal, út Óslandshlíð, á Höfðaströnd og Slétuhlíð og það er einnig eitthvað kal í Fljótum. Bæir á þessum svæðum sem sluppu betur en aðrir í fyrra hafa sumir hverjir orðið illa úti núna. Árangur af þeirri miklu endurrækt sem menn réðust í í fyrravor vegna kals er ansi misjafn núna. Sums staðar er talsvert mikið sem þarf að laga. Um það eru dæmi langt fram í fjörð, frammi í Tungusveit og í Akrahreppi svo dæmi séu tekin.



Eiríkur Loftsson

Allt að 60 prósentu kal

Kalið er mjög mikið á stöku bæjum að sögn Eiríks. Dæmi eru um allt að 60 prósentu kal í túnnum á bæjum þar sem ástandið er verst. „Í slíkum tilfellum komast menn illa af nema að afla sér heyja annars staðar,“ segir Eiríkur. Oft er miðað við að eigin áhætta sé í kringum 20 prósent en á hátt í 20 bæjum í firðinum er kal yfir þeirri tölu að því er Eiríkur telur.

Ekki ætti þó að vera ástæða til að hafa áhyggjur af heyskortri almennt í Skagafirði næsta vetur að mati Eiríks. Einhverjir bændur hafa nú þegar gert ráðstafanir til að fá slægjur á öðrum jörðum.

Mikið kal var á landinu í fyrra eins og þekkt er og var bætt úr



Kalblettir.

Bjargráðasjóði sem fékk sérstaka fjárveitingu til þess, einkum í gegnum Jarðræktarsjóð til endurræktunar. Eiríkur segir að hann hafi haft samband við sjóðinn vegna kalsins í Skagafirði en ekki sé komin nein heildarmynd á tjónið á einstökum bæjum. Flestir bændur hafi endurræktað verulega í vor til viðbótar við það sem gert hafi verið í fyrra.

Verra í vor en í fyrra

Á Arnarstöðum í Sléttuhlíð varð umtalsvert kaltjón í fyrravor en ástandið núna er jafnvel verri að mati Gestis Stefánssonar bónda þar. „Það var á milli 30 og 40 prósentu kal í fyrra en það er verri núna. Þeir kalblettir sem ég lét eiga sig í fyrra í

von um að þeir myndu gróa upp hafa bara stækkað í ár og virðist ekkert gróa upp úr þeim.“

Tjónið um fimm milljónir á tveimur árum

Gestur réðist í talsverða endurræktun í fyrra og ekki síður í ár. „Ætli ég hafi ekki brotið um 25 hektara í vor og svo reyndi ég að sá í nýræktir sem voru illa farnar. Þetta er feykilegt tjón, ætli kostnaðurinn við endurræktun sé ekki 80.000 til 100.000 krónur á hektarann. Ég hugsa að kostnaðurinn í vor við þetta hafi verið nálægt 2,5 milljónum króna og lítið minna í fyrra.“

Á síðasta ári fékk Gestur að einhverju leyti bætur úr Bjargráðastjóði en þó ekkert í líkingu við kostnað sinn. Í fyrra brást Gestur að talsverðu leyti við með því að brjóta nýræktir í stað þess að endurrækta þau tún sem kól. „Þá hankaði Bjargráðasjóður mig hins vegar á því að ég yrði að vinna kalblettina sjálfa upp því ellegar fengi ég ekki bætur, ég mætti ekki brjóta nýtt land. Það þykir mér skrítið kerfi. Ég er voða hræddur um að það verði lítið sem hægt verður að sækja úr Bjargráðasjóði í ár.“

/fr

HM DAGAR

Í SAMSUNG-SETRINU



Full búð af **SAMSUNG** sjónvarpstilboðum

TIL DÆMIS:

SAMSUNG UE **46/50**F5005

LED SJÓNVARP · 100 Hz. · Full HD 1920x1080p
· Mega skerpa · Afspilun USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist ·
Sjónvarpsmóttakari: Digital DVB-T2

TILBOÐ#1:

46" = 159.900

TILBOÐ#2:

50" = 199.900



SAMSUNG UE **48/55**H6675ST

LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV

Skjár: Micro Dimming fyrir betri svartann lit · AllShare: Auðvelt að streyma frá öðrum raftækjum í Smart TV · Betri örgjöfvi: Quad Core tryggir frábært viðmót í Smart TV · Sérstakt *Football Mode* sem gerir íþróttaviðburði líflegri · Endalaust úrval af frábærum forritum í Smart Hub · USB upptaka og afspilun · Tvenn prividdargleraugu fylgja með og tvær góðar fjarstýringar · Hægt að stýra afruglara með sjónvarpsfjarstýringu · Gervihnatta móttakari

TILBOÐ#3:

48" = 249.900

TILBOÐ#4:

55" = 349.900

NÝTT!

2014/2015 módel

Frábær kaup á mögnuðu tækí!



SAMSUNG UE **55**F8005

GLÆSILEGT VERÐLAUNATÆKI

„BESTA SMART TV Á MARKAÐINUM 2013-214“

LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD 1920x1080p

TILBOÐ#5:

55" = 529.900



BRASILIA

FIFA WORLD CUP
Brasil

VEITUM 20% AFSLÁTT AF ÖLLUM HEIMABÍÓUM við kaup á sjónvörpum á HM-DÖGUM

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK
VERSLANIR UM LAND ALLT

SAMSUNG

SETRID

samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

Fréttir

Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðaskógi

– Dúkkulísurnar snúa aftur í skóginn eftir 30 ár

Skógardagurinn mikli verður haldinn í tíunda sinn í Hallormsstaðaskógi laugardaginn 21. júní. Dagskráin er margbreytileg að venju. Hin fornfræga hljómsveit Dúkkulísurnar stígar á svið, en nú eru 30 ár liðin frá því að sveitin stóð á sviði í Hallormsstaðaskógi síðast. Svo er spurning hvort skógarhöggsmenn á Austurlandi ná Íslandsmeistaratitlinum í skógarhöggi aftur austur.

Dagskráin hefst reyndar kvöldið áður, föstudagskvöldið 20. júní, þegar Landssamtök sauðfjárbænda og sauðfjárbændur á Austurlandi bjóða til veislu í Mörkinni á Hallormsstað. Þar verður grillað



lambakjöt og tónlistarfólk skemmtir gestum á sviði.

Um hádegi á laugardag hefst svo sjálfur Skógardagurinn mikli með Skógarhlaupinu þar sem hlaupnir verða 14 kílómetrar um skógarstíga. Skráning hefst kl. 11 en ræst verður kl. 12. Einnig er í boði skemmtiskokk, 4 km hlaup fyrir alla, sem ræst verður kl. 12.15.

Íslandsmeistaramót í skógarhöggi

Formleg dagskrá hefst síðan klukkan 13 í Mörkinni Hallormsstað með Íslandsmeistaramótinu í skógarhöggi. Þar er heitasta spurningin hvort hraustir skógarhöggsmenn eystra ná titlinum aftur austur, en sigurvegari í fyrra var Örn Arnarson, sem keppti fyrir Skógrækt ríkisins á Suðurlandi.

Skógar- og nautabændur bjóða upp á heilgrillað naut og með því, grillaðar verða pylsur en líka soðið ketilkaffi og steiktar lummur að hætti skógarmanna. Af skemmtiatriðum má nefna Héraðsdætur og Liljurnar, Þjakk og Petru og hestaleiguna á Hallormsstað sem sér um að teyma undir börnum svo eitthvað sé nefnt.

Skógardagurinn mikli er samvinnuverkefni Skógræktar ríkisins, Héraðs- og Austurlandsskóga, Félags skógarbænda á Austurlandi, Barra gróðrarstöðvar og Skógræktarfélags Austurlands. /MDÞ

Minkaskinnin lækka enn í verði

– ekki áhyggjuefni að svo stöddu segir ráðunautur

Skinnaverð hélt áfram að lækka við upphaf júníuppbóðs Kopenhagen Fur uppboðshússins sem hófst á þjóðhátíðardaginn. Á þessu uppboði má gera ráð fyrir að um 45.000 íslensk skinn verði boðin upp, eða á milli 25 til 30 prósent af íslensku framleiðslunni að sögn Einarssonar loðdýraræktarráðunauts.

„Þetta er öll flóran, allir litir og allar tegundir. Skinn hafa lækkað á síðustu uppboðum, í Toronto í Kanada og í Helsinki, um 20 til 25 prósent. Það sem búið er að selja það sem af er uppboðinu núna hefur fallið um 9 til 18 prósent.“

Það þýðir að sögn Einarssonar loðdýraræktarráðunauts að skinnnaverð er komið talsvert undir framleiðslukostnað. „Ef við gefum okkur að botninum sé náð núna þá gæti meðalverð fyrir árið endað í 4.500 til 5.000 krónum á meðan að framleiðslukostnaðurinn er 7.000 krónur.“

Einar segir þó að þessi lækkun



Skinnauppboð í Kaupmannahöfn. Mynd / HKr.

eigi ekki að vera áhyggjuefni fyrir íslenska minkabændur, ekki að svo stöddu. „Þetta er bara eins og þessi bransi er og menn standa þetta af sér. Áhyggjuefnið í mínum huga er fyrst og fremst framleiðslukostnaðurinn. Hann hefur hækkað óhemjumikið síðustu ár og við stöndum orðið bara jafnfætis eða erum með hærri kostnað en í nágrannalöndunum. Við verðum að bregðast við þessari þenslu í þjóðfélaginu sem veldur þessu ef ekki á illa að fara, bæði í okkar geira og annars staðar.“ /fr

Nýr formaður norsku bændasamtakanna

Lars Petter Bartnes var kjörinn nýr formaður norsku bændasamtakanna, Norges bondelag, á ársfundi samtakanna sem fór fram í byrjun mánaðarins í Lillehammer. Hann tók við af Nils T. Bjørke, sem er íslenskum bændum að góðu kunnur.

Lars er 45 ára gamall kúbóndi sem stundar einnig nautaeldi, kjúklingaeldi og kornrækt. Hann sat í stjórn samtakanna á árunum 2008 til 2013 og hefur einnig setið í stjórn Nortura, sem er afurðfyrirtæki með kjöt og egg, frá árinu 2004. Bartnes er menntaður búfræðikandidat og býr í Steinkjer í Norður-Þrændalögum.

Bartnes þakkaði fráfarandi stjórn fyrir hennar góða starf. „Ég ætla mér að vinna áfram að því að halda



Leiðtogar Norges bondelag: Kristin, Lars Petter og Brita. Mynd / NB

Norges bondelag sem sterkum og skipulögðum samtökum,“ sagði hann í þakkarræðu.

Kristin Ianssen og Brita Skallerud voru endurkjörnar sem 1. og 2. varaformaður samtakanna. Kristin mun þar með hefja annað starfsár sitt en Brita hefur setið í fjögur ár. /fr



Úrsliti í A-flokki verða nú á laugardagskvöldinu en hingað til hafa þau verið endapunkturinn á mótinu á sunnudegi. Mynd / HKr.

Laugardagskvöldið verður mikil veisla

– Landsmót hestamanna á Hellu hefst 30. júní

Nú styttest í mánaðamótin þegar Landsmót hestamanna á Hellu verður sett. Hestamenn eru orðnir uppveðraðir yfir þessari hátíð sem að jafnaði er haldin annað hvert ár. Síðast landsmót var haldið í Reykjavík fyrir tveimur árum við misjafnar undirtektir en nú fer það eins og áður segir fram á Hellu í fimmta sinn en það var síðast haldið þar árið 2008.

„Ég hef góða tilfinningu fyrir þessu móti en það er spurning hversu fjölmennt það verði. Við erum að vonast til þess að þarna verði að lágmarki 10.000 manns. Það er hins vegar ómögulegt að spá í hvernig það mun verða því veðrið ræður svo miklu í þessum efnun, sem og stemmingin sem myndast. Ef það fer saman, gott veður og góð stemming, þá getum við endað í góðri aðsókn og það vonum við auðvitað“, segir Haraldur Þórarinnsson formaður Landssambands hestamannafélaga.

A-úrslit færð fram á laugardagskvöld

Spurður hvort hann haldi að eitthvað sérstakt muni einkenna landsmót nú nefnir Haraldur mikinn fjölda hrossa í kynbótasýningu. „Mér sýnist að það sé að koma mikill fjöldi kynbótahrossa til endurdóms. Það er hugsanlega vísbending um að það sé slök sala á hrossum núna og menn séu að koma með hross í dóm til að hækka þau og gera sölvuvenlegri. Þá sýnist mér að það verði óhemju spennu í kringum A-flokkinn í ár. Það eru komnir inn feikilega sterkir



Haraldur Þórarinnsson

hestar í þann flokk núna. Við erum líka búin að færa úrslitin í A-flokki á laugardagskvöldið, þetta hefur yfirleitt verið endapunkturinn á mótinu á sunnudegi, en nú verður þetta hápunktur laugardagskvöldsins ásamt töltkeppninni. Ég held að það megi bara enginn missa af þessu. Þetta verður algjör veisla.“

Aðspurður segir Haraldur að hann hafi þó ekki áhyggjur af því að minni stemming verði á lokadegi landsmóts þrátt fyrir að búið sé að færa úrslit í A-flokki. „Ég held að þegar menn verði komnir á mótið muni þeir horfa á úrslit í B-flokki líka. Sá flokkur hefur verið mjög sterkur undanfarin mót og það er mikil eftirvænting eftir honum. Fjörgangshestar eru mjög vinsælir í sölu og það er mikil eftirspurn eftir þeim og ég held að það verði mjög mikil spennu varðandi þá keppni.“ Haraldur segist mjög spennur, líkt og venjulega, fyrir því að fylgjast með ungu stóðhestunum. „Það er alltaf gaman að horfa á og spá í

framfarirnar í greininni og það er ekki síst greinanlegt í þessum flokkum.“

Viljum sjá sem frjálsasta hesta

Eins og þekkt er tók stjórn Landssambands hestamannafélaga ákvörðun um að banna notkun tungubogaméla með vogarafl í keppnum á vegum sambandsins. Haraldur segir að hann eigi ekki von á að það bann muni hafa áhrif á frammistöðu á mótinu. „Ef eitthvað er þá eigum við bara eftir að sjá betri eðlisgæðinga á mótinu. Þeir hestar sem við munum sjá ná árangri þarna eru bara virkilegir gæðingar. Við höfum kennt íslenska hestinn við frjálst fas og fleira og við ættum bara að vilja sjá hestana með sem frjálsastan búnað en ekki búnað sem er notaður til að þvinga fram óeðlilegan fótaborð og höfuðborð.“

Ánægja með beinar útsendingar

Samningar um beinar útsendingar frá mótinu náðust við Ríkisútvarpið og fagnar Haraldur því. „Það hafa verið skiptar skoðanir um hvort við eigum að senda út frá þessum mótum en ég er sannfærður um að svo sé. Þeir sem geta mætt, þeir mæta. Þeir sem ekki geta komist á svæðið af einhverjum ástæðum geta þá notið þess að horfa á í sjónvarpinu. Ég held að partur af því að efla hestamennskuna hljóti að felast í því að auka aðgengi að henni með sem mestum hætti.“ /fr

Stefnir í met í kynbótasýningum

Arion frá Eystra-Fróðholti með næsthæstu einkunn sem náðst hefur

Mikil spennu ríkir fyrir kynbótasýningar á Landsmótinu á Hellu sem hefst um mánaðamótin. Sýningar vorsins fóru fremur rólega af stað en það breyttist heldur betur og gera má ráð fyrir glæsilegum kynbótasýningum á mótinu. Um 80 hross hafa í vor náð 8,50 eða herra í einkunn fyrir hæfileika og þar af fóru 11 hross yfir 8,80 í einkunn. Þá stefnir í metfjölda í kynbótasýningum á Hellu.

Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, mun sinna störfum yfirdómara í kynbótadómum á komandi Landsmóti hestamanna. „Það stefnir allt í mjög sterka kynbótasýningu á landsmóti og mjög fjölmenna, líklega verður met slegið í fjölda kynbótahrossa. Alls hafa 281 hross náð lágmarkseinkunn inn á mótið, 101 stóðhestur og 180 hryssur. Auðvitað falla alltaf einhver hross út af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess að þeim verður teflt fram í gæðingakeppninni. Það má samt búast við að flest þau hross sem náð



Arion og Daniel Jónsson á LH 2012. Mynd / HHG

hafa lágmarkseinkunn mæti til dóms nú. Mestur fjöldi kynbótahrossa sem hafa komið til dóms á landsmóti var á mótinu á Hellu árið 2004 en þá voru sýnd 244 hross. Ég býst við því að það met verði slegið nú.“

Eyþór segir skýringar á þessari fjölgun geta verið ýmsar, meðal annars hafi nú verið sett lægri lágmark fyrir klárhross en alhlíðahross. „Síðan má nú bara ætla að ræktunin sé að skila árangri og góðum hrossum sé einfaldlega að fjölga.“

Hæst dæmda hrossið eftir kynbótasýningar vorsins er Arion frá

Eystra-Fróðholti, 7 vetra gamall klár undan Glettu og Sæ frá Bakkakoti. Arion hlaut 8,91 í aðaleinkunn og 9,25 fyrir hæfileika. Aðeins einn hestur hefur áður hlotið hærri dóm en það er gæðingurinn Spuni frá Vesturkoti sem á sínum tíma hlaut einni kommu hærri aðaleinkunn eða 8,92 og sömu einkunn og Arion fyrir hæfileika.

Daniel með 33 hross

Sýnandi Arions er Daniel Jónsson sem mun hafa í nægu að snúast á mótinu en hann sýnir 33 hross. Þó er ekki útilokað að einhverjar breytingar verði á mótinu sjálfu hvað varðar knapa því auðvitað er mikið lagt á menn að sýna slíkan fjölda.

Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvaða hestar verða sýndir með afkvæmum á mótinu að sögn Eyþórs. „Nú verður kynbótamatið uppreiknað eftir dóma vorsins og að því loknu verður spennandi að sjá hvaða hestar ná lágmarkum þar og hvernig þeir raðast til fyrstu verðlauna og heiðursverðlauna fyrir afkvæmi.“ /fr



Eigum **LELY** heyvinnuvélar til afgreiðslu strax



2 ÁRA VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ

Pantaðu Íslenskan bækling um LELY heyvinnuvélar á netfanginu: kristin@vbl.is

Tæknilega framúrskarandi vélar þar sem **GÆÐI** og **GÓÐ ÞJÓNUSTA** er í fyrirrúmi

Allar **LELY** vélarnar afhentar samsettar og heim á bæ



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



KUBOTA M108s

Ein bestu dráttarvélakaupin í dag

Í KUBOTA M108s sameinast tveir eftirsóknarverðir kostir, einfaldleiki og gæði. Vélin er laus við óþarfa rafmagnsbúnað en hefur þó allt það sem þrýða skal alhliða dráttarvél. Það eru fáar dráttarvélar sem standast KUBOTA vélunum snúning þegar kemur að lipurð og beygjuradius, enda er beygjuradius KUBOTA M108s vélarinnar einungis 4,7 m. KUBOTA M108s skilar aflinu mjög vel og þeir bændur á Íslandi sem eiga M108s eru allir sammála um það að olíueyðslan sé ótrúlega lág. Allt þetta og meira til er sönnun þess að það er leit að betri dráttarvélakaupum á Íslandi í dag. - Líttu við og kynntu þér þér þessar einstöku dráttarvélar



- ♦ 4ra stokka KUBOTA mótór
- ♦ 108 hestöfl
- ♦ Kúplingsfrír vendigír
- ♦ 32 gírar áfram / 32 gírar aftúrábak
- ♦ Kúplingsfrír milligír
- ♦ Loftkæling í húsi
- ♦ Loftpúðafjaðrandi ökumannssæti
- ♦ Brettakantar útfyrir afturhjól
- ♦ Ámoksturstæki með 3ja sviði, dempara, hraðtengi, EURO festingum og skóflu 2,05 m.
- ♦ Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
- ♦ 3 tvöföld vökvaúrtök (1 með stillanlegu flæði)
- ♦ Vökavagnbremsa
- ♦ Tveggja hraða aflúrtak 540 / 750
- ♦ Aflúrtak sett inn / tekið af með rofa
- ♦ Lipur og sparneytin alhliðavél sem hentar vel í íslenskan landbúnað.

KUBOTA M108s með samlitum ámoksturstækjum kostar aðeins frá kr. 8.590.000,- án vsk



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is og Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Byggðamálin komin á dagskrá

Lesendum Bændablaðsins eru færðar hamingjuóskir í tilefni þjóðhátíðardagsins og sjötugsafmælis íslenska lýðveldisins hinn 17. júní síðastliðinn. Þá er lesendum einnig óskað til hamingju með kvenréttindadaginn 19. júní, sem nú ber upp á útgáfudag blaðsins. Á næsta ári verða liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt hérlandis.

Athyglisvert er að lesa ræðu forsætisráðherra sem flutt var við hátíðarhöldin á Austurvelli að morgni þjóðhátíðardagsins. Þar gerði ráðherrann málefni landsbyggðarinnar að umtalsefni. Hann rakti þá búsetuþróun sem orðið hefur á landinu frá lýðveldisstofnun og fór yfir aðferðir Norðmanna til að tryggja dreifða búsetu. Það er löngu tímabært að íslenskir stjórnmálamenn setji fram alvöru áherslur í byggðamálum og einkar áhugavert að heyra áherslur forsætisráðherra. Í ræðu hans sagði meðal annars:

„Mikilvægast er þó að byggja upp sterka innviði á landsbyggðinni. Í velmegandi nútímasamfélagi þarf að tryggja fólki um allt land öruggar og greiðar samgöngur og fjarskipti, heilbrigðisþjónustu, menntun og aðra þjónustu hins opinbera. Það hlýtur líka að vera æskilegt og eðlilegt að opinber störf dreifist jafnar um landið en þau gera nú. Stór hluti af útlutnings- og skatttekjum samfélagsins verður til á landsbyggðinni. Það er eðlilegt að sú verðmætasköpun nýtist í meira mæli til fjárfestingar og uppbyggingar innviða.“

Það þarf ekkert að velkjast í vafa um að stefna forsætisráðherra í byggðamálum er mjög skýr. Í orðum hans felst viðurkenning á þeirri verðmætasköpun sem á sér stað á landsbyggðinni og mikilvægi þess að styrkja innviði og bæta búsetuskilyrði um allt land. Bændasamtökin fagna þessum orðum enda er skýr og öflug byggðastefna forsenda fyrir öflugum landbúnaði. Á búnaðarþingum undanfarin ár hefur umræða

um stöðu þeirra sem búa í dreifbýli farið vaxandi. Veikir innviðir samfélaga á landsbyggðinni og niðurskurður á grunnþjónustu er staðreynd sem nauðsynlegt er að bregðast við. Viðhald vega á landsbyggðinni er víða slæmt og hönnun og burðarþol gamalla vega er fjarri kröfum nútímans. Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu og löggæslu veldur miklum áhyggjum og óryggi hjá íbúum á landsbyggðinni. Sjálfsagðir hlutir eins og rafmagn, sjónvarp, nettenging og farsímasamband eru allt of víða í lélegu ástandi. Það einfaldlega gengur ekki upp í samfélagi 21. aldarinnar. Vissulega hefur mikið áunnist á liðnum árum í fjarskiptamálum en tækniþróun er mjög hröð og kröfur almennings miklar. Búseta í dreifbýli á að vera raunhæfur valkostur í frjálsu landi og óumdeildir eru ýmsir þeir kostir sem minni samfélög sveita og bæja hafa upp á að bjóða. Fjöldi fólks hefur enda áhuga á að njóta þeirra kosta. Við eigum að leggja stolt okkar í að möguleikarnir séu sem opnastir fyrir þá sem það vilja gera. Það skiptir máli fyrir þjóðina í heild.

Hins vegar eru oft deildar meiningar þegar rætt er um byggðamál. Þeir sem búa á landsbyggðinni gagnrýna oft á tíðum vaxandi skilningsleysi höfuðborgarbúa á aðstæðum þeirra sem búa í dreifðum byggðum. Þetta endurspeglast m.a. í umræðu um staðsetningu Reykjavíkurlflugvallar og forgangsroðun ýmissa samgönguverkfna. Í opinberri umræðu er það einnig gagnrýnt að landsbyggð annars vegar og höfuðborg hins vegar sé stíllt upp sem andstæðum pólum með ólíka hagsmuni. Í ræðu sinni ræddi forsætisráðherra einmitt þessi viðfangsefni:

„Það er öllum í hag að byggðaskilyrði séu góð um land allt. Þannig nýtast þeir möguleikar sem búa í þjóðinni og landinu best og það gagnast samfélaginu öllu. Höfuðborgarbúar hafa af því ríka hagsmuni ekki síður en þeir sem búa utan borgarinnar.“

Það er svo sannarlega hægt að taka undir

þessi orð forsætisráðherra. Bændasamtökin hafa ítrekað minnt á þau tækifæri sem eru til staðar til að auka matvælaframleiðslu á Íslandi. Til þess þurfum við að nýta með sjálfbærum hætti það landbúnaðarland sem aðgengilegt er um allt land. Ein af forsendum þess er að búseta í dreifbýli sé raunverulegur valkostur. Til þess þarf alvöru byggðastefnu. Vonandi er ræða forsætisráðherra upptaktur að aðgerðum í byggðamálum.

Landsmót hestamanna

Undirbúningur fyrir Landsmót hestamanna er nú á lokametrunum. Landsmót ehf., sem stendur að skipulagningu viðburðarins, er sameign Bændasamtakanna og Landssambands hestamannafélaga. Öflug markaðssetning hefur verið á mótinu undanfarið og miðar í forsölu hafa selst gríðarlega vel. Úrtökumót hafa verið haldin víða um land og ljóst að gríðarlegur fjöldi öflugra gæðinga er væntanlegur á mótið. Aldrei hafa fleiri kynbótahross unnið sér rétt til þátttöku á mótinu, en nú eru þau um 280. Ljóst er að ákvörðun fagraðs í hrossarækt um að setja sérstök lágmörk fyrir klárhross var skynsamleg og skýrir að hluta til þennan mikla fjölda. Enn fremur er það ljóst að mikil framför á sér stað í ræktun kynbótahrossa í landinu, en hluta aukningarinnar má vafalaust rekja til markviss kynbótastarfs hrossabænda.

Allt bendir til þess að landsmótið á Gaddstaðflötum við Hellu verði hið glæsilegasta og þegar hefur verið greint frá því að mótsstjóri hafi náð samningum um gott veður þegar mótið fer fram. Landsmót hestamanna er í senn uppskeruhátíð hrossaræktenda og hestamanna um allt land og er óhætt að segja að þar finni allir eitthvað við sitt hæfi. Við viljum hvetja sem flesta til að láta sjá sig á mótinu, sem stendur frá 30. júní til 6. júlí. Sú sérstaða sem íslenski hesturinn hefur á heimsvísu gerir það að verkum að Landsmót hestamanna er ekkert annað en heimsviðburður – haldinn í íslenskri sveit.

/SSS

LOKAORÐIN

Nýr vefur bbl.is



Eftir langa meðgöngu var nýr vefur Bændablaðsins opnaður í síðustu viku. Það er ánægjuefni fyrir okkur sem stöndum að blaðinu að bjóða lesendum upp á betri þjónustu á vefslóðinni bbl.is. Það er stefnan að setja sem mest af efni prentútgáfunnar inn á vefinn og auðvitað líka nýjar fréttir. Sem fyrr verður hægt að nálgast PDF af Bændablaðinu aftur í tímann en helsta breytingin felst í liprari framsetningu efnis á vefnum en áður var. Nú er bbl.is aðgengilegur í snjallsímum og spjaldtölvum þannig að enginn ætti að vera út undan þegar afla þarf upplýsinga úr málgagni bænda og dreifbýlis.

Með nýja vefnum mun blaðið marka sér skýrari stefnu í auglýsingum á vefnum. Nú geta auglýsendur valið á milli nokkurra valkosta sem þeir ættu hiklaust að nýta sér. Auglýsingastjóri Bændablaðsins mun sjá um sölu og kynningu á auglýsingaborðum og eru áhugasamir hvattir til að kynna sér verð og hagstæða skilmála. Þá mun birting á smáauglýsingum taka stakkaskiptum á nýja vefnum. Auðvelt er fyrir notendur að skrá auglýsingar í gegnum vefinn og greiða með greiðslukorti í gegnum örugga greiðslugátt Borgunar. Smáauglýsingar Bændablaðsins eru afar vinsælar og hafa þær aukist til muna að vöxtum undanfarin misseri.

Ástæða er til að þakka þeim sem unnu að endurgerð vefsins, en fyrirtækið Dacoda í Reykjaneshæ sá um forritun og uppsetningu. Hörður Kristbjörnsson hannaði útlit vefsins og starfsmenn útgáfu- og kynningarsviðs Bændasamtakanna, þeir Sigurður Már Harðarson og Freyr Rögnvaldsson, báru hitann og þungann af vefvinnunni í samvinnu við aðra starfsmenn BÍ.

Allar ábendingar um nýja vefinn og þróun hans eru vel þegnar á netfang blaðsins, bbl@bondi.is. Munum svo að „læka“ og deila!

/TB

Fríverslunarsamningar og viðskipti með búvörur

Ísland hefur í gegnum tíðina gert 26 fríverslunarsamninga við 34 ríki, ásamt öðrum EFTA-ríkjum, um afnám og/eða lækkun tolla á iðnaðarvörum, fiski og unnum og óunnum landbúnaðarvörum. Þessir samningar taka mið af samningum sem Ísland hefur gert við Evrópusambandið og yfirleitt er ekki samið um meiri tilslakanir á tollum en þar er gert. Þetta kom fram í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um tollfríðindi í kjöútflutningi rétt fyrir þinglok.

Fjölbreyttir samningar í gildi

Í svari ráðherra rifjaði hann upp hvaða samningar eru í gildi og hvers eðlis þeir eru. Árið 2005 gerðu Ísland og Færeyjar tvíhliða samning, svokallaðan „Hoyvíkursamning“, sem felur m.a. í sér gagnkvæma fríverslun með landbúnaðarvörur, en hann er mun víðtækari en hefðbundnir fríverslunarsamningar. Í júlí 2013 tók nýr samningur gildi



um innflutning á 600 tonnum af kindakjöti til Noregs, en hann leysir af hólmi eldri samning frá árinu 1969. Meginbreytingin er að nýi samningurinn gildir um allt kindakjöt, en eldri samningur var bundinn við kjöt í heilum og hálfum skrokkum og saltað kjöt. Árið 2013 var gerður fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína, en Alþingi hefur nýlega heimilað ríkisstjórninni að fullgilda þennan samning fyrir Íslands hönd. Gert er ráð fyrir að hann taki gildi 1. júlí 2014.

Samningi við ESB ætlað að glæða viðskipti með búvörur

Í mars 2007 tók gildi samningur Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli 19. gr. EES-samningsins

sem leysti af hólmi gamlan viðskiptasamning frá árinu 1972. Samningurinn fól í sér að tollar á ýmsar landbúnaðarvörur voru felldir niður í viðskiptum milli Íslands og Evrópusambandsins. Samningnum var ætlað að leiða til lægra verðs á innfluttum landbúnaðarafurðum á Íslandi og um leið skapa ný sóknarfæri til útlutnings íslenskra landbúnaðarafurða. Samningurinn er gerður á grundvelli 19. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en þar er kveðið á um reglulega endurskoðun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland og Evrópusambandið gerðu samning á grundvelli fyrrnefndar greinar. Í samkomulaginu felast m.a. gagnkvæmar niðurfellingar á ýmsum landbúnaðarvörum. Í samningnum felst einnig að tollfrjáls lambakjötskvóti Íslands er hækkaður úr 1.350 tonnum í 1.850 tonn. Þá fær Evrópusambandið tollfrjálsan kvóta til Íslands fyrir 100 tonn af nautakjöti, 200 tonn af svínakjöti, 200 tonn af kjúklingakjöti, 100 tonn

af ostum, 100 tonn af kartöflum og 20 tonn af rjúpum. Þá voru samþykktir gagnkvæmir 100 tonna tollfrjálsir kvótar fyrir pylsur. Ísland fékk aftur á móti 350 tonna tollkvóta fyrir smjör og 380 tonna innflutningskvóta fyrir skyr til ESB-landanna. Þá var um það samið að tollar á kjötvörum úr 2. kafla tollskrár yrðu lækkaðir, að meginreglu til, um 40% frá almennum verð- og magntolli.

Íslensk stjórnvöld hafa um alllangt skeið átt í tvíhliða viðræðum við Evrópusambandið um aukin gagnkvæm viðskipti með landbúnaðarvörur og standa vonir til þess að þeim viðræðum ljúki á næstu mánuðum.

Er þörf fyrir auknar tollaúvilnanir vegna útflutnings?

Ráðherra var einnig spurður að því hvort samningar um tollfríðindi svöruðu þeim þörfum sem aukin fullvinnsla og hugsanlegur útflutningur á ferskum afurðum hefði í för með sér. Svaraði hann spurningunni á þá leið að eftir því sem best væri vitað lægi engin slík

áætlun fyrir. Sala á kjötafurðum hefði verið spvipuð og undanfarin ár en væri þó nokkuð sveiflukennd eftir einstökum kjöttegundum. Innlend framleiðsla hefði ekki náð að fullnægja eftirspurn hér á landi í nautakjöti og einstökum hlutum svínakjöts. Kjúklingaframleiðsla hefði hins vegar náð að svara eftirspurn að mestu leyti. Framleiðsla lambakjöts hefði verið meiri en innanlandsmarkaði næmi til fjölda ára. Á síðustu árum hefði útflutningur kindakjöts verið á bilinu 2.500–3.000 tonn.

Í maí 2011 fóru Landssamtök sláturleyfishafa þess á leit við stjórnvöld að þau beittu sér fyrir samningum við Evrópusambandið um stærri tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir lambakjöt á markaði sambandsins. Núverandi innflutningskvóti er 1.850 tonn en óskað var eftir að kvótinn yrði aukinn í 4.000 tonn. Áhugi hefur einnig komið fram frá fulltrúum annarra kjöttegunda um útflutningskvóta fyrir svína- og kjúklingakjöt, sagði í svari Sigurðar Inga.

Líf og starf



Jóhanna Lind Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Rágjafarmiðstöð landbúnaðarins, kynnti fjárfestingarþörf og kosti í landbúnaði.



Landbúnaðarklasinn stofnaður

– Ekkert má trufla þá framfarasókn sem íslenskur landbúnaður þarf á að halda

Landbúnaðarklasinn var formlega stofnaður 6. júní síðastliðinn. Hugmyndin með klasanum er að tengja saman alla þá sem hafa tengsl í landbúnaði, í viðtækum skilningi. Fjöldi fulltrúa fyrirtækja og félaga með tengsl við landbúnað mætti í stofnfundinn sem haldinn var á Hótel Sögu.

Á fundinum hélt Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá Bændasamtökum Íslands, framsögu og fór yfir aðdraganda, tilurð og tilgang samstarfsins. Þá kynnti Jóhanna Lind Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Rágjafarmiðstöð landbúnaðarins fjárfestingarþörf og kosti í landbúnaði.

Kosið var í stjórn klasans og var Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, kosinn formaður. Unnið



Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, ávarpaði stofnfundinn og var kosinn formaður.



Tjörvi Bjarnason, sviðsstjóri hjá Bændasamtökum Íslands, hélt framsögu og fór yfir aðdraganda, tilurð og tilgang klasasamstarfsins.



verður að frekari útfærslu starfs landbúnaðarklasans í sumar og fram á haust.

Í máli Haraldar, sem ávarpaði stofnfundinn, kom fram að um mitt ár 2006 hefði stjórn Bændasamtakanna tekið þá meðvituðu ákvörðun að reyna að breyta umtali um íslenskan landbúnað og fara frá því að horfa á þrönga hagsmuni bænda og yfir í að tala um gildi landbúnaðar og umfang í atvinnulífinu. Í því skyni var samið við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um að meta umfang og starfafjölda í landbúnaði, ekki bara í frumframleiðslu heldur í afleiðdum störfum. Niðurstaða þeirrar vinnu sýndi að um 10.000 störf voru talin tengjast íslenskum landbúnaði. Í framhaldi af þeirri vinnu fór af stað bolti sem nú er orðinn að Landbúnaðarklasanum. Það er í samræmi við það sem tíðkast í löndunum í kringum okkar, að til sé sameiginlegur vettvangur bænda, félaga og fyrirtækja sem þeim tengjast. „Mikilvægi þess, á þessum tímamótum þegar við horfum fram á miklar breytingar og tækifæri í íslenskum landbúnaði, að við þéttum hópinn og sækjum fram saman er gríðarlegt. Við megum ekki láta neitt verða í vegi okkar til að trufla þá framfarasókn sem íslenskur landbúnaður þarf á að halda. Það eru ekki bara bændurnir sem þurfa að standa þar í stafni heldur líka þeir sem þjónusta landbúnaðinn,“ sagði Haraldur.

Upplýsingar og erindi af fundinum er að finna á bondi.is /fr

MÆLT AF MUNNI FRAM

Í síðasta þætti birtust fáeinar kosningavísur svona í tilefni nýafstaðinna sveitastjórnakosninga, og því rétt að spinna þann þráð ögn lengri. **Jón Pálmason** alþingismaður frá Akri gerði svofellda athugasemd við skrif Tímans í einhverju máli:

*Dregur grímu á dal og fjall,
daufa skímu veitir.
Leggur Tímans lygaspjall
líkt og hrím um sveitir.*

Sigfús Jónsson, þá bóndi á Laugum í Hraungerðishreppi, hélt Jón á Akri ekki í neinni stöðu til að bæta skrif Tímans:

*Þótt hann beiti brandi vökrum,
bragarópi og lygarími,
Jón af sínum íhalds-Ökrum
ei fær sópað Tímans hrími.*

Einhverju sinni fyrir bæjarstjórnarkosningar á Akureyri hafði **Jóhann bóksali Valdimarsson** límt úrklippu úr Degi innan á náðhússdyr þar sem tvö fyrirtæki deildu afnotum. Á úrklippunni úr Degi var framboðslisti Framsóknar þetta ár. Af því tilefni orti **Bjarni** frá Gröf:

*Jóhann gamli gleymir sér,
geymir Dag á stöðum
þar sem mesta þörfin er
á þunnum skeiniblöðum.*

Og eftir kosningarnar 22. maí 1966 orti **Bjarni** frá Gröf:

*Í kosningarnar Framsókn fór
feit og glöð í sínu vígi,
en uppskeran varð ekki stór
eftir svona mikla lygi.*

Og fyrir þessar sömu bæjarstjórnarkosningar 1966 orti **Rögnvaldur Rögnvaldsson**:

*Talið er, að látinn lifi,
líður Amen við það tjón.
Bænum finnst sem Bragi skrifi
beint í gegnum Sigurjón.*

Að þessum kosningum afstöðnum orti svo **Rögnvaldur**:

*Bragi sigur bar af Gísla,
blæða sárin mörg.
Áfram má við sjúka sýsla
systir Ingibjörg.*

Eitt sinn var **Pétur** á Hallgilsstöðum (Peli) á stjórnmálafundi í Reykjavík þar sem **Jón** á Akri og **Páll S. Pálsson** áttust við með kviðlingum. Þá orti Pétur:

*Víst er engum varnað máls,
víða er eldur falinn.
Jón frá Akri og Páll S. Páls
perlum dreifa um salinn.*

*Ef að Peli yrkir ljód,
allir fá að heyra.
Það er líkt og faðma fljóð
og fá svo ekkert meira.*

Að endingu koma svo vísur eftir **Jakob Ó. Pétursson** ortar eftir alþingiskosningar 1971:

*Kvíðum ei því sem koma skal,
kannske er gott að breyta til,
og vísast mun hetjan Hannibal
hjálpa og gera allt í vil.*

*Hljóðum allir Hannibal
á hljóðum rökkurkvöldum.
Séra Páll í Selárdal
sestur er að völdum.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

68 nemendur brautskráðir frá Háskólanum á Hólum

Alls voru 68 nemendur brautskráðir frá Háskólanum á Hólum föstudaginn 6. júní síðastliðinn við hátíðlega athöfn í Menningarhúsinu Miðgarði í Varmahlíð.

Nemendur á Hólum útskrifast frá hestafræðideild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og ferðamáladeild. Í fyrsta sinn var nemandi brautskráður með MA-próf í ferðamálafræði, Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir, og einnig var þetta í fyrsta skipti sem nemendur útskrifuðust með BS-próf í sjávar- og vatnalíffræði af sameiginlegri námsbraut Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Það voru þær Freydís Ósk Hjörvarsdóttir og Soffía Karen Magnúsdóttir.

Sjö nemendur voru brautskráðir með BS í hestafræði, af sameiginlegri námsbraut Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, en að þessu sinni var það Landbúnaðarháskólinn



Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, fyrir miðri mynd í fremstu röð ásamt útskriftarnemendum. Mynd / Guðmundur B. Eypórsson

sem annaðist brautskráninguna. Hóla- rektor ávarpaði viðstadda og deildarstjórar

fluttu auk þess stutt ávörp áður en þeir afhentu prófskírteinin. Að athöfn lokinni bauð skólinn

viðstöddum til kaffisamsætis, sem Ferðaþjónustan á Hólum annaðist.

Fréttir

Rjúpnastofninn styrkist

Rjúpnatalningar Náttúru-fræðistofnunar Íslands vorið 2014 sýna fjölgun víða um land. Samandregið fyrir öll talningasvæði var meðalfjöldun rjúpna 41% á milli áranna 2013 og 2014.

Þetta er í samræmi við niðurstöðu rjúpnatalninga vorið 2013, en þær sýndu að fækkunarskeið sem hófst 2009-2010 lauk eftir aðeins tvö til þrjú ár. Þetta er óvanalegt þar sem fyrri fækkunarskeið hafa varað í 5 til 8 ár og samkvæmt því átti næsta lágmark að vera á árunum 2015 til 2018. Fjölgun í rjúpnastofninum á árunum 2013-2014 er mismikil eftir landshlutum.

Rjúpum fjölgaði mest á Suðvesturlandi, Norðausturlandi og Austurlandi en á Norðvesturlandi




og Suðurlandi var fækkun eða kyrrstaða. Í sögulegu samhengi er langt í land með að rjúpnastofninn hafi náð fyrri hæðum. Mat á veiðipóli rjúpnastofnsins og nánari greining á ástæðum fjölgunar munu liggja fyrir í ágúst í kjölfar mælinga á varpárangri rjúpna, afföllum 2013 til 2014 og veiði 2013.

Banaslys verða oftast við bestu aðstæður

Flest banaslys verða á vegum í dreifbýli með hámarkshraða 90 km/klst. og við góðar aðstæður, þ.e. í björtu og á þurrum vegi.

Þetta kemur fram í gögnum frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Vegfarendur ættu að hafa þetta ofarlega í huga í byrjun sumars þegar bílum fjölga ört á þjóðvegum landsins. Munið að eftir því sem hraðinn er meiri, þeim mun alvarlegri verða slysin.



Verðþróun á ýmsum vörum


Gallabuxur hafa hækkað í verði um 183% á síðustu 17 árum

Hagstofa Íslands birtir á þriggja mánaða fresti verð á ýmsum algengum neysluvörum. Á listanum kennir ýmissa grasa en þar er meðal annars að finna algengar matvörur, fatnað og verð á þjónustu. Á vef Hagstofunnar er að finna samfellda talnaröð frá árinu 1997.

Meðfylgjandi mynd sýnir verðþróun á nokkrum völdum vörum frá maí 1997 til maí 2014. Á þeim tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 135%. Dæmi um vöru sem hækkaði nákvæmlega jafn mikið á sama tíma er bíómiði á venjulega sýningu, úr 559 kr. í 1.299 kr. Mest hefur stráskyur hækkað, úr 98 kr./kg í 400 kr./kg, eða um 308%. Strætisvagnafargjald fyrir börn hækkaði á sama tíma um 293% og fersk ýsuflök um 252%. Fatnaður hefur einnig hækkað mikið í verði,

t.d. hefur verð á gallabuxum hækkað um 183%. Innfluttar matvörur hækkuðu um 119% á tímabilinu en búvörur hins vegar um 100%. Sem dæmi hækkaði verð á 17% osti um 108%, eggjum um 93% og á heilum frosnum kjúklingi um 35%. Á hinn bóginn hefur verð á tómötum lækkað um 34%. Miklar framfarir hafa einmitt orðið í garðyrkjunni, með lýsingu árið um kring hefur nýting á ræktunarfleti hvers bús stóruaust á samt aukinni fjölbreytni í ræktun.

Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst að innlendar búvörur hafa hækkað mun minna en almennt verðlag síðustu 17 árin, líka þar sem nota mikið af innfluttum hráefnum og innlent vinnuafli eins og t.d. alifuglaafurðir. Þá ályktun má draga að mikil hagræðing og framfarir hafi orðið í landbúnaði á þessu tímabili. /EB



Súluritíð sýnir verðþróun frá 1997 til 2014.

Heimild: Hagstofa Íslands

Innflutningur á gömlu kjöti frá Ástralíu vekur spurningar

Óheimilt að gefa kjöti nýjar geymslupolsmerkingar

Heilbrigðiseftirlit Austurlands stöðvaði á sumardaginn fyrsta matreiðslu á innflutta nautakjöti í mötuneyti Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Í ljós kom að kjötinu sem hafði verið flutt hingað til lands sem frosið, eins og reglur kveða á um, hafði í upphafi verið pakkað í Ástralíu sem fersku kjöti. Tveimur dögum áður en geymslupól kjötsins átti að renna út, samkvæmt stimpli, var það fryst, því gefið nýr geymslupolsstimpill og það flutt til Íslands.

Komið hefur fram að kjötið stóðst salmonellupróf og það var frosið í tilskilda 30 daga áður en það var flutt til landsins. Því var ekki óheimilt að flytja það hingað. Aftur á móti taldi Heilbrigðiseftirlit Austurlands óheimilt að gefa kjötinu nýjan geymslupolsstimpil og stöðvaði



Kjöt.

Mynd / ÁP

því matreiðslu á því. Við þetta er innflytjandinn, Sælkeradreifing, mjög ósáttur, telur sig ekki hafa brotið nein lög og hyggst leita réttar síns.

Bændablaðið sendi fyrirspurn um málið til Matvælastofnunar, sem var svarað af Viktori Pálssyni, forstöðumanni lögfræðisviðs. Í svarinu kemur fram að samkvæmt

Elsta sundlaug landsins opnuð á ný á Flúðum

Gamla laugin, eins og hún er kölluð, er sundlaugin í Hverahólmanum nálægt Flúðum. Hún var gerð árið 1891 og telst elsta sundlaug á Íslandi.

Talið er að þar hafi verið baðstaður í aldaðir, en laugin var í landi Grafar þar sem þingstaður Hrunamannahrepps var til ársins 1894. Árið 1909 var fyrst haldið sundnámskeið í lauginni og síðan árlega til ársins 1947 þegar farið var að nota sundlaugina á Flúðum til kennslu. Notkun laugarinnar lagðist þá af en nú hefur hún verið endurgerð og tekin í notkun á ný með nýrri og glæsilegri búningastöðu.

Opíð er alla daga vikunnar frá kl. 12-22. Veffang er gamlalaugin.is.



Systkinin Halldór Fjalar og Þórey Þula í „gömlu lauginni“. Mynd og texti / MHH

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins býður heildstæða ráðgjöf í jarðrækt

Betri ræktun – auknar afurðir

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur nú kynnt nokkra ráðgjafarpakka til sögunnar. Einn þeirra er „Sprotinn“ sem er ráðgjafarpakki í jarðrækt.

Hann inniheldur heildstæða ráðgjöf í jarðrækt, aðstoð við jarðræktarskýrsluhald í jörð.is, viðhald og lagfæringu túnakorta, úttekt á ástandi ræktarlands, áburðaráætlun og ýmislegt fleira. Nánari upplýsingar um ráðgjafarpakka RML er að finna á vefnum rml.is.

Heysýnatökur og jarðvegsefnagreiningar

Nú þegar sumir bændur eru að ljúka við að bera á síðustu túnin en aðrir að hefja slátt er upplagt að skrá áburðarnotkun vorsins í jarðræktarforritið Jörð.is. Aðstoð við þá skráningu er meðal annars innifalin í Sprotanum. Jafnframt



Plægt að vori.

Mynd / ÁP

er nú rétti tíminn til að huga að skipulagi heysýnatöku í sumar eða haust og íhuga þörf á jarðvegssýnatöku. Niðurstöður efnagreininga á heyi og jarðvegi eru mikilvæg hjálpartæki við

bústjórn en sýnatakan þarf að vera vel skipulögð og markkviss.

Nánari upplýsingar um Sprotann gefur Sigurður Jarlsson, netfang sj@rml.is, símar 516-5042 og 892 0631.

Móttaka hafin á pöntunum vegna sauðfjárskoðunar 2014

Hinn 16. júní hófst móttaka pantana fyrir sauðfjárskoðun komandi hausts hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Eftirfarandi punktar eru til upplýsinga um fyrirkomulagið:

Hægt er panta skoðun inni á vefnum www.rml.is eða hafa samband við RML 516-5000.

Pantanir sem berast fyrir 15. ágúst eru forgangspantanir. Reynt verður eftir fremsta megni að verða við óskum þeirra sem panta fyrir þennan tíma en með skýrum fyrirvara um að raunhæft sé að láta það ganga upp gagnvart skipulaginu. Við skipulagningu þarf að reyna að sameina tvö sjónarmið, annars vegar að geta komið sem best til móts við óskir bænda og hins vegar að framkvæmdin sé sem hagkvæmust



og ferðakostnaður sem minnstur. Það er hagsmunamál, bæði fyrir bændur og RML, að hægt sé að halda niðri heildarkostnaði við verkefnið.

Í vikunni 18. til 22. ágúst verður gefin út dagskrá á vef RML sem byggir á þeim pöntum sem komnar eru og þar með línur lagðar varðandi skipulagið, þ.e. á hvaða

dögum ráðunautar eru á ferðinni á einstökum svæðum og hvar eru laus pláss.

Lagt er upp með að skoðunartímabilið sé frá 1. september til 17. október. Þeir sem panta utan þess tíma gætu þurfa að greiða 50% álag ofan á tímagjaldið, ef ekki næst að fylla á dagana á viðkomandi svæði.

Skoðunargjaldið er 5.000 kr. á klukkustund á hvern ráðunaut/mælingamann auk þess sem innheimt er komugjald upp á 5.000 kr. fyrir hvern bæ/stað sem farið er á.

Bændur er hvattir til þess að panta tímanlega og skoða lömbin sem fyrst eftir að þau koma af fjalli.

/Eypór Einarsson

STEYR-PUSTRARJARN, LYKKJUR OG JARNMOTTUR

STJÖRNUBLIKK

Swag og góð hjálandi.

Smíðuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJARN ALUSINK OG LITAD ALUSINK NYJUNG VATNSRÁS VEGGKLÆÐNINGAR OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK

Swag og góð hjálandi.

Smíðuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

KOPAR OG SINK KLÆÐNINGAR

STJÖRNUBLIKK

Swag og góð hjálandi.

Smíðuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl

- ✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
- ✓ 98 lítra vökvadæla
- ✓ Hægt að sameina vökvafæði fram í moksstærstæki
- ✓ 10 hestaflla aflaukning í CIS útfærslu

- ✓ Útskjótanlegur vökvalyftukrókur
- ✓ 6.500 kg. lyftigeta á beisli
- ✓ Fjögurra hraða aflúttak

- ✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
- ✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjöðrun
- ✓ Farþegasæti með öryggis-belti
- ✓ Topplúga úr gleri
- ✓ Öll stjórnstæki innan seilingar ökumanns

- ✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
- ✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar
- ✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-
- ✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar
- ✓ 2 handvirkar
- ✓ Auðvelt og þægilegt í notkun

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Öseyri 2 • 600 Akureyri

Donaldson Filtration Solutions

Dedication to Excellence Award 2004-2005

VÖKVAKERFISSÍUR

SMUROLÍUSÍUR HRAOLÍUSÍUR KÆLIVATNSSÍUR

LOFTSÍUR

Reki hf • Fiskislóð 57-59 • 101 Reykjavík

Sími 562 2950 • Fax 562 3760

Netfang: bjorn@reki.is • Vefsíða: www.reki.is

ÍSTEX®

ÍSLENSKUR TEXTÍLÍÐNAÐUR HF.

Ullarþvottastöð Ístex á Blönduósi verður lokað frá 1. júlí til 1. nóvember.

Ullarframleiðendur eru vinsamlega beðnir um að skila ull fyrir lok júní og tilkynna innlegg til Ístex.

Hægt er að skrá á bændatorgi eða með tölvupósti til istex@istex.is og í síma 566-6300.

Ekki verður hægt að skila eða skrá ull eftir 30. júní.

Hringgerðiseiningar

Hringgerði:
10 gerðiseiningar og 1 hliðeining:
393.900kr

BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI

Egilsbolti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500

Umsóknir um kaup á líflömbum

Þann 1. júlí rennur út umsóknarfrestur um flutning á líflömbum samkvæmt reglugerð nr. 550/2008 um flutning líflamba milli landssvæða.

Um leyfi til flutnings á líflömbum og kiðum er sótt á heimasíðu Matvælastofnunar.

MAST Matvælastofnun

Fréttir



Áburðarpoki Ekki er gert ráð fyrir auknu eftirliti í breytingum á lögum. Þar eru þó ákvæði um aukna ábyrgð fyrirtækja og hert refsíákvæði.

Hert lög um fóður og áburð

Á vordögum samþykkti Alþingi breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Breytingarnar fela meðal annars í sér aukna ábyrgð framleiðenda og bætt þvingunarúrræði Matvælastofnunar.

Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri matvælaöryggis- og neytendamála hjá Matvælastofnun, segir að um viðbót sé að ræða sem herði frekar á ábyrgð fyrirtækja sem framleiða eða flytja inn þessar vörur. Í þessum lögum eru skýrari ákvæði en fyrr um ábyrgð fyrirtækjanna á að efnainnihald og eiginleikar vörunnar séu í samræmi við innihaldslýsingar og leiðbeiningar.

Framleiðsla lyfjablandaðs fóðurs háð leyfi Matvælastofnunar

„Í lögnum eru ákvæði um tilkynningarskyldu fyrirtækjanna til Matvælastofnunar ef örverur greinast í framleiðslumhverfinu til dæmis í húsnæði eða á búnaði, áður náði þessi skylda einungis ef örverur greindust í fóðri eða í vinnslurás.

Það eru líka ákvæði um framleiðslu lyfjablandaðs fóðurs, komi til þess að slíkt sé nauðsynlegt. Er nú framleiðsla á slíku fóðri háð leyfi frá Matvælastofnun.

Með nýju lögnum bera áburðarfyrirtæki og stjórnendur þeirra nú hliðstæða ábyrgð á framleiðslu og söluvöru sinni og fóðurfyrirtæki. Þar er átt við ábyrgð á efnainnihaldi og öryggi áburðarins sem fyrirtækið framleiðir eða dreifir til notenda. Þar koma inn ákvæði um innköllun áburðar sé hann talinn

geta valdið hættu fyrir heilsu dýra og manna eða orðið þess valdandi að matjurtir eða dýraafurðir verði óhæfar til neyslu. Þessi ákvæði ná til alls áburðar hvort sem hann er innfluttur eða framleiddur hérlandis, sömuleiðis hvort hann er tilbúinn steinefnaáburður eða lífrænn – eins og molta, melta eða kjötmjöl,“ segir Valgeir.

Hert refsíákvæði

„Í þessum nýju lögum eru einnig hert á refsíákvæði um heimild til stjórnvaldssektar og annarra refsinga fari fyrirtæki ekki samkvæmt þessum lögum og eru þessi atriði tilgreind sérstaklega. Brot geta einnig verið kærð til lögreglu og skulu meiri háttar brot fara þá leið.

Nú eru komin í lög skýrari þvingunarúrræði gagnvart brotum. Hingað til hefur Matvælastofnun ekki haft ótvíræð ákvæði varðandi refsingar þegar fyrirtæki uppfylla ekki kröfur í löggjöf. Þau úrræði sem hafa verið til dæmis varðandi þessar vörur er að taka þær af skrá stofnunarinnar, þannig að ef fyrirtæki ætli að flytja sömu vöru inn aftur verður að endurskrá hana og síðan er dreifing hennar ekki heimil fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningum – og þær mælingar þurfa svo auðvitað að standast kröfur.“

Að sögn Valgeirs gera þessi nýju ákvæði ekki ráð fyrir auknu eftirliti Matvælastofnunar, en gefa stofnuninni fyrst og fremst aukin þvingunarúrræði við brotum.

/smh

Kúabændur á Suðurlandi ánægðir með grassprettuna:

„Sláttur svona snemma er ávísun á tvo eða jafnvel þrjá slætti í góðri tíð“

– segir Valdimar Guðjónsson, formaður kúabænda á Suðurlandi

Kúabændur á Suðurlandi eins og víðast hvar annarsstaðar á landinu eru ánægðir með grassprettuna þar sem af er sumri en margir byrjuðu að slá í byrjun júní, sem eru viku til hálfum mánuði fyrr en fyrir ári síðan en mjög gott vor hjálpar mikið til.

„Grassprettan á bestu spildum virðist með ágætum. Það er viss léttir á þessu svæði því aðeins er kal hér í túnunum. Langt er síðan borið hefur á því hér um slóðir, eða tæp 20 ár. Ég veit dæmi þess að plægt var upp 9 hektara tún á einum bæ hér í nágrenninu vegna þessa. En almennt mun góð spretta vonandi bæta upp dauða bletti í sumum spildum þannig að menn fái næg hey. Eins er sláttur svona snemma ávísun á tvo eða jafnvel þrjá slætti í góðri tíð. Hér á Suðurlandi er kalið misjafnt milli svæða en nokkuð ber á þessu víðar en í Flóanum. Lítið sem ekkert t.d. efst í uppsveitunum og eins þegar austar dregur, segir Valdimar Guðjónsson, kúabóndi í Gaulverjabæ og formaður Félags kúabænda á Suðurlandi þegar hann var spurður út í grassprettuna. „Mér heyrir heyskapur fara vel af stað hér á Suðurlandi. Ég veit

jafnvel af einum bæ hér fyrir austan mig í Rangárþingi þar sem fyrsta slætti er lokið takk fyrir. En almennt eru menn að sigla af stað. Sé komin næg spretta, þurrkur eða þurr á, eru bændur snöggir að ljúka heyskapnum með sífellt afkastameiri tækjum,“ bætti Valdimar við.

Gæði heysins

Valdimar er spurður um gæði heysins. „Þau eru vel viðunandi, enn sem komið er. Sprettan er þó óvenju snemma þetta vorið. Nú mega líka máttarvöldin fljótlega fara að dempa sig í útteilingu vætu hér sunnan heiða. Ég hitti fyrrverandi kennara á Hvanneyri og hann rifjaði upp að í sínum fræðum fyrir fáeinum áratugum var talað um skrið á vallarfoxgrasi svona viku af júlí. Til samanburðar þá virðist slíkt vera að gerast eftir örfáa daga nú í júní. Eftir skrið minnkar hratt krafturinn í grasinu og eftirsóknarverðast er að ná grasinu á blaðstigi fyrir hámjólka kýr.“ Valdimar segir það skipta mjög miklu máli að ná kröftugum heyjum fyrir kúabændur, ekki síst nú við þessar aðstæður þegar vörur þeirra seljast sem aldrei fyrr.



Valdimar að slá eitt af túnunum heima í Gaulverjabæ í Flóa.



Valdimar segir að framkvæmdahugur sé í kúabændum á Suðurlandi en hann hefur áhyggjur af stöðunni í framleiðslu nautakjöts.

Þakklátir neytendum

„Það er ágætt hljóð í kúabændum, fæstir af okkur sem nú stundum þetta stranga, 365 daga starf, á stöðugri vakt, höfum upplifað svona tíma. Er á meðan er, allavega. Við erum þakklátir íslenskum neytendum fyrir trygð við okkar vörur. Eins eru 100.000 fleiri munnar í mat hérlandis en í fyrra, og munar um minna,“ segir Valdimar þegar hann var spurður út í hljóðið í kúabændum í upphafi sumars. Þegar hann talar um 100.000 fleiri munna er hann að vísa í erlendu ferðamennina.

Kúabændur í framkvæmdahug

Margir kúabændur eru að stækka fjós sín eða jafnvel að byggja ný til að mæta mikilli eftirspurn eftir mjólkurafurðum. Þetta þekkir Valdimar. „Já, hér í nágrenni við mig er nokkur framkvæmdahugur.



Hér má sjá dæmi um slæma kalbletti í túni fyrr í vor í Flóanum, en slíkt hefur ekki sést í tæplega 20 ár.

Nýtt kúafjós fyrir mjaltþjón að rísa á bænum Smjördölum en það er límtreshús með áburðarkjallara. Einnig er verið að byrja að byggja í nágrenni við mig nýjar viðbyggingar við eldri fjós til að bæta og auka uppeldisaðstöðu. Síðan er hugur í mönnum austur í Rangárþingi sem er bara gott mál.“

Áhyggjur af nautakjötinu

Valdimar var að lokum spurður hvort það væri eitthvað sérstakt að plaga kúabændur þessi misseri. „Já, áhyggjuþefnið er staðan í framleiðslu nautakjöts. Það er auðvitað afleit staða að ná engan veginn að anna innlendra eftirspurn. Nú sem af er ári telst búið að flytja inn kjöt fyrir á þriðja hundrað milljónir. Ég hefði viljað sjá þær krónur og þessa aukningu frekar fara í sveitir landsins og inn í okkar atvinnuveg,“ sagði kúabóndinn í Gaulverjabæ í Flóa.

/MHH

Sláttur með fyrra fallinu norðan heiða

„Heyskapur fer mjög vel af stað, hann byrjaði almennt nokkuð snemma og í heild sýnist mér að útlitið sér gott og er bara nokkuð bjartsýnn á að hefyngur verði góður,“ segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Sláttur hófst víða með fyrra fallinu, fyrstu vikuna í júní voru þó nokkuð margir kúabændur í Eyjafjarðarsveit þegar farnir að slá. Sigurgeir segir að menn hafi ef svo má segja stokkið af stað þegar fáir dagar voru liðnir af júní mánuði og það þykir bara ágætt að geta byrjað svo snemma. „Stór hluti kúabænda frammi í Eyjafirði byrjuðu slátt á



Sigurgeir Hreinsson

Kal á einstaka bæjum

Nokkuð var um kal í túnunum á einstaka bæ í byggðalaginu, m.a. í Hörgárdal og Öxndal og eins við utanverðan fjörðinn og inn í Svarfaðardal. Þar virðist lega túna skipta máli, en á liðnum vetri var gjarnan snjókoma til fjalla, slydda niðri í byggð og eins konar krapir þar á milli. Tún sem staðsett eru á þessu millibilssvæði voru líklegust til að skemmast af völdum kals.

Hann segir að heyskapur gangi yfirleitt hratt og vel fyrir sig þegar hann hefst, enda búi flestir með góð tæki og tól nú til dags.

Fyrr á ferðinni en í meðalári

Í Suður-Þingeyjarsýslu hóf Sigurður Hálfðánarson bóndi á Hjarðarbóli í Aðaldal slátt 11. júní sl. fyrstur bænda í Þingeyjarsýslu. Fleiri fylgdu fljótt í hans fótspor að því er fram kemur á vefnum 641.is, en þar eru nefndir til sögunnar

Marteinn á Kvíabóli sem hóf heyskap fyrir síðustu helgi og Sveinbjörn Sigurðsson á Búvöllum hefur slátt á laugardag. Guðný Gestsdóttir og Aðalgeir Karlsson bændur í Múla 2 í Aðaldal hófu einnig slátt fyrir helgi og man Guðný ekki til þess að sláttur hafi verið hafinn svona snemma áður. Að sögn Guðnýjar var komið nægt gras á túnin og horfurnar góðar.

Nefnt er á vefsíðunni að tíðarfarið hafi verið með eindæmum hagstætt væri líklegt að flestir bændur hefji slátt mun fyrr en í meðalári.

/MDD

Belgagri



Maggots lírfueitur

Sérstök formúla fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Alifuglahúsum
- Fjárhúsum
- Hesthúsum
- Fjósum
- Loðdýrabúum
- Svínabúum

Hentar einnig í kringum sorp og sorpeyðingarstöðvar.



Streymi heildverslun ehf.

Goðanesi 4 | Akureyri

streymi.is | 588 2544

Allt annað líf með Femarelle undraefninu er loksins verkjalaus!

Mér hafði ekki liðið nógu vel í svo-lítinn tíma, ég er á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þyngst vegna lyfjanna og hef ég einnig verið með gigt og haft verki vegna þess. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk. Mér fannst ekki gott að vera innan um hávaða og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi. Vegna sykursýkinnar og skjaldkirtilssjúkdómsins, þá hef ég svitnað mjög mikið þó ég hafi ekki verið í áreynslu. Það var þannig að ég þurfti að skipta um bol þrisvar á dag, og var ég líka alltaf sveitt á höfðinu. Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið. Ég las umfjöllun í blaðinu um Femarelle, og leist vel á að prófa náttúrulega og hormónalauslausa meðferð sérstaklega þar sem ég sá að þau geta linað verki. Ég hef núna notað Femarelle undanfarna mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf!

Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn og í sund og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega.

Mér er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð. En eftir að ég hafði verið á Femarelle í um það bil 6 mánuði þá fann ég að ég var hætt að svitna eins og ég gerði daglega, og get núna verið í sama bolnum allan daginn.

Núna segja börnin mín og tengdabörn að ég sé orðin svo lífleg og hress og ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst 11 kíló án þess að reyna það, vegna þess og ég get hreyft mig óhindrað.

Ég er svo ánægð með Femarelle hylkin, mér líður svo vel af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.

Takk fyrir kærlega,
Eva Ólöf Hjaltadóttir



Eva Ólöf Hjaltadóttir

Hefði ekki trúað því að Femarelle virkar svona vel nema prófa það sjálf

Ég var aðeins rétt um 40 ára þegar einkennum breytingaskeiðsins hófust hjá mér. Ótrúlegt að vera svo ung og upplifa einkennum sem 50 ára konur eru að upplifa. En vinnufélagar mínir fengu helst að finna fyrir því að ég var alltaf í hitakófi og opnaði alla glugga upp á gátt þegar ég var á skrifstofunni.

En ég hef alltaf verið skapgóð og kát, þannig að breytingaskeiðið var ekki alveg týpískt hjá mér. Helst voru það svefntruflanir og hitakófin sem voru að angra mig, ég var alltaf kafrjóð í framan, sveitt og að kafrna úr hita.

Þegar mér bauðst að prófa Femarelle í mánuð, þá tók ég því með matulega mikilli alvöru, ég prófaði og vildi sjá til. Ég byrjaði, hætti, byrjaði aftur, fann góðan mun, og svo þegar ég byrjaði aftur á þriðja pakkanum á nokkurra mánaða tímabili, þá fann ég það fyrir alvöru hve vel Femarelle virkaði á mig. Ég vildi bara ekki trúa því fyrst. Ég fann líka mikinn mun á því hvað ég náði að sofa betur, þar sem ég átti ekki Femarelle í nokkra daga, þá gat ég merkt muninn. En núna finn ég hvað það gerir mér gott og ætla því að halda áfram.

Takk fyrir
Björk



Femarelle nýtt útlit

Fann fljótt mikinn mun

Mig langar að deila með ykkur reynslu minni af Femarelle.

Ég byrjaði á breytingaskeiðinu fyrir 7 árum og hef verið á 3 tegundum af hormónalyfjum, ég þurfti að skipta um hormónalyf. Ástæðan fyrir því var að ég þurfti að skipta var sú að lyfin hentuðu mér ekki, ég fékk aðeins meiri vanlíðan af þeim og var svo komið að ég átti erfitt með svefn, svitnaði mjög mikið og var með mikla skapbresti.

Því ákvað ég að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau virkuðu ekki á mig. Þá fór ég að lesa mér til um á Internetinu og rakst þá á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka, því það sakaði ekki að reyna eitthvað annað. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á mér, ég fór að sofa betur. Nú er ég hætt að svitna á nóttuni, skapið er miklu léttara og hef mun meiri orku en áður.

Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu.

Takk fyrir
Bryndís Guðmundsdóttir

Mjög ánægð með Femarelle



Selma Björk
Grétarsdóttir

Ég frétti af Femarelle hjá systur minni sem hefur notað vöruna með góðum árangri. Ég ákvað að prófa þar sem ég var byrjuð að finna fyrir nokkrum einkennum sem voru lýsandi fyrir breytingaskeiðið en samt var ég bara 42 ára.


Ég fann fyrir svefntruflunum, verkjum um líkamann og skapsveiflum. Það var alveg ótrúlega fljótt sem ég fann góð áhrif af Femarelle, því að eftir aðeins 2 daga var ég farin að sofa betur!

Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, því að skapið hefur lagast og verkirnir minnkað. Mér líður mun betur og er sáttari með sjálfa mig.

Takk fyrir
Selma Björk Grétarsdóttir

Sofðu rótt í alla nótt

- Til margra alda hafa jurtir verið notaðar til að leysa svefnvandamál. Slakandi áhrif af laufblöðum Sítrónu Melissu (Citron Melissa extract), eru þekkt og hefur jurtin verið notuð í te eða olíur til að laga meltingaóþægindi og sem taugaslakandi. Kamillan er vel þekkt sem róandi og blanda af B vítamínum og magnesíum er vöðvaslakandi.
- Melissa Dream™ er taflan sem þú þarft til að viðhalda góðum og endurnærðum svefni. Einstök samsetning – með náttúrulegum efnum og vítamínum.



Takið 2 töflur 1 klst fyrir svefn.

Láttu sólina kyssa þína fallegu húð

Frábær nýjung, Perfect Tan sem inniheldur Mandarin extract og Mandarin olíu, Polemo extract, Kapers extract, svartan pipar, Kopar, C vítamín. Öll innihaldsefni eru náttúruleg sem hafa verið þurrkuð og meðhöndluð á þann máta að virku efnið varðveitast mun betur.

- Sólartaflan sem hentar öllum
- Veitir vörn gegn sólarexemi
- Styrkir húðina í sól
- Vörn gegn öldrun
- Veitir eðlilegan húðlit í sól

Notkun: Takið 2 töflur á dag, í 4 vikur áður en farið er í sól. Perfect Tan eykur líkurnar á falgri húðlit í sól. Þegar sólín skín á húðina þá örvast melanín frumurnar í húðinni.



IceCare
Þín heilsa

Þú finnur okkur á:



Fréttir



Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:

Nautsskrokkurinn á milljón?

Smjórið og rjóminn, skyrið og mjólkinn seljast sem aldrei fyrr. Enda koma nú læknavisindin fram og segja smjórið hollustuvöru og mæla með því. Bændur hafa ekki undan að mjólka sínar kýr og Mjólkursamsalan heitir fullu afurðastöðvaverði á alla umframmjólk. Aldrei hefur verið framleidd jafn mikil mjólk og nú þannig að kýrin svarar kalli og bændur kunna til verka. Við vitum loksins að það er sykurinn og hvíta hveitið sem hefur hlaðið þessa þjóð þyrnum (tonnum), áhyggjurnar snúa ekki síst að ungri kynslóð sem verður að endurskoða mataræði sitt og gospamb. „Maður er það sem maður borðar,“ sagði gamla fólkið og svo ber að hreyfa sig bæði í gönguferðum og World-Class og okkar frábæru sundlaugum. Eitt verða þó kúabændur að muna og það er að standa saman. Kvótakerfið, þótt gallað sé, hefur skilað þeim betri stöðu en oft var á offramleiðsluárunum. Áður en varir verður birgðastaðan komin í jafnvægi og umframmjólkinn ekki greidd á fullu verði. Nýjan búvörusamning ber því að gera innan tíðar bæði í mjólk og kjöti þar sem umgjörðin verður áfram bæði bændum og neytendum hagstæð.

Nautsskrokkurinn á milljón?

Nú er vöntun á íslensku nautakjöti, bændur anna ekki eftirspurninni sem ekki er gott. Í fyrsta lagi er verðlag á nautakjöti til bóndans of lágt. Búvörusamningurinn frá 2004 markaði þessari grein of lítinn stuðning þótt gripagreiðslur komi aðeins til hjálpar. Allt of fáir bændur hafa veðið á nautabúskap sem aðalbúgrein, nautið hefur verið aukabúgrein og að mörgu leyti hornreka í íslenskum landbúnaði. Nautabúskapur hlýtur að vera mjög skemmtilegur að segja geri nautið í blóðið sitt, verðið er of lágt miðað við tilkostnaðinn. Það

var bara „fallegt á Hvítárvöllum þegar vel veiddist“, þannig er nú lífið. Í upphafi Íslandsbyggðar voru bændur hér ekki síst nautabændur, voru það kálfsskinninn sem sagnþjóðin þurfti í handritin? Með fjölgun ferðamanna vex krafan um nautakjöt sem er sá hátíðarmatur sem margir ferðamenn vilja á diskinn sinn. Þeir eru ekki eins vanir lambakjöti eins og við. Og óvída er lambakjöt af þeim gæðaflokki sem hér er, ein besta villibráð í heimi eftir sumarlanga göngu lambsins í frelsi fjallanna. Nú spyr ég íslenska bændur stórrar spurningar. Er ekki jafn mikill og kannski enn stærri möguleiki að framleiða hér úrvalsnautakjöt til heimabruks og útflutnings ekkert síður en lambakjöt? Er möguleiki að hér verði nokkur hundruð nautabændur sem sinna nautakjötsframleiðslu svona með sama hætti og japanskir bændur? Mér er sagt að í verksmiðjunum í Bandaríkjunum selji bóndinn nautsskrokkinn á 18 hundruð dollara meðan japanskur bóndi selur dekrað og bjóralið nautið á 9 þúsund dollara skrokkinn. Já, íslenska nautið leggi sig á eina milljón gripurinn, eins og það japanska? Haukur Hjaltason, bisnessmaður og nautabóndi, taldi fyrir 30 árum að tvö til þrjú hundruð bændur gætu haft af slíkri starfsemi lífsbrauð sitt. Þá bjó hann í Austurkoti í Sandvíkurhreppi.

Hundurinn Hunter

Alveg eru þeir dæmalausir aular við höfuðdyr Íslands í Keflavík að missa hunda úr búrum sínum inn í landið. Lögreglunni og MAST ber að taka harkalega á þessum afgangi sem þarna eru framín. Þeim getur fylgt sú alvarlega staðreynd að sjúkdómar, þar á meðal hundæði, gæti borist til landsins.

Margt heillandi í ræktun og atferli býflugna:

Blómin ákvarða hunangsbragðið

Mikill uppgangur er í býflugna-rækt á Íslandi. Á síðustu fjórum árum hefur orðið mikil fjölgun í Býflugnaræktafélag Íslands (Bý), en upphafið er hægt að rekja til þess þegar Egill Rafn Sigurgeirsson, formaður félagsins, flutti heim frá Svíþjóð þar sem hann hafði komist í kynni við býflugnarækt.

„Ég bjó í ellefu ár í Svíþjóð við nám og störf og þar kynntist ég býflugnarækt. Einn yfirlæknirinn á deildinni minni sagði mér frá því að hann væri með býflugur og hann hefði fengið svo ofboðslega mikið hunang í búinu sínu – um 80 kíló. Ég hugsaði mér auðvitað gott til glóðarinnar, las eitthvert lítið hefti um býflugnarækt og ætlaði mér svo að fara að græða pening á þessu. Ég er að upplagi dálítill dellukall, þannig að um leið og ég fór af stað í þessari ræktun var ég orðinn alveg heillaður. Ég hef aldrei grætt neitt á þessu nema bara þá miklu ánægju sem ég fæ út úr þessu. Bæði eru flugurnar og þessi bú mjög heillandi og svo er hunangið mjög merkilegt líka.“

Árlega 20-30 á námskeiðum

Ég byrjaði sumsé árið 1988, keypti sveitabæ og hóf ræktunina þar. Fyrsta sumarið var ég með eitt bú en var með mest 13 bú. Ég kom svo heim 1998 með fimm bú og hélt býræktarnámskeið um veturinn árið eftir á vegum Mímis. Á það mættu átta manns og í kjölfarið var Bý stofnað. Síðan varð hæg fjölgun þangað til fyrir fjórum árum að mikil sprenging varð í áhuga – og á þeim tíma hef ég verið með milli 20 og 30 manns árlega á námskeiðum. Í sumar er útlit fyrir að félagar verði orðnir 100 talsins.“

Sjö tímar á ári – að lágmarki

En hversu mikið mál er það að vera með býflugur? Egill segir að vanalega sé talað um að það fari um sjö klukkustundir á ári í að hugsa um eitt býflugnabú. „Við eyðum samt miklu meiri tíma í þetta – því þetta er svo gaman! En ætli menn komist ekki upp með að eyða ekki meiri tíma ef þeir gera bara það allra nauðsynlegasta. Á sumrin þarf að kíkja í búin einu sinni í viku til að vera viss um að búin svermi ekki – en þá skiptir búíð sér og býr til nýja drottningu. Þetta gerist ef það er orðið of þröngt um þær í búinu. Drottning verður þannig til að einu eggi er verpt í hölf sem er stærra en önnur – svokallað drottningarhölf – og það egg er eins og önnur egg, getur orðið annaðhvort vinnufluga eða drottning. Svo mata vinnuþernurnar liffuna á svokölluðu drottningarhunangi – sem er reyndar ekki hunang heldur föðursafi sem myndast í munnkirtlum. Það má segja að þessi safi sé eins konar



Egill Rafn Sigurgeirsson er með átta býflugnabú við heimili sitt við Elliðavatn. Hér kíkir hann á einn rammann og reynir að finna drottninguna, svo hægt sé að merkja hana.

Mynd / smh

„sterabúst“ – þannig að þessar flugur þroska með sér líkamsbyggingu til að verpa eggjum og verða drottningar.“ Egill segir að stofnkostnaðurinn við að hefja býflugnarækt með eitt bú sé í kringum 200 þúsund – með nauðsynlegum útbúnaði inniföldum.

Blómategundirnar ákvarða bragðið

Hunang hefur um aldir þótt eitthvert hið mesta hnossgæti sem náttúran gefur af sér – og það var fyrsta sætuefnið sem mannkynið komst í kynni við. „Bragðið af hunanginu stýrist af því hvaða blómategundir býflugurnar sækja í. Hjá sumum býræktendum er mjög mikil sérhæfing og við þekkjum til dæmis akasíuhunang og rósmarínhunang. Það sem er talið vera eitt það besta og finasta í Evrópu er beitiylngshunang. Við eigum nú aldeilis nóg af því hér á landi og það er alveg mögulegt að færa flugurnar til eftir gróðurastæðum á hverjum stað. Það er hins vegar ekki alveg auðvelt að nýta sér beitiylngið og það gefur ekki af sér öll ár, því það þurfa að vera kjöraðstæður á svæðinu; rétt hitastig, vissst rakastig og svo auðvitað gott veður þegar það blómstrar. Hvítmárin er líklegast gjöfulasta blómið í okkar flóru, því bæði blómstrar hann lengi og mikið. Túnfífillinn er mjög mikilvægur líka – og það er rétt að taka fram að það er bannað að eitra fyrir honum. Allar víðitegundir eru líka góðar – sérstaklega á fyrstu vikum sumarsins.“ Til marks um það hvað íslenska íslenska flóran er notadrjúg segir Egill að hann hafi mest fengið um 60 kíló af hunangi frá einu bú. Hann segir íslenska hunangið afar bragðgott, en það sé að ýmsu leyti ólíkt því sem þekkest í heitari löndum.

Heillandi atferli býflugna

Að sögn Egils er margt heillandi í atferli flugnanna. „Það fékk einn

nóbelsverðlaun fyrir rannsóknir á svokölluðum býflugnadansi. Strax á morgnana fara ákveðnar flugur í leitarflug, sem getur spannað marga kílómetra, til að finna bestu blómasvæðin þann morguninn. Þær fljúga svo til baka í búíð og gefa hinum flugunum til kynna – með þessum dansi sínum og bragðprufum – hvert þær eigi að fljúga. Þessi dans gefur til kynna hver vegalengdin sé og í hvaða átt frá sólu stefnan sé. Það má svo vel vera að það sé eitthvað fleira sem þær gefa upp í dansinum sem við vitum ekki um.

Við þurfum að vera með svona 1.000 bú í landinu til að vera sjálfum okkur algjörlega næg með býflugur og drottningar – og við stefnum á það. Mikilvægur liður í því að við náum því markmiði er innflutningurinn sem við stöndum í núna í júní. Þá ætlum við að flytja inn frá Álandseyjum 120 býflugnapakka og 30 drottningar að auki. Þá verðum við komin með yfir 200 bú alls í landinu. Ástæðan fyrir því að við förum í þennan innflutning núna – og freistum þess að verða sjálfbær í okkar býrækt á Íslandi – er að nú er bara tímaspurning hvenær einhver asnast til að flytja óvart með sér bú til Álandseyja sem er sýkt af þessum illskæða varroa-maur. Hann myndi þá smita allan stofninn þar, en að því er ég best veit eru nú Álandseyjar og Ísland einu býræktarlöndin þar sem þessa óværu er ekki að finna. Við höfum sótt okkar stofn til Álandseyja á undanförunum árum og hann hefur reynst okkur mjög vel. Þetta er stofn – ræktaður fram af enskum munki um miðja síðustu öld – sem hefur þá eiginleika að gefa vel af sér af hunangi, með mikla mótstöðu gegn sjúkdómum og lifir vel af yfir vetrartímum. Þá er líka kostur að flugurnar eru ekki árásgjarnar, eins og aðrar tegundir hafa verið sem við höfum fengið frá Norðurlöndunum.“

/smh

Thermia / Danfoss varmadælur - Gæði og þjónusta

Thermia eru mest seldu jarðvarmadælnar á Íslandi, yfir 30 ára reynsla !



SWEP varmaskiptar í öllum stærðum á frábæru verði. Hægt að fá þá með eða án einangrunar.

Grundfos UPS hringrásadælar 25/60 og 32/80 á lager.

Hitatúpur með hringrásadælu, veðurstýringu og þenslukeri. Sjálfvirk loft og lágspennuvörn tryggir endingu. 3 ára ábyrgð

- Hafðu samband og við reiknum út fyrir þig mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.
- Höldum kynningar fyrir sveitafélög, sumarbústaðarfélög og aðra sem þess óska.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - HITAKÚTAR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBUÐNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SWEP**DAIKIN****GRUNDFOS**Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

* Samkvæmt prófunum á vegum Sænsku Orkustofnunarinnar



...stígðu næsta skref í stígvélum frá Bekina


CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl



CLAAS



- ✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
- ✓ 98 lítra vökvadæla
- ✓ Hægt að sameina vökvafloði fram í moksstærstæki
- ✓ 10 hestafla aflaukning í CIS útfærslu



- ✓ Útskjótanlegur vökvalyftukrókur
- ✓ 6.500 kg. lyftigetá á beisli
- ✓ Fjögurra hraða aflúttak



- ✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
- ✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjöðrun
- ✓ Farþegasæti með öryggisbelti
- ✓ Topplúga úr gleri
- ✓ Öll stjórntæki innan seilingar ökumanns



- ✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
- ✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar
- ✓ Rauður takki á mynd stýrir gírskiptingu +/-
- ✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar
- ✓ 2 handvirkar
- ✓ Auðvelt og þægilegt í notkun



VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Öseyri 2 • 600 Akureyri

VINNUVÉLAR OG TÆKI

SEM HENTA FYRIR VERKTAKA, SVEITAFÉLÖG, BÆNDUR OFL.

TIL AFGREIÐSLU STRAX

KLETTUR

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590 5100 | www.klettur.is

Hestakerrur til sölu

Eigum á lager mjög vandaðar hestakerrur

Ein sú flottasta, yfirbyggingin er úr áli, ryðfriú stáli og plasti.

Sjón er sögu ríkari.



ÁLGLUGGAR

• www.algluggar.is • Sími: 5 57 57 57

EHF

Belgagri

Twenty-One flugnaeitur

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Asameþifos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu



STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Matvælastofnun vill að einn aðili sjái um eftirlit með ræktun matjurta

Matvælastofnun (Mast) mun óska eftir því við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið að lagt verði fram frumvarp um að matvælalögum verði breytt í þá veru að eingöngu einn aðili sjái um matvælaeftirlit með ræktun matjurta.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birti nýverið skýrslu frá úttekt á eftirliti með ræktun matjurta sem fór fram í byrjun mars á þessu ári. Fram koma í skýrslunni ábendingar um þætti sem megi bæta við skipulagningu og framkvæmd eftirlits með matjurtum og áætlanir Mast og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um aðgerðir.

Ræktendur þarf að skrá

Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri á sviði matvælaöryggis og neytendamála, segir að eftir að matvælalögum var breytt hér á landi árið 2010 hafi öllum ræktendum matjurta í atvinnuskyni verið gert að skrá starfsemi sína. „Ræktunarhluti þessarar starfsemi var lítið skoðaður áður en matvælalögum var breytt, en við höfum nú ítrekað hvatt ræktendur matjurta til að skrá starfsemi sína hjá okkur svo sem skylt er. Þegar því verður lokið munum við skipuleggja eftirlitið í samræmi við það áhættuflokkunarkerfi sem nú er unnið að,“ segir Dóra.

Eftirlitsstofnunin gerir m.a. athugasemdir við að Matvælastofnun hafi sinnt takmörkuðu eftirliti með ræktun matjurta, en Dóra segir að sá hluti starfseminnar hafi í raun sætt takmörkuðu eftirliti fram að þeim tíma að matvælalögum var breytt.



Mynd / SFG

Stofnunin hefur fram að þessu skipulagt eftirlit og mælingar á leifum varnarefna í matjurtum og einungis sinnt eftirliti með ræktun matjurta hafi niðurstöður mælinga á varnarefnum gefið tilefni til slíks.

Betra að eftirlit sé á einni hendi

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur aftur á móti sinnt eftirliti með pökkun og dreifingu hjá þeim framleiðendum sem pakka matjurtum. Núgildandi lög kveða á um að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fari með eftirlit þegar kemur að pökkun og dreifingu en Matvælastofnun með eftirlit með ræktun matjurta í frumframleiðslu.

„Við munum nú, eftir heimsókn eftirlitsstofnunarinnar, óska eftir því að lögum verði breytt, það er betra að eftirlitið sé á einni og sömu hendi,“ segir Dóra.

Beiðni Matvælastofnunar þarf að taka til umfjöllunar í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og segir Dóra að tíma taki að breyta lögum. Þar til breyting ná fram að ganga muni stofnunin sinna áhættumiðuðu eftirliti með ræktendum matjurta. Tíðni eftirlits er ákvörðuð með áhættumati sem byggir m.a. á því magni sem framleitt er á hverjum stað og tegundum matjurta. */MPÞ*

Leiðrétting:

Gjald vegna dýraeftirlits

Matvælastofnun hefur sett fram tímabundið gjald vegna eftirlits með sauðfé og hrossum. Mun þetta gjald gilda þar til áhættuflokkun hefur verið tekin upp, sem áætlað er að verði um næstu áramót.

Gjaldið byggir á tímagjaldi skv. 8. gr. reglugerðar nr. 567/2012 um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar. Gjaldið er í samræmi við aðra gjaldskrá vegna eftirlits með dýrum, s.s. vegna

nautgripa, svína o.fl. Við útreikning á gjaldinu er stuðst við tiltekna verkþætti sem tengjast eftirlitinu, s.s. undirbúning, aksturstíma, eftirlit á staðnum, frágang og skýrslugerð. Til viðbótar við neðangreint gjald bætist við fast akstursgjald skv. ákvæðum 8. gr.

Í síðasta Bændablaði birtist röng tafla með upplýsingum um gjöld vegna eftirlits með sauðfé og hrossum. Meðfylgjandi er leiðrétt tafla.

Gjald fyrir hverja eftirlitsheimsókn

Sauðfé		Hross	
Fjöldi	Gjald	Fjöldi	Gjald
<50	16.696	<10	12.522
51-200	20.870	11-50	16.696
201-600	25.044	51-100	20.870
>600	29.218	>100	25.044

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR

GOTT ÚRVAL Í BOÐI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI? ÖRYGGISHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI ...

NB LANDBÚNAÐUR ehf. *NB Agriculture Ltd.*

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Sigrún Bjarnadóttir er nýr dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma:

Nauðsynlegt að halda vöku sinni gagnvart dýrasjúkdómum

Sigrún Bjarnadóttir hefur hafið störf sem dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun. Sigrún tekur við af Þorsteini Ólafssyni, sem starfað hefur um langt skeið hjá Matvælastofnun en hefur nú tekið til starfa sem dýralæknir á Nautastöðinni á Hesti í Borgarfirði.

„Ég er uppalin í Hafnarfirði en fðurfjölskyldan mín er frá Raufarfelli undir Eyjafjöllum, þar sem við erum með hross og smá sauðfjárbúskap. Ég hef verið mikið þar og sæki þangað enn,“ segir Sigrún, en þess má geta að jörðin Raufarfell er ein þeirra jarða sem fóru hvað verst út úr eldgosinu í Eyjafjallajökli.

Með sérhæfingu í framleiðsludýrum

Sigrún lærði dýralækningar í Kaupmannahafnarháskóla og útskrifaðist þaðan í fyrrasumar með sérhæfingu í því sem Danir kalla framleiðsludýr, en það eru nautgripir, sauðfé, geitur, svín, minkar og eldisfiskar. „Lokaverkefnið mitt var einmitt um áhrif eldgosa á Suðurlandi á sauðfé. Það er verkefni sem ég myndi gjarnan vilja halda áfram með og ég vonast til að geta haldið því lifandi meðfram starfi mínu hjá Matvælastofnun. Ég held að það sé mikilvægt að það verði kannað áfram enda eru þetta langtímaáhrif og mun það jafnframt skipta máli varðandi gos sem verða í framtíðinni.“

Sigrún tók verknám sitt nokkuð víða, úti í Danmörku og Írlandi, tvö sumur sem dýralæknir á Hellu og eitt á dýralæknastofu á höfuðborgarsvæðinu. Hún starfaði síðan sem eftirlitsdýralæknir á Suðurlandi þar til hún tók við nýju embætti. „Ég kem kannski ekki hokin af reynslu inn í þetta starf en á móti kemur að ég kem beint úr skólanum með allt það sem er nýjast í greininni á bakinu. Ég vonast til þess að með tímanum geti ég sameinað þetta tvennt.“



Sigrún Bjarnadóttir dýralæknir.

Mynd / smh

Mikilvægt að geitfjárræktin fái líka athygli

Jafnframt því að sinna nautgripum og sauðfé í starfi sínu sinnir Sigrún geitum. „Það er málaflokkur út af fyrir sig sem þarf að fá athygli og hlúa að honum. Það má ekki sofna á verðinu varðandi viðgang stofnsins, líkt og gerðist fyrir nokkrum árum. Þessi ræktun hvílir á herðum fárra einstaklinga og mikilvægt að hafa varann á.“

Þau verkefni sem Sigrún mun sinna eru að stuðla að heilbrigði nautgripa, sauðfjár og geita. „Hlutverk mitt felst meðal annars í því að halda utan um og skipuleggja sýnatökur og sjúkdómaskimanir á landinu. Allar ákvarðanir varðandi flutninga yfir varnarlínur koma þá inn á mitt borð. Ég veiti þá ráðgjöf til dýralækna, hagsmunasamtaka bænda og til bænda.“

Dýravelferð er sömuleiðis stór hluti af starfi sérgreinadýralæknis. Nýjar aðbúnaðarreglugerðir, bæði fyrir nautgriparæktina og sauðfjárræktina, eru nú í afgreiðsluferli og segist Sigrún vonast til að því ljúki sem fyrst og í sem mestri sátt.

/fr

Nýbygging í Gunnarsholti:

Þekkingarsetur Landgræðslunnar tekið í notkun

Ný og glæsileg aðstaða fyrir nemendur Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og aðra vísindamenn, innlenda og erlenda, var tekin í notkun í Gunnarsholti á dögunum. Að sögn Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra munu fyrstu nemendurnir dvelja á staðnum í sumar.

„Stefnt er að því að á öðrum árstímum verði þessi húsakynni nýtt fyrir vísindamenn sem ýmist eru í samstarfi við Landgræðsluna eða þátttakendur í vinnuhópum hjá Þekkingarsetri Landgræðslunnar sem verður rekið í tengslum við Sagnagarð, fræðslu- og kynningarsetur Landgræðslunnar. Enn fremur er stefnt að námskeiðahaldi í umhverfismálum í samstarfi við ýmsa aðila. Gunnarsholt hentar vel til slíkrar starfsemi. Hér er miðstöð þekkingar á verndun gróðurs og jarðvegs og á Rangárvöllum má lesa sögu aldalangrar landeyðingar og baráttu við hana,“ segir Sveinn.

Nafnið er Akurhóll

Runólfur Sveinsson landgræðslustjóri lét byggja embættisbústað í landi Gunnarsholts árið 1950, er hann nefndi Akurhól. Þar bjó hann með fjölskyldu sinni til 1954 þegar Runólfur fór af slysförum



Nýja húsið mun nýtast vísindamönnum og nemendum. Mynd / Anna K. Björnsdóttir

og fjölskyldan flutti suður til Reykjavíkur. Síðar sama ár keypti heilbrigðisráðuneytið húsið og landið í kring og stofnsetti Vistheimilið í Gunnarsholti fyrir drykkjusjúklinga, með því augnamiði að vistmenn ættu kost á að vinna við landgræðslu og búskapinn í Gunnarsholti. Á næstu árum var byggingin stækkuð. Ríkisspítalar önnuðust reksturinn og síðar LSH. Ríkisspítalar ráku einnig steypustöð og trésmiðaverkstæði þar sem vistmenn störfuðu. Þær byggingar standa enn.

Gömlu byggingarnar lúnar og ákveðið að byggja nýtt

LSH hætti rekstrinum upp úr

síðustu aldamótum. Síðan leigði heilbrigðisráðuneytið Götusmiðjunni húsnæðið sem rak meðferðarheimili fyrir unga vímuefnaneytendur. Þeirri starfsemi var hætt á árinu 2007. Sama ár afhenti fjármálaráðuneytið Landgræðslu ríkisins forræði og umsýslu húsanna, sem voru orðin mjög illa farin. Fasteignir ríkisins höfðu kannað aðstæður og töldu kostnað við að uppfylla kröfur um brunavarnir og heilbrigðismál vera slíkan að ekki væri gerlegt að kosta lagfæringar. Það var því að mestu rífið í desember 2007 og ákveðið tveimur árum seinna að byggja við þann hluta sem eftir stóð. Því nú lokið og húsið tekið formlega í notkun 11. júní 2014.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA

Meginniðurstöður ársreiknings 2013 í milljónum króna

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS 2013

Iðgjöld	587
Lífeyrir	-1.197
Fjárfestingartekjur	2.523
Fjárfestingargjöld	-92
Rekstrarkostnaður	-37
Önnur gjöld	-5
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.779
Hrein eign frá fyrra ári	25.559
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	27.338

LIFEYRISSKULDBINDINGAR SKV. NIÐUR-STÖÐU TRYGGINGAFRÆÐINGS 31.12.2013

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-677
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	-2,46%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-1.682
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-4,96%

KENNITÖLUR

Hlutfall eigna í íslenskum krónum	79,72%
Hlutfall eigna í erlendri mynt	20,28%
Fjöldi virkra sjóðfélaga 1)	2.592
Fjöldi lífeyrisþega 2)	3.578

- 1) Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddu iðgjald á árinu.
2) Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri.

ARSFUNDUR 2014

Ársfundur sjóðsins var haldinn í Bændahöllinni við Hagatorg 21. mars 2014.



EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2013 EIGNIR

Verðbréf með breytilegum tekjum	11.247
Verðbréf með föstum tekjum	13.339
Eignarhlutar í hluteildarfélögum	12
Veðlán	1.638
Aðrar fjárfestingar	202
Kröfur og aðrar eignir	986
Eignir alls	27.424
Skuldir	86
Hrein eign til greiðslu lífeyris	27.338

NAFNÁVÖXTUN

Nafnávöxtun	9,6%
Hrein raunávöxtun	5,6%
Hrein raunávöxtun sl. 5 ára	3,7%
Hrein raunávöxtun sl. 10 ára	2,2%

SJÓÐFÉLAGALÁN

Sjóðurinn veitir bæði verðtrygð og óverðtrygð sjóðfélaga lán í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 30 mkr. til allt að 40 ára. Ekkert hámark er vegna lána á fyrsta veðrétti að uppfylltum öðrum skilyrðum í lánareglum sjóðsins.

STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS BÆNDA

Skúli Bjarnason, formaður
Guðrún Lárusdóttir, Halldóra Friðjónsdóttir
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Örn Bergsson
Framkvæmdastjóri: Ólafur K. Ólafs

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - BÆNDAHÖLLINNI VIÐ HAGATORG - SÍMI 563 0300 - WWW.LSB.IS - LSB@LSB.IS

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvela



GÚMMISTEYPA D. LÁRUSSON EHF.

Gyflafliót 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



VB LANDBÚNAÐUR ehf. **VB Agriculture Ltd.** www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli. Láttu ekki stela af þér kútunum!



VTK BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vik ehf. / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Auglýst eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki

Bændasamtök Íslands auglýsa eftir umsækjendum um jarðræktarstyrki vegna framkvæmda á árinu 2014. Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir í Bændatorginu. Upplýsingar um skráðar spildur og stafræn tunkort eru sóttar sjálfvirk í JÖRÐ.IS. Umsóknarfrestur er 10. september 2014. Skriflegum umsóknum er einnig hægt að skila á skrifstofu Bændasamtaka Íslands.

Framlög til jarðræktar fara eftir verklagsreglum 708/2013um framlög til jarðræktar og hreinsunar affallsskurða staðfestum af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og fjalla um ráðstöfun fjármagns úr jarðræktarsjóði, skv. 5.gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998 og framlög til þeirra á árunum 2013 til 2017, dags. 28. september 2012 sbr. grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004, með síðari breytingum, og grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 25. janúar 2007, með síðari breytingum. Skilyrði þess að verkefni njóti framlags er að fram hafi farið úttekt sem viðurkenndir úttektaraðilar sjá um sbr. verklagsreglur 707/2013 um framkvæmd úttekta. Úttektum skal að jafnaði vera lokið fyrir 15. nóvember ár hvert og eru styrkir greiddir fyrir árslok. Í Bændatorginu má nálgast frekari upplýsingar um verklagsreglur um framlög og úttektir.



Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Aðeins það besta fyrir barnið þitt...

Eitt mesta úryal landsins af BARNABÍLSTÓLUM



MAXI-COSI



MAXI-COSI



Britax

Tryggingahafar Varðar og Tryggingamiðstöðvarinnar fá 20% afslátt af öllum bílstólum og base-um hjá okkur Við höfum 35 ára reynslu í sölu á barnavörum

Settu barnið í fyrsta sæti

Bíldshöfða 20 - Húsgagnahöllinni 110 Reykjavík - Sími: 552 2522
Opíð: Mánud. til föstud. 10-18 / Laugard. 10-16
Kaupvangsstræti 1 - Akureyri - Sími: 462 6500

Allt fyrir barnið **fifa**

DiBrowns

Simo

Britax

STOKKE

deemo

MAXI-COSI

Qim

BABYBJÖRN

BRIO

STEEKUR

Verið til friðs

Á efri unglingarárum mínum snerist lífið á sumrin um vinnu og skemmtanir. Í sveitinni var skemmtanaliðið fremur einfalt. Reglulega skelltum við okkur á böll í Miðgarði og í öðrum félagsheimilum í Skagafirði og það kom fyrir að við brugðum okkur á böll í næstu héruðum. Þá voru viðkomustaðirnir Sjallinn á Akureyri, Ýdalir í Aðaldal, félagsheimilið á Blönduósi og Víðigerði í Vestur-Húnavatnssýslu, svo dæmi séu tekin.

En útihátíðir eða bæjarhátíðir voru fátíðar á þessum árum. Stærsti viðburður hvers sumars í skemmtanaliði djammþyrstra ungmenna var verslunarmannahelgin. Þá þyrptumst við á útihátíðir hingað og þangað um landið, til Vestmannaeyja og Akureyrar til að mynda. Þetta voru svo sem ágætar skemmtanir en einkenndust auðvitað af öskrandi fylleri, uppbyggðri unglingagreddu, slagsmálum og almennum djöfulskap.

Á síðustu árum hefur útihátíðum og bæjarhátíðum snarfjölgað, svo mikið að það væri fast að því hægt að leggja í útleð yfir sumarmánuðina og þræða sig eftir þjóðvegum frá einni slíkrí hátíð til annarrar. Með því hefur vægi verslunarmannahelgarinnar töluvert minnkað. Fyrir 15 til 20 árum síðan var algjör goðgá að skella sér ekki á útihátíð þá helgi.

Hins vegar er það nú svo að þessar útihátíðir og bæjarhátíðir eru misjafnar. Sumar virðast hafa tekið í arf það versta og vitlausasta sem verslunarmannahelgin hafði (og hefur enn) að bjóða. Dæmi um þetta er Besta útihátíðin sem haldin var á Gaddstaðafloðum í byrjun júlí 2012. Þar tókst nokkur þúsund manns ekki að koma saman án þess að nauðgun væri kærð og allt logaði í slagsmálum. Ekki efa ég að megnið af þeim sem á hátíðina komu hafi skemmt sér vel, rétt eins og ég gerði um verslunarmannahelgar hér í denn. En þrátt fyrir mikla gæslu og forvarnir fyrir hátíðina fór þetta nú ekki betur. Aðstandendur Írskra daga á Akranesi hafa ævinlega gert sitt besta til að hún fari vel fram. Samt sem áður er það fastur liður að upp komi líkamsárásir og vesen á hátíðinni.

En það er ekkert náttúrulögmál að þetta þurfi að vera svona. Á þungarokkshátíðinni Eistnaflugi hefur aldrei komið upp nauðgun og það er hending að það komi til handalögmála. Sömu sögu má segja um tónlistarhátíðina Bræðsluna á Borgarfirði eystri. Á báðum þessum hátíðum er enda lagt út af því af hálfu skipuleggjenda að fólk skuli skemmta sér fallega. Eins og Stebbi Magg, skipuleggjandi Eistnaflugs, segir á hverju kvöldi hátíðarinnar: Ekkert fókking vesen, annars held ég aldrei aftur Eistnaflug.

Síðasta sumar fór ég á tónlistarhátíðina Glastonbury Festival í Englandi. Þar komu saman 130.000 manns og skemmtu sér í fimm daga undir tónum Rolling Stones, Portishead og annarra stórgóðra tónlistarmanna. Ekki einasta líkamsárás var kærð eftir hátíðina.

130.000 Bretar og gestir þeirra geta skemmt sér vandræðalaust á útihátíð. Gestir Bræðslunnar og Eistnaflugs geta það líka. Væri til of mikils mælst að gestir annarra íslenskra útihátíða gætu slíkt hið sama? /fr



Ágúst Sigurðsson, rektor Lbhí (t.v.), með útskriftarnemendum á Hvanneyri sem voru rösklega 70 þetta vorið.

Ljósmyndir / Áskell Þórisson

125 ár síðan skólastarf hófst á Hvanneyri

Landbúnaðarháskóli Íslands útskrifar stóran hóp nemenda

Landbúnaðarháskóla Íslands var slitið í tíunda skipti föstudaginn 6. júní síðastliðinn. Rösklega 70 nemendur háskólabrauta og búfræði voru útskrifaðir að þessu sinni. Athöfnin fór fram í Ásgarði á Hvanneyri. Starfsstöð Lbhí á Reykjum í Ölfusi – Garðyrkjuskólanum – var slitið fyrir nokkru, en þar voru útskrifaðir 35 nemendur. Þá er þess að geta að á sumardaginn fyrsta (á Skeifudaginn) voru 45 nemendur útskrifaðir úr Reiðmanninum, sem er námslína í endurmenntun Lbhí.

Ágúst Sigurðsson rektor minntist þess í ræðu sinni á Hvanneyri að nú væru 125 ár liðin síðan skólastarf hófst á Hvanneyri og 75 ár síðan Garðyrkjuskólinn varð að veruleika. Á næsta ári er liðin hálf öld frá því að Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hóf starfsemi, en Rala ásamt skólunum tveimur er grunnur

Landbúnaðarháskóla Íslands. „Þetta eru merkar vörður í sögu íslensks vísinda- og skólastarfs. Við getum rakið sögu bændamenntunar á Hvanneyri til þess er Hjörtur Hansson frá Hækingsdal í Kjós kom í skólann um Krossmessu vorið 1889, en skólaárið taldist þá frá miðjum maí til jafnlangdar næsta ár. Þá var skólastjórnin jafnframt eini kennari skólans,“ sagði rektor.

Þurfum að framleiða meiri mat

Ágúst gerði loftslagsbreytingar og hraða fjölgun mannkyns að umtalsefni í ræðu sinni, en ljóst er að framleiða þarf helmingi meiri mat í heiminum á næstu 50 árum en nú er gert. „Fólksfjöldun er ör og sífellt fleiri vilja borða jafn vel og Vesturlandabúar hafa tamið sér. Þetta verður að gera án þess að ganga frekar á gæði jarðarinnar. Það þarf að auka framleiðni verulega á sama



tíma og margt bendir til þess að skilyrði muni versna á stórum landsvæðum vegna loftslagsbreytinga. Staðan er ekki vonlaus – langt í frá. Nú sem endranær er best að treysta á hugvitið og velja árangursríkustu leiðirnar að



Útskriftarnemendur úr garðyrkjunáminu voru brautskráðir í lok maí á Reykjum í Ölfusi.



Ágúst Sigurðsson

settu marki. Þarna höfum við – starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands – mikilvægu hlutverki að gegna. Alveg tvímælalaust. Lágmarkið er að við sjáum okkur sjálfum fyrir nægum

matvælum, en því er spáð að Íslendingum muni fjölga um 30% fram til 2060. Við þurfum því að finna leiðir til þess að nýta það ræktarland sem við eigum sem betur fer nóg af og þetta þarf að gera með hagkvæmum hætti án þess að ganga á gæði landsins. Íslenskar landbúnaðarafurðir gætu orðið mikilvæg útflutningsvara en þá er nauðsynlegt að tryggja samkeppnishæfni þeirra. Það kallar eftir á mikil gæði og aukna framleiðni í greininni og þar hljótum við að hafa verk að vinna,“ sagði Ágúst.

Nokkur atriði um sýnatöku og mælingar í heyi

Fóðurefnagreiningar 2014

Heyskapur er nú fram undan og í sumum héruðum þegar hafinn. Margir bændur vilja vita hver gæði og samsetning er á gröffóðrinu sem þeir ætla að nota næsta vetur. Til upprifjunar og fyrir þá sem eru að taka heysýni í fyrsta sinn þá koma hér fáeinar upplýsingar um feril greininganna.

Hirðingarsýni eða sýni úr verkuðu heyfóðri

Fyrir þá sem ætla sér ekki að láta mæla fitusýrur og aðrar gerjunarafurðir (í votu heyi) eða vera þátttakendur í NorFor verkefninu varðandi fóðrun mjólkurkúa ættu að nota tækifærið og taka hirðingarsýni. Sé heyið forþurrkað í kringum 45-50% þurrefni er varla nokkur gerjun eða verunartap sem hefur hagnýtt gildi og þá eru hirðingarsýni ágætur kostur. Allra best er að taka sýnið með þar til gerðum heybor sem leiðbeiningamiðstöðvar hafa útvegað. Fyrir þá sem ekki hafa tök á heyborum geta tekið visk úr múgunum áður en rúllað er, taka sýnið innan úr múgunum, því yfirborðið gæti verið eitthvað þurrara. Gengið er þvert á múguna og tekin visk hér og þar þannig að sýnið endurspegli efniviðinn. Setja strax í góðan plastpoka og loka þétt, merkja vel og setja í frysti. Stærð sýnanna



fer eftir þurrkstigi, nægilegt er u.þ.b. 0,5 kg blautt hey, en um 0,3 kg fyrir þurrlegt (í rúmmáli u.þ.b. 1,5 til 3 lítrar). Merkimiðar hafa verið tiltækir hjá leiðbeiningamiðstöðvum, en fyrir þá sem ekki hafa miða tiltæka skal rifja upp helstu upplýsingar sem eiga að fylgja.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja

Tökudagur á sýni: Dagsetning.

Sendandi: Nafn bónda, heimilisfang og kennitala. Einnig búsnúmer. Netfang sendanda : Hægt að senda niðurstöður rafrænt.

Gerð sýna: Hirðingarsýni eða sýni úr verkuðu fóðri.

Auðkenni: Af hvaða túni, úr hvaða hlöðu, eða annað auðkenni fyrir sýnið.

Dagsetningar: Sláttudagur og hirðingardagur.

Sláttur: Fyrri sláttur eða seinni sláttur.

Verkunaraðferð: Þurrhey, vothey, rúllur, stórbaggar, græn fóður eða annað.

Við votheysgerð: Geta um hvort íblöndunarefni séu notuð, og hvaða efni.

Söxun: Er heyið fínsaxað, minna en 4 cm, grófsaxað (skorið) eða ósaxað.

Tegund: Skrá ríkjandi grastegundir, þarf ekki að vera mjög nákvæmt. Græn fóður: Tegund skal ávallt skrá (hافرar, rýgresi, kál eða annað).

Norfor: Mælingar fyrir NorFor forritið (kýr) (skrifa NorFor á blaðið)

Við hentugleika eru sýnin send til rannsóknastofunnar annað hvort við lok fyrri sláttar eða í heyskaparlok. Hægt er að senda sýnin í pósti og póstleggja þau fyrrihluta vikunnar þannig að sýnin lendi ekki í bið hjá póstinum yfir helgi. Einnig sjá leiðbeiningamiðstöðvar um að koma sýnunum til rannsóknastofunnar. Mælst er til að síðustu hirðingarsýni

verði komin inn til Lbhí fyrir **1. október**, og verkuð sýni fyrir **25. október**, sem þýðir að síðustu niðurstöður úr mælingatörninni liggja fyrir hjá bændum fyrir hluta nóvember.

Við hefðbundna greiningu hefur verið mælt: þurrefni, meltanleiki, útreiknað orkugildi FEM, prótein, tréni (NDF) og svo steinefni.

Verð fyrir viðbótargreiningar liggur ekki endanlega fyrir, en um samvinnu við aðra er að ræða. Munu verð birtast í heild hér í Bbl og víðar núna á næstunni.

Hvert á að senda sýnin?

Rannsóknastofu Lbhí, Hvanneyri, 311 Borgarnes sími 4335000 (beint Hvanneyri 4335044 eða Keldnaholt 4335215).

Móttaka sýna af Norðausturlandi er í Búgarði, Óseyri 2, 603 Akureyri sími 460-4477. Bændur geta sent sýni beint með pósti eða örum leiðum til Lbhí, eða óskað eftir því við leiðbeiningamiðstöðvar að annast það.

Netföng: Hvanneyri rannsokn@lbhi.is, Keldnaholt, tryggvie@lbhi.is, Búgarður ghg@bugardur.is.

Tryggvi Eiríksson,
Landbúnaðarháskóla Íslands



Hugleiðsla fyrir alla

Hugleiðslunámskeið 9.-13. júlí

Finndu þinn innri kraft með hugleiðslu er megininntak námskeiðsins sem mun hjálpa þér að finna tilgang, innri styrk, aukna orku og ástríðu fyrir lífinu og æðra sjálfí.

Námskeiðið mun gefa þér einstaka reynslu af hugleiðslu, hvort sem þú ert byrjandi eða hefur stundað hugleiðslu reglubundið. Auk dagskrár er innifalið: Gisting, ljúffengur og hollur matur, aðgangur að líkamsrækt, sundlaugum og baðhúsinu Kjarnalundi, skipulögð ganga, slökunartímar og vatnsleikfimi eða leikfimi. Leiðbeinandi er Tristan Gribbin, hugleiðslukennari.

Fimm daga námskeiðið, frá miðvikudegi til sunnudags, 9.-13. júlí kostar 119.900 kr. fyrir einbýli en 109.900 kr. á mann í tvíbýli. **Þriggja daga námskeiðið**, frá föstudegi til sunnudags, 11.-13. júlí kostar 65.000 kr. í einbýli en 59.000 kr. á mann í tvíbýli.

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 eða á heilsu@hnfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu





Girðingarefni á góðu verði

Girðingarnet 6 víra 85 cm 100 m, rúllan á kr. 13.800.-
Gaddavír 2*2.5 mm 200 m, rúllan á kr 7.300.-
Galv. járnstaurar Y-laga með götum, 2m stk á kr 1.290.-
Staurar kambstál 20 mm, 2m kr. 1.390.- stk
Stagvír galv. 4mm 25 kg rúllan á kr 7.700.-
Mótavír svartur 3 mm 25 kg rúllan á kr 7.200.-
Gerum tilboð í stærri pantanir
Öll verð með vsk.

Sendum frítt á flutningsaðila á höfuðborgarsvæðinu eða sækid til okkar að Lyngás 8 Garðabæ

Vír og lykkjur ehf

Lyngási 8 - 210 Garðabæ - Sími 772-3200
viroglykkjur@internet.is



Láttu Rekstrarland létta þér lífið

Hágæða vinnufatnaður í Rekstrarlandi

Það er mikilvægur hluti starfsins að vera vel búinn, til að geta leyst verkefni vel af hendi. Í Rekstrarlandi fæst þægilegur vinnufatnaður sem eykur starfsöryggi en efnin og verkfærin sem notuð eru tryggja síðan endanleg gæði vinnunnar.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða hjá útibúum Olís um land allt.







Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



lðnaðarryksugur

Fyrir bæði blautt og þurrt





Sjálfvirk hreinsun á síu

NT 35/1 Tact
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur.

NT 25/1 Ap
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur. Takki fyrir hreinsun á síu.

NT 55/1 Tact
Ryksugar blautt og þurrt
Fylgihlutir
2,5m 35mm barki, málmrör, 30mm gólfhaus og mjór sogstútur.

Tengill



RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Við hjálpum þér með garðinn

Vönduð ráðgjöf og vörur sem endast

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir og Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitektar (FILA), aðstoða þig við að gera hugmyndir þínar um fallegan garð að veruleika.

Hafðu samband í síma 412 5050

Fáðu ráðgjöf fagfólks til að laga draumagarðinn að þínum þörfum

Úrval af vörum sem gera garðinn eins viðhaldsfrían og kostur er



BM·VALLÁ
bmvala.is



Matarmarkaður verður haldinn í Reykholti laugardaginn 21. júní.

Matarmarkaður og matarkeppni

Rabarbarahátíð í Reykholti

Rabarbaranum verður gert hátt undir höfði í Reykholti laugardaginn 21. júní á fyrsta sveitamarkaði sumarsins í Borgarfirði. Þar verður haldin Rabarbarahátíð sem er samstarfsverkefni Framfarafélags Borgfirðinga, Búdrýginda og Saga Geopark. Borgfirðingar eru hvattir að huga vel að rabarbaranum sínum þessa dagana og grúska í uppskriftum því að einn stór liður í dagskránni verður matarkeppni. Dómnefnd verður skipuð valinkunnum og þjóðþekktum matgæðingum, m.a. frá kokkalandslíði Íslands.

Bryndís Geirsdóttir, sem er einn skipuleggjandi, segir að hátíðin í ár verði stærri og umfangsmeiri en áður. „Snorri Sturluson mun hafa yfirsýn yfir gleðina því þetta fer allt fram á flötinni fyrir framan gamla Héraðsskólann og í konungslundinum. Þá geta krakkarnir skoppað í skóginum og þeir á kaffidrykkjualdrinum notið ketilkaffis hjá skógarbændum á konungsflöt,“ segir Bryndís. Hún segir að markaðir Framfarafélagsins hafi verið haldnir um nokkurra ára skeið. „Rabarbarahátíðin er nýbreytni til að poppa upp hefðbundinn sveitamarkað, hún verður á fyrsta markaði sumarsins af þremur. Hún er skemmtilegt tækifæri á að gera fyrstu afurðum náttúrunnar hátt undir höfði þessa ágætu Jónsmessuhelgi. Þó að rabarbaranum sé veitt sérstök athygli er hátíðin einnig venjulegur sveitamarkaður og áhugasamir eru hvattir til að hafa samband þó að þeir vinni ekki með rabarbara.“

Keppa um frambærilegustu vöruna

Viðfangsefni keppinnar er



Rabarbari og keppt er í þremur flokkum:

1. Sultun
2. Bakkelsi
3. Frjálsri aðferð

Veitt verða sérstök verðlaun fyrir frambærilegustu vöruna, þá afurð sem hefur kosti til að fara í vöruþróunarferli til markaðssetningar. Sá sem þau hlýtur fær fjóra daga í Matarsmiðjunni í Borgarnesi og hönnunaraðstoð að launum.

Dómnefndin metur afurðirnar með blindsmökkun og því eru keppendur beðnir að merkja afurðirnar ekki sérstaklega. Gott væri að upptalning og innihaldsefnum fylgdi afurðunum, ekki er þó óskað eftir uppskriftum. Úrslit verða kunngjörð þegar dómnefnd hefur lokið störfum, en miðað er við að það verði klukkan 16.00.

Aðstandendur hvetja menn til þátttöku og vilja nefna að ekki er skylda að taka þátt í öllum flokkum þó að það sé kostur. Allir eiga möguleika á góðum vinningum, en í fyrsta vinning verður forláta Kitchen Aid-hrærivél frá Einari Farestveit.

Keppnin er öllum opin og er skráningarfrestur til klukkan 12.00 sama dag og keppnin fer fram. Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt er bent á að hafa samband við Eddu Arinbjarnar í síma 699-2636 eða senda henni póst á edda@husafell.is



Mynd / Jóna Þórunn Ragnarsdóttir

Norskir ráðunautar á ferð um Ísland

Í lok síðustu viku komu fimm norskir ráðunautar í fódrun mjólkurkúa í fjögurra daga heimsókn til fódurráðgjafa Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins á Suðurlandi. Konurnar vinna allar í ráðunautateymi mjólkursamlagsins TINE sem kallast „Topp Team Föring“. Farið var um sveitir á Suðurlandi og allir helstu ferðamannastaðir skoðaðir, s.s. Gullfoss, Geysir, Þingvellir, í Bláa lóni og á hestbak (þær

áhugasömustu í tvígang). Einnig var farið í heimsóknir til bænda, s.s. í Bryðjuholt, á Litla- og Stóra-Ármót. Á myndinni er hópurinn í heimsókn á Stóra-Ármóti, frá vinstri: Höskuldur Gunnarsson og Hilda Pálmadóttir bústjórar á S-Ármóti, Eirin Sannes Sleteng, Merete Bekkevold, Anja Våg Skjold, Line Bergersen og Anita Stevnebø frá TINE og Hrafnhildur Baldursdóttir frá RML.



Ísland er með 70-80% heimsmarkaðshlutdeild á æðardúni, en eftirspurn eftir vörunni hefur aukist mikið. Myndir / GHJ

Æðardúnn verðmætari en nokkru sinni fyrr – útflutningstekjur árið 2013 nærri 600 milljónir króna

Ekkert lát er á sölu íslensks æðardúns til erlendra sængurframleiðenda. Verðið hefur tvöfaldast á fjórum árum, en útflutningstekjur 2013 voru um 600 milljónir kr. Þessi arfur náttúrunnar er dýrasta landbúnaðarafurð landsins þegar miðað er við þyngd, en kílóíð kostar um 200.000 kr. Það er fyrir áráðni æðarbænda og söluaðila sem þessi náttúruauðlind skapar verðmæti, en ótíndur dúnn verður vindi og veðri að bráð. Möguleiki er á að margfalda verðmæti æðardúns með fullvinnslu.

Æðardúnn tvöfaldast í verði á fjórum árum

Útflutningstekjur af íslenskum æðardúni námu 599.148.104 kr. árið 2013, en það þótti mikill sigur að ná 500 milljóna króna markmiðinu árið 2012. Ári síðar hafa söluaðilar gert enn betur og slógu næstum 600 milljóna markíð. Útflutningur hefur gengið mjög vel undanfarin ár og virðist ekkert lát á vinsældum dúnsins. Meðalverð á seldu kíló af íslenskum æðardúni var 192.652 kr. í fyrra, sem er tæplega tvöföldun meðalverðs frá 2009 sem var 97.887 kr. á verðlagi þess árs. Talsverðar sveiflur geta verið á verði eftir gengisþróun og milli markaðssvæða og því getur verð rokkað innan sölutímabíla. Vöntun hefur verið á æðardúni síðustu ár hjá mörgum söluaðilum sem hefðu getað selt töluvert meira magn en raunin varð. Því hefur verð hækkað hratt. Æðardúnn er takmörkuð náttúruauðlind, en framleiðslan takmarkast við það magn sem fellur til ár hvert í hreiðrum æðarkolla og tíndur er af landeigendum. Ísland er með 70-80% heimsmarkaðshlutdeild með sölu upp á rúm þrjú tonn af hreinsuðum æðardúni síðustu ár sem er ársframleiðslan. Stærstu sölusvæði æðardúns eru Japan og Þýskaland, sem nota dúninn sem fyllingu í sængur. Algengt verð á æðardúnsængum erlendis er um 1,2–1,5 milljónir króna en einnig eru til bæði ódýrari og dýrari sængur eftir dúnmagni í sæng og hreinleika vörunnar.

Bændur anna ekki eftirspurn

Árið 2013 nam útflutningur æðardúns 3.110 kílóum. Það er því fjórða árið í röð sem salan fer yfir 3.000 kg, sem er algert einsdæmi í útflutningssögu



Sólveig Bessa Magnúsdóttir

æðardúns og virðist ekkert lát á eftirspurn. Margir söluaðilar hafa þegar gert framvirka samninga um sölu þess æðardúns sem bændur safna saman úr hreiðrum þessarar vikunnar. Það virðist því lítið tíð að æðardúnbirgðir safnist upp milli ára.

Veðurfar hliðhólt æðarfuglinum

Í vor og það sem af er sumri hefur veðurfar verið hagstætt æðarbændum. Það er helst á Austurlandi sem úrkoma hefur verið yfir meðallagi og einhverjir tekið upp votan dún sem er þá þurrkaður um leið og í hús er komið. Það ætti því ekki að koma að sök hvað lokaafurð snertir.

Fullvinnsla æðardúns mikilvæg

Íslenskur æðardúnn er aðallega notaður sem fylling í æðardúnsængur. Fullframleiðsla fer að mestu fram erlendis þar sem dúnninn er aðallega seldur sem hráefni frá landinu. Það er ekki að ástæðulausu sem verð hefur hækkað síðustu ár. Atvinnuvegaráðuneytið hefur uppfært gæðavottorðin, sem nú eru númeruð og með íslenska skjaldarmerkinu á. Ráðuneytið í samstarfi við Æðarræktarfélag Íslands, Félag atvinnurekenda og Bændasamtökin leita stöðugt leiða til að betrubæta vottunarkerfið. Útflutningsaðilar hafa unnið óútlit markaðsstarf eins og sölutölur sýna glögglega, auk þess sem Æðarræktarfélag Íslands hefur útbúið almennt kynningaefni um íslenskan æðardún á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, þýsku og japönsku. Um er að ræða kynningarmynd og bækling auk þess sem heimasíða félagsins er í þróun en slóðin er www.icelandeider.is. Það er skemmtilegt safn rekið á


Reykhólum í A-Barðastrandasýslu auk þess sem verið er að byggja húsnæði í Stykkishólmi sem mun verða framtíðarheimili Æðarseturs Íslands. Síðast en ekki síst er aukning á útflutningi þvegins æðardúns, en áður fyrr var eingöngu fluttur út hreinsaður æðardúnn. Hreinsunin fer fram án kemískra efna, en mestallur dúnn er þveginn erlendis áður en hann fer í sængurnar og því ánægjulegt að ná þeim viðskiptum hingað heim. Íslendingar geta gert betur og sótt á markaði með fullunnar vörur og kynnt æðarfuglinn fyrir Íslendingum og ferðamönnum. Með sölu á fullunnum afurðum er hægt að margfalda verðmætin.

Umhírða skilar árangri

Samvinna æðarfuglsins og mannsins líkist vinasambandi og endurspeglar náttúruna í sinni fallegustu mynd. Æðarbændur undirbúa varpsvæði á vorin í þeirri von að æðarfuglinn velji landið þeirra. Margir æðarbændur vaka yfir varpinu og veita vernd gegn rándýrum og ránfuglum. Þeir fá vinnuna ríkulega launaða með æðardúni sem losnar af bringum æðarkolla og þær umlykja hreiður sín með. Æðardúnninn er hreinsaður fyrir sölu og er mikilvægur tekjustofn æðarbænda.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir og Björgvin Sveinsson á Innri-Hjarðardal í Öndarfirði eru með æðarvarp rétt við bæjarstaðið. „Veðrið hefur verið milt og þurt eftir að fuglinn settist upp. Hann hefur aðeins seinkað sér í varp eftir hrakfarir síðustu ára en það hefur fennt yfir varpið síðustu ár, svo rétt hausinn á kollunni hefur staðið upp úr snævi þakinni jörðinni,“ segir Sólveig Bessa. „Ég ákvað að gefa fuglinum sem mestan frið í ár fyrst viðraði svona vel og fór ekki í fyrstu dúntínslu fyrr en um Hvítasunnuhelgina. Þá var komið töluvert af ungum og æðarkollur byrjaðar að leiða út.“ Töluvert aukning hefur orðið á fugli síðustu ár hjá þeim hjónum enda hugsaðu þau vel um æðarfuglinn. Sólveig Bessa segist sannfærð um að vöktunin skili þessari fjölgun. Margir aðrir æðarbændur hafa tjáð sig um fjölgun hreiðra á samfélagsmiðlum um þessar mundir, svo líkur eru á góðu dúnári. Mun salan ná 650 milljónum árið 2014? Það verður gaman að sjá.

/Guðbjörg H. Jóhannesdóttir



Súlurnar sýna heildartekjur af sölu æðardúns en gula línan þróunina á kílóverði dúns. Tölur eru á verðlagi hvers árs.

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is



Sennilega besta rúlluplastið að sögn bænda sem nota það

Rúlluplast – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	Breidd	Lengd	Fjöldi rúlla á bretti	án vsk.	m/vsk.	Greiðsluskilmálar
202601112	Hvitt plast, 5 laga	75 sm	1500 m	40	kr. 11.600 kr. 11.900	kr. 14.558 kr. 14.935	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
202600218	Grænt plast, 5 laga	75 sm	1500 m	40	kr. 11.980 kr. 12.280	kr. 15.035 kr. 15.411	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
202601112	Svart plast Siloglass	75 sm	1500 m	40	kr. 11.500 kr. 11.800	kr. 14.433 kr. 14.809	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
4600	Hvitt plast Siloglass 3 laga	50 sm	1800 m	48	kr. 9.600 kr. 9.900	kr. 12.048 kr. 12.425	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október

Bindinet – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	Breidd	Lengd	án vsk.	m/vsk.
123000	Bindinet	123 sm	3000 m	kr. 21.900	kr. 27.485

Bindigarn – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	án vsk.	m/vsk.
G400	Bindigarn fyrir bagga 400 m/kg - Hvitt	kr. 5.800	kr. 7.279
G750	Bindigarn fyrir rúllur 750 m/kg - Hvitt	kr. 5.950	kr. 7.467



VB
LANDBÚNAÐUR

www.VBL.is
VB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Hestavörur á tilboði

Hnakkastatíf, járn..... 1.700kr

Hnakkastatíf, plast..... 3.400kr

Beislahengi, 3arma..... 550kr

Beislahengi, járn..... 550kr

Ábreiðuhengi.....1.900kr



Hagadæla:
46.400kr

Sendum um land allt



BÚREKSTRARDEILD
BORGARNE SI
Eglisholti 1
310 Borgarnesi
Værkun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500

Bændablaðið

Smáauglýsingar **56-30-300**

GLER Í SKJÓLVEGGI

GRILLAÐU Í SKJÓLI





54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÓPAVOGUR
C€ vottuð framleiðsla

SJÁLFUR IS2008182653

FRÁ AUSTURKOTI

Sjálfur frá Austurkoti er til afnota heima í Austurkoti fram til 10. júlí.

Sjálfur hlaut mjög góðan dóm í fyrra. Sjálfur er stór og glæsilegur klárhestur með mikinn fótaborð og mikla útgeislun.

Faðir: Álfur frá Selfossi
Móðir: Ófelía frá Austurkoti.

Dómur Sjálfs:
Tölt 8,5, brokk 8,5, skeið 5, stökk 8,5, vilji/geð 8,5, fegurð reið 9, fet 8, hægt tölt 9, hægt stökk 9,5, hæfileikar 7,97, höfuð 8,5, háls/herðar/bógar 8,5, bak og lend 7,5, samræmi 8,5, fótagerð 8,5, réttleiki 7,5, hófar 8, prúðleiki 8, sköpulag 8.
Aðaleinkunn 8,08

Verð pr. fengna hryssu er 80.000 m. vsk.

Nánari upplýsingar: austurkot@austurkot og í sínum 897-7788 og 897-7755





Háprýstidælur

Vinnubjarkar ætlaðir til daglegra nota



HD 6/16-4 M





HD 6/16-4 MX

- Vinnuprýstingur 30-160 bör
- 230-600 ltr/klst
- 15 m slönguhjól
- Stíllægur úði
- Sápuskammtari
- Turbóstútur + 50%



HD 10/25-4 S

- Vinnuprýstingur 30-250 bör
- 500-1000 ltr/klst



RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • rafver@rafver.is • www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ



Náttúrulífsmynd BBC verður vönduð og sýnd víða um heim. Meðal viðfangsefnanna eru selir, æðarfugl, íslenski hesturinn, refir og samspil manns og náttúru. Myndir / Ian Llewellyn

BBC gerir náttúrulífsmynd um Ísland

– Verður sýnd í Bretlandi og Bandaríkjunum á næsta ári

Kvikmyndatökulið á vegum BBC er nú statt hér á landi og vinnur að því að taka upp náttúrulífsmynd þar sem áherslan verður lögð á æðarfugl, íslenska hestinn, ref og samspil manns og náttúru. Myndin verður sýnd í Bretlandi og Bandaríkjunum á næsta ári og búast má við því að milljónir manns fái að kynnst Íslandi með sýningu hennar.

Kvikmyndatökuliðið samanstendur af þeim Andy Chastney, sem stýrir verkefninu, kvikmyndatökumanninum og ljósmyndaranum Ian Llewellyn og Neil Anderson kvikmyndatökumanni. Þeir félagar komu fyrst til landsins í febrúar síðastliðnum og kvikmynduðu vetrarveður, snjókomu og storma og ýmsar náttúruperlur í klakaböndum, svo sem Gullfoss, Dettifoss og Jökulsárlón. Þá mynduðu þeir atferli refa á Hornströndum og munu fara þangað aftur á næstunni. Í þessari ferð hafa þeir verið við tökurlaugir og eggjatöku í Grímsey, myndað íslenska hestinn á Hólum í Hjaltadal og fylgst með dúntöku í Hvallátrum á Breiðafirði. „Veðrið hefur verið alveg ótrúlega gott að undanförunu, í raun má segja að helst vantí upp á að við getum myndað í stormi til að sýna náttúruna í öllum sínum myndum,“ segir Andy, sem dáist að náttúrufegurð landsins.



Andy Chastney, sem stýrir verkefninu, ásamt kvikmyndatökumanninum og ljósmyndaranum Ian Llewellyn og Neil Anderson kvikmyndatökumanni.

Hluti af þáttaröð

Myndin er sjónvarpsmynd sem er unnin fyrir BBC og verður sýnd í þætti sem heitir Natural World. Sá þáttur hefur verið á dagskrá í bresku sjónvarpi í aldarfjórðung við miklar vinsældir. Árlega eru framleiddar tólf náttúrulífsmyndir á ári af ýmsum toga. Viðfangsefnið geta verið ljón, snákar, Indland og í raun hvað sem er eins lengi og það er áhugavert og vel gert. Og nú er röðin komin að Íslandi.

Andy segir að verkefnið eigi sér nokkurn aðdraganda. „Fyrir um fjórum árum kom upp sú hugmynd

hjá mér og Ian féлага mínum að gera mynd um Ísland. Við vissum að það hefði ekki verið gerð mynd af þessu tagi á Íslandi, náttúrulífsmynd, í það minnsta ekki í mörg ár. Við ræddum við íslenska aðila og þá jókst áhugi okkar til muna. Það tók okkur nokkur ár að fá fjármögnun en hingað erum við nú komnir.“

Sambúð manns og náttúru í brennidepli

Myndin mun sýna eitt ár í náttúru Íslands, með áherslu á æðarfugl, heimskautarefinn og íslenska hestinn en einnig ýmis önnur dýr í bland. Þar

má nefna lundann og aðra sjófugla. „En ekki síst munum við einblína á fólkið, Íslendinga, og sambúð þeirra við náttúruna. Dúntekja er til að mynda skínandi dæmi um nýtingu náttúruauðlinda á sjálfbæran hátt. Það er kannski ekki hægt að segja hið sama um refinn en þurfa ekki allar góðar myndir að hafa skúr í þeim?“ segir Andy hlajandi og bætir við: „Það er mjög áhugavert viðfangsefni að fjalla um sambúð refsins við Íslendinga. Frá því að Ísland byggðist má segja að hafi staðið barátta milli manna og refs. Refurinn hefur sýnt mikla þrautseigju í þúsund ár þannig að hann er snjall skúrur.“

Einnig sýnd á Animal Planet

Næst á dagskrá er að fara og fylgjast með laxveiði í Laxá á Ásum og í Selá. Til stendur að klára myndatökur í haust, en þá hyggjast Andy og félagar mynda smölun og stóðrekstur. Myndin verður síðan klippt og tekin til sýninga á næsta ári á BBC 2. Sömu leiðis hafa náðst samningar við Discovery Animal Planet, en þar munu bandarískir áhorfendur fá tækifæri til að sjá myndina. Að sögn Andys er það fremur sjaldgæft að myndir af þessu tagi sem unnar eru fyrir BBC séu teknar til sýninga vestra en þar hafi menn verið heillaðir af verkefninu. Meðaltalsáhorf á National World í Bretlandi er um fimm milljónir áhorfenda og fylgjast

milljónir manns með Animal Planet í Bandaríkjunum. Það er því ljóst að myndin verður mikil landkynning fyrir Ísland þegar hún verður tekin til sýninga.

Myndarinnar beðið með óþreyju

Andy kveðst fullur aðdáunar á Íslendingum og því hvernig þeir umgangist náttúruna. „Það er frábært að sjá í hversu nánú sambandi Íslendingar eru við náttúruna og hvernig þeir lifa með henni, hvernig sambúð manns við náttúru er sjálfbær. Það verðum við mjög varir við þegar við ræðum við fólk víðs vegar um landið, bændur og aðra. Við höfum til að mynda verið í sambandi við Orra Vigfússon, sem hefur unnið ótrúlega vinnu við að verja laxastofna á norðlægum slóðum um langa hríð.“ Þá segir Andy að þrátt fyrir að ekki verði fjallað um það í myndinni sé það hans skoðun að sú leið sem Íslendingar hafi farið varðandi verndun fiskistofna í hafinu í kringum landið sé aðdáunarverð og ætti að vera fyrirmynd fiskveiðistjórnunar annars staðar.

Á meðan þeir Andy, Ian og Neil dvelja hér á landi blogga þeir um dvölina og verkefnið á vefsíðunni Footstepsofgiantsblog.wordpress.com. Að sögn Andy hefur bloggsíðan fengið mikla athygli og vakið óþreyju eftir sýningu myndarinnar í Bretlandi.

/fr



Landsvirkjun

Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Miðlunarlónin eru góð geymsla fyrir raforku og gera kleift að vinna rafmagn jafnt og þétt allt árið.

Verið velkomin í heimsókn í sumar!

Kárahnjúkastífla: Leiðsögumaður tekur á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

Búrfellsstöð: Gagnvirk orkusýning er opin alla daga kl. 10–17.

Vindmyllur á Hafinu: Starfsfólk tekur á móti gestum alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Kröflustöð: Jarðvarmasýning er opin alla daga kl. 10–17.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Landsmót Sambands íslenskra harmonikuunnenda hefst 3. júlí

„Það verður geysilegt fjör og mikil gleði á landsmóti Sambands íslenskra harmonikuunnenda dagana 3.-6. júlí næstkomandi sem haldið verður á Laugum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu,“ segir Sigurður Ólafsson á Sandi í Aðaldal, en hann er formaður undirbúningsnefndar og á von á mörgum gestum víðs vegar að af landinu.

Það eru Harmonikufélag Þingeyinga og Félag harmonikuunnenda við Eyjafjörð sem eru gestgjafar á þessu 12. landsmóti SÍHU. Unnið hefur verið að undirbúningi þessa móts í nær tvö ár. Fjöldi tónleika verður á mótinu og koma þar fram



Undirbúningsnefndin á Laugum í Reykjadal.

harmonikuleikarar frá hinum ýmsu héruðum landsins og félögumum öllum sem taka þátt í mótinu. Þarna munu ungir sem aldnir munda hljóðfærin og skal þar sérstaklega taka fram að yngsta kynslóð landsins

mun sýna listir sínar í harmonikuleik ásamt hinum fjölmörgu listamönnum sem margir munu eflaust bíða eftir að heyra og sjá á Laugum þessa sumardaga fyrst í júlí.

Haldið á Laugum í Reykjadal

Mótið fer að mestu fram í íþróttahúsinu á Laugum, enda er þar nægilegt pláss fyrir mörg hundruð manns. Fagmenn munu vinna með hljóð og myndatökur á tónleikum og felst starf undirbúningsnefndarinnar aðallega í því að allt gangi upp í íþróttahúsinu og öllu því sem varðar mótsgesti.

Tjaldstæði verða bæði við íþróttavallarhúsið og sunnan við

Reykjadalsána þar sem hægt verður að hafa bæði tjöld og húsbíla, enda þar nægt pláss og stutt í rafmagn. Þá verður reist stórt tjald á mótssvæðinu, en þar mun Kvenfélag Reykdæla selja veitingar handa gestum.

Meðal gístimöguleika má nefna Fosshótel Laugar, Hótel Narfastaði, Einishús á Einarstöðum og svefnpokapláss í Litlulaugaskóla. Á Laugum er verslunin Dalakofinn og er þar hægt að fá allar nauðsynjar.

Dansleikir á hverju kvöldi

Sigurður segir að að þetta verði fjölskylduhátíð sem eigi eftir að skilja eftir sig góðar minningar,

enda hefur nefndin fyrir löngu pantað gott veður sem allir kunna vel að meta, ekki síst í góðra vina hópi harmonikuunnenda. Gestur landsmótsins verður norski harmonikuleikarinn Håvard Svendsrud, sem er einn atkvæðamesti harmonikuleikari sinnar kynslóðar og hefur leikið í leikhúsum og á veitingastöðum auk þess sem hann hefur unnið mikið við upptökur í sjónvarpi og útvarpi.

Þetta er í annað sinn sem landsmót Sambands íslenskra harmonikuunnenda er haldið á Laugum og býður nefndin alla velkomna á þetta glæsilega mót í júlíbyrjun. Mynd og texti: Atli Vigfússon

Sterkar, léttbyggðar, endingagóðar, einfaldar,
traustar og tilbúnar til afgreiðslu strax.

Vantar þig vélarnar í verkið?

VÉLAR • VERSLUN • VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss Lónsbakki - 601 Akureyri 700 - Egilsstaðir

Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is

Hálslón – 2100 Gl.

*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gígalítrum (milljörðum lítra).

Hálslón er vatnsmesta lón landsins. Þegar lónið fyllist síðsumars er vatni veitt um yfirfall sem steypist í um 100 metra háum fossi, Hverfanda, niður í Hafrahvammagljúfur.

Þórisvatn – 1400 Gl.

Blöndulón – 412 Gl.

Hágöngulón – 320 Gl.

Krókslón – 140 Gl.

Sultartangalón 109 Gl. • Kelduárlón 60 Gl. • Hrauneyjalón 33 Gl. • Gilsárlón 20 Gl. • Sporðöldulón 25 Gl. • Bjarnarlón 5 Gl. • Ufsar– og Vatnfellslón 3 Gl.

Skógrækt sem fjárfestingarmöguleiki

Tiltölulega örugg langtímaávöxtun

Á Fagráðstefnu skógræktarinnar 2014 sem haldin var á Hótel Selfossi dagana 12.-13. mars flutti Þorbergur Hjalti Jónsson erindi um skógrækt sem fjárfestingarmöguleika. Þorbergur segir að viðfangsefnið sé áhugavert, einfaldlega vegna þess að hér á landi sé mikill og ört vaxandi markaður fyrir trjávið sem iðnaðarhræfni.

„Stærsti kaupandinn er nú Járblendiverksmiðja Elkem Ísland á Grundartanga. Þar fyrir utan eru nokkrar verksmiðjur sem framleiða undirbúð fyrir húsdýr sem einnig þurfa verulegt viðarhræfni fyrir framleiðslu sína.“

Viðarkurl frá Kanada langmest notað

„Á árinu 2013 notaði járnblendiverksmiðjan um 28.000 tonn af viðarkurl, sem jafngildir um 50.000 rúmmetrum af gegnheilum viði úr skógi. Þá skiptist viðarnotkunin þannig að 21.000 tonn voru flutt inn frá Kanada, 6.000 tonn voru úrgangstímur frá Sorpu og liðlega 1.000 tonn koma úr grisjun á íslenskum skógum,“ segir Þorbergur.

„Nýlega voru undirritaðir samningar vegna byggingar kísilmálmverksmiðja í Helgufvík og á Bakka við Húsavík og þær eiga að taka til starfa á árunum 2016–2017. Heildarþörf kísiliðnaðarinnar fyrir iðnvíð verður þá um 270 þúsund rúmmetrar á ári. Þegar verksmiðja PCC á Bakka hefur verið stækkuð eins og áformað er gæti eftirspurn eftir iðnvíð á landinu verið komin í um 350 þúsund rúmmetra af gegnheilum tímbrí úr skógi. Til að mæta þessari eftirspurn innanlands þyrfti að rækta um 50–70 þúsund hektara af skógi til viðbótar við þann skóg sem fyrir er í landinu. Spurningin er því hvort við getum fullnægt þessari eftirspurn og hvort það sé góð fjárfesting.“

Tvö til fimmfalda nýskógrækt til að mæta iðnvíðarþörfinni

„Miðað við núverandi umsvif í nýræktun skóga gætu grisjanir og lokahögg mætt um helmingi af núverandi iðnvíðarþörf járnblendiverksmiðjunnar um miðja þessa öld og hugsanlega allri þörfinni við lok aldarinnar. Hins vegar fer því fjarri að hægt verði á þessari öld að fullnægja fyrirsjáanlegri iðnvíðarþörf nýrra verksmiðja með núverandi framkvæmdahraða í nýskógrækt og með þeirri samsetningu tegunda og landkosta sem nú tíðkast.

Til að mæta iðnvíðarþörfinni þyrfti að minnsta kosti að tvö- til fimmfalda nýskógrækt í landinu og sennilega ríflega það. En það þarf einnig aðrar áherslur á tegundir og ræktunarland til



Þorbergur Jónsson, sérfræðingur Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

að hægt verði að auka framleiðsluna nægilega fljótt.

Á næstu 20–30 árum er tækifæri til að gera skógrækt á Íslandi að alvöru atvinnuvegi sem stendur undir sér án opinbers stuðnings og skilar verulegum gæðum til samfélagsins. Til þess þarf nýja nálgun og nýja fjármögnun. Það er nauðsynlegt meðan á þessu stendur að auka á ný fjárveitingar Alþingis til skógræktarmála en það er samt ósennilegt að þær fáiast margfaldaðar í bráð. Hér skiptir máli að stuðningi ríkisins sé hagað þannig að hann laði fjármagn að nýskógrækt. Staðan er sú að meira en nægjanlegt fjármagn er til ef skógrækt er áhugaverð frá sjónarhóli fjárfesta.“

Varla forsendur í dag fyrir virkum markaði með skóg

Þorbergur segir að ennþá séu tæplega forsendur fyrir virkum markaði með skóg til nýtingar. „Það er ekki fyrr en skógurinn nálgast nýtingaraldur sem vænta mætti áhuga á skógarkaupum til fjárfestingar. Skógrækt ríkisins á nú um helming af þeim skógi sem kominn er að nýtingu og hinn helmingurinn er að mestum hluta í eigu skógræktarféлага. Þeir fáu skógar sem eru af sæmilega hagkvæmri stærð eru tæplega falir sem stendur. Elstu skógar skógarbænda í landshlutaverkefnum eru komnir að fyrstu grisjun en mestur hluti ræktaðra skóga er ennþá ungur.“

Þorbergur segir hins vegar að meira en nægt land sé til skógræktar. „Sem dæmi má taka að þegar allt ræktað land og svæði með verndargild skráð af Umhverfisstofnun hafa verið dregin frá eru í Árnes-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar og Mýrasýslum og á Snæfellsnesi um 325 þúsund hektarar af góðu skógræktarlandi. Þar til viðbótar er töluvert af góðu skógræktarlandi norðanlands og austan.

Landeigendur hafa samið við landshlutabundin skógræktarverkefni um liðlega 48.000 hektara lands og búið er að gróðursetja í tæplega tvo fimmtu þess svæðis. Fyrst eftir að landshlutaverkefnið komu til var töluvert land boðið til skógræktar en

um alllangt skeið hefur tiltölulega lítið bæst við. Svo virðist sem framboð á landi til skógræktar með þeim kjörum sem bjóðast hjá landshlutaverkefnum sé að mettast.

Að sögn Þorberg munu liða margir áratugir þar til umsamið skógræktarland skilar umtalsverðum viðarafla. „Timburskógur með sitkagreni skilar fyrstu grisjun eftir um 40 ár og lokahöggi 80–100 árum eftir gróðursetningu. Stafafura gæti verið með 60–80 ára ræktunarlotu og lerkíð á svipuðu róli. Aðaltekjurnar eru við lokahögg en tekjur af grisjunum eru innborgun sem ein og sér stendur sjaldan undir undir miklum arði.

Mannsaldur eða meira er of langur biðtími fyrir flestalla fjárfesta. Til að þeir séu líklegir til að setja fé í fjárfestingu þarf hún að skila minnst 4–5% raunávöxtun á innan við einu kynslóðabili (20–30 árum). Þótt sitkagreni og stafafura geti verið mjög álitlegar tegundir þegar lítið er langt fram í tímann þá skila þær afurðum of seint til að þjóna núverandi og fyrirsjáanlegum markaði svo nokkru nemi.“

Alaskaöspin álitlegasta tegundin

„Álitlegasta tegundin er alaskaösp og hér á landi er það viðarkurl fyrir kísiliðnaðinn sem er mikilvægasta afurðin. Við rennum ekki blint í sjóinn með þetta. Á Sandlækjarmýri í Gnúpverjahreppi er 85 ha samfelldur tilraunaskógur með alaskaösp til iðnvíðarframleiðslu. Skógurinn var að mestu leyti gróðursettur á árunum 1991–1993 og er hluti af svokölluðu Iðnvíðarverkefni sem stofnað var til með samþykkt ríkisstjórnar Íslands árið 1989. Í verkefninu átti að kanna hvort raunhæft væri að rækta alaskaösp til að framleiða viðarkurl fyrir kísiliðnaðinn. Svárið liggur nú fyrir – já, það er raunhæft á 15–25 ára nýtingarlotu. Ræktunarlotan fram að fyrsta rjóðurhöggi er 20–25 ár en um 5 árum styttri í næstu lotu. Meðalársvöxturinn á Sandlækjarmýri er 6–8 rúmmetrar á hektarann og nú standa þar um 160 rúmmetrar á hektarann tilbúnir til nýtingar. Skógarhöggstilraunir í skóginum sýna að trén endurnýjast bæði af teinungi af stúfunum og rötarskotum. Endurnýjunin er meira en næg til að ekki þurfi að planta landið að nýju. Upphaflega tók það trén nokkur ár að koma sér fyrir og vaxa úr grasi en í annarri lotu rjúka þau upp strax á fyrsta sumri eftir fellingu. Sjálfgræðslan er afar mikilvæg fyrir afkomu skógarins því gróðursetning og umhirða nýræktar er langstærsti kostnaðarliðurinn.

Árið 2010 sömdu Elkem Ísland og Skógrækt ríkisins um kaup á grisjunarviði fyrir framleiðslutilraun í verksmiðjunni á Grundartanga.

Hráefnið reyndist vel og í framhaldinu var gerður tíu ára verðtryggður rammisamningur um iðnvíðarviðskipti. Verðið er að teknu tilliti til gæða sem er sambærileg við innflutt viðarkurl. Hér er ekki um neinn gjafagjörmörk að ræða heldur keppir Skógrækt ríkisins við innflutning. En staðreynd er að verðið er hagstætt fyrir afkomu í skógrækt.

Fjárfestingartækifærið felst því í asparskógrækt til iðnvíðarframleiðslu sem getur skilað fyrstu uppskeru 20–25 árum eftir gróðursetningu og annarri uppskeru 35–40 árum frá upphaflegri plöntun. Síðan getur skógurinn gefið uppskeru á 15–20 ára fresti um langa framtíð en án verulegs kostnaðar við endurræktun.“

Fjárfesting í skógrækt gæti hentað ýmsum sjóðum

„Í skógrækt þarf þolinmótt fjármagn og digra sjóði. Fjárfesting í skógrækt gæti hentað lífeyrissjóðum og sérstökum skógræktarsjóðum þar sem margir minni fjárfestar leggja saman. Það er ekki nægilegt að leggja út fyrir skóginum heldur fylgir árlegur rekstrarkostnaður við girðingar, umsjón og tryggingar.

Skógrækt getur verið freistandi kostur til að dreifa áhættu í eignasafni. Helsti kostur hennar sem fjárfestingar er að afkoma í skógrækt fylgir lítið sveiflum á markaði með hlutabréf og skuldabréf. Það dregur töluvert úr áhættu í eignasafni að hafa hluta fjárfestingar í vel reknum arðskógi.

Virðisauki fjárfestingarinnar stafar mest af viðar- og stærðarvexti trjánna. Hægt er að fresta höggi ef timburverð er lágt. Trén vaxa áfram og arðinn má innleysa þegar verð hækkar á ný. Þegar til langs tíma er lítið hækkar timburverð að mestu í takt við almennar breytingar verðlags og kostnaðar. Tekjur af skóginum eru því verðtryggðar og reynslan erlendis sýnir að fjárfestar sækja í skógrækt á verðbólgu og krepputímum. Meginkostur skógar umfram margar aðrar fjárfestingarleiðir er tiltölulega örugg langtímaávöxtun. Þessir kostir skógræktar eru mikilvægir fyrir lífeyrissjóði og langtímasparnað einstaklinga.“

En hver gæti raunhæfur arður verið af skógrækt? „Til að rækta skóginn þarf að kaupa eða eiga land. Leggja þarf út fyrir girðingum, jarðvinnslu, plöntum, gróðursetningu áburði og annarri umönnun. Skipuleggja þarf verkið og hafa umsjón með ræktuninni út ræktunarlotuna. Árlegur kostnaður felst m.a. í viðhaldi girðinga, tryggingum og eftirliti.

Hugsum okkur landeiganda sem ákveður að ræktar asparskóg til iðnvíðarframleiðslu og gera það fyrir eigin reikning og án allra styrkja eða ívilnana. Vöxtur og árangur er

svipaður og í tilraunaskóginum á Sandlækjarmýri. Hann getur við fyrstu uppskeru 20–25 árum frá gróðursetningu búið við um 3% raunávöxtun á fjárfestingu sína sem hækkar í tæp 5% við aðra uppskeru um 40 árum frá plöntun. Þaðan í frá getur skógurinn skilað um 4–5% arði um langa framtíð. Þetta gæti verið viðunandi en 35–40 ára bið eftir fullnaðarávöxtun er samt í lengra lagi fyrir marga fjárfesta.

Fjárfestir sem þarf að kaupa land stendur mun verr að vígi. Oft er landverð álíka hátt eða hærra en samanlagður kostnaður við nýræktun skógar á landinu. Stofnkostnaður getur því tvöfaldast og arðsemi fjárfestingarinnar helmingast ef kaupa þarf landið. Þótt skógurinn geti staðið undir sér er ósennilegt að fjárfestum þætti viðunandi að fá 1–3% ávöxtun á 20–40 árum.“

Ýmsar hindranir í veginum

Þorbergur segir einkum þrennt sem hindri fjárfestingar í skógrækt, hátt og hækkandi landverð, kostnaður, tafir og áhætta vegna opinberra leyfa og ræktunaráhætta.

„Landverð á hektara er víða um og yfir tvöfalt hærra en samanlagður kostnaður við nýræktun skógar á sama landi. Fyrir fjárfesti er landverðið einfaldlega aukalegur ræktunarkostnaður sem bera þarf alla ræktunarlotuna. Verulegur hluti flestra jarða er óhentugt land sem skilar ekki nægum afköstum fyrir arðskógrækt. Kostnað vegna kaupa á ónýtanlegu landi þarf arðskógurinn að bera.

Það er í sjálfu sér einfalt mál að lækka landverð það mætti gera með því að taka óræktað land inn í fasteignamat og skattleggja eins og aðrar fasteignir. Fyrir skógrækt yrði léttara að borga árlegt fasteignagjald en þurfa að leggja stórfé út við landakaup. En hér eru þeir hagsmunir undir að aðgerðin yrði örugglega mikið átakamál.

Skógrækt er tilkynningarskyld vegna umhverfismats og þarf framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögum. Því fylgir veruleg áhætta að kaupa land til skógræktar þar sem óvíst er hvaða kostnaður verður við afgreiðslu opinberra leyfa eða yfirleitt hvort heimild fæst til framkvæmda. Þessu væri auðvelt að breyta ef lögum yrði breytt þannig að skógrækt væri einfaldlega heimil án sérstakra leyfa eða duttlungainngripa á ákveðnum svæðum. Það væri þá bara þar sem mikið er í húfi vegna náttúruverndar eða annarra skilgreindra ástæðna sem setja þyrfti málið í sérstaka skoðun.

Þá er ræktunaráhætta í nýskógrækt töluvert því það er ófyrirséð hvort eða að hve miklu leyti plöntur lifa eftir gróðursetningu eða hve lengi trén eru að komast á vaxtarskrið.“ /smh

Garðtraktorar

mikið úrval

	Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Vefsíða: www.thor.is
--	--	--	---

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL

HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislislutir

	REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000	AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600
--	--	---

Ráðstefnan Nordtic haldin 25. júní:

Nýsköpun í hinu norræna lífhagkerfi

Hinn 25. júní verður ráðstefnan Nordtic haldin á Hótel Selfossi þar sem fjallað verður um Norræna lífhagkerfið (e. Nordic Bioeconomy) og lífhagkerfi norðurslóða (e. Arctic Bioeconomy). Ráðstefnan er haldin í tengslum við fund norrænna ráðherra hér á landi, en Ísland fer með formennsku í Norræna ráðherraráðinu á þessu ári og leggur áherslu á nýsköpun í hinu norræna lífhagkerfi til þess að styrkja svæðisbundinn hagvöxt.

Að sögn Sigrúnar Elsu Smáradóttur, sem er fagstjóri hjá Mátis og heldur erindi á ráðstefnunni, hefur hugtakið lífhagkerfi (e. Bioeconomy) verið notað til að ná yfir allar lífauðlindir, samspil þeirra og samhengi og áhrif á efnahagslega, umhverfislega og félagslega þætti. „Rannsóknir á sviði lífhagkerfis ganga þannig þvert á atvinnugreinar og leitast við að hámarka ávinning auðlinda án þess að ganga á þær. Ráðstefnan á Selfossi snertir á mörgum af þeim þáttum sem nauðsynlegir eru öfluggu lífhagkerfi og samfélagi. Má þar nefna markaðsaðgengi, matvælaöryggi, viðnámsþrótt vistkerfa, nýtingu á úrgangi og nýsköpun,“ segir Sigrún Elsa.

Nýsköpun í matvælaframleiðslu

Mátis leiðir norræn nýsköpunar- og vöruþróunarverkefni sem unnin verða á þessu sviði næstu þrjú árin. Um er að ræða verkefni sem snúa að nýsköpun í matvælaframleiðslu, aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu og



Sigrún Elsa Smáradóttir

aukinni framleiðslu lífmassa. Um fjörutíu vöruþróunarverkefni hafa þegar verið sett í gang á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum og verður afrakstur fyrsta hluta þeirra kynntur á ráðstefnunni. Stefnt er að því að á þriðja tug vara frá löndunum þremur verði þar til sýnis og jafnvel smökkunar.

Vöruþróun í lífhagkerfi norðurslóða

Erindi Sigrúnar á ráðstefnunni fjallar um vöruþróun í lífhagkerfi norðurslóða, en ásamt því að leiða nýsköpunarverkefni formennskuáætlunarinnar hefur hún leitt norræna verkefnið um lífhagkerfi norðurslóða. Verkefnið felur í sér kortlagningu

á lífauðlindum á norðurslóðum og mat á afrakstri þeirra auk samanburðar og greiningar milli svæða. „Í verkefninu er sérstaklega horft til matvælaframleiðslu með tilliti til fæðuöryggis auk þess sem nýsköpunarhæfni svæðanna og einstakra greina er metin. Þetta er gert til þess að hægt sé að meta tækifæri og ógnanir og ráðast í kjölfarið í verkefni sem styrkja svæðin á þessu sviði,“ segir Sigrún Elsa.

„Miklar lífauðlindir er að finna á norðurslóðum og eru þær mikilvægar fyrir efnahagslíf landanna. Það er mikilvægt að ná saman yfirliti yfir auðlindir og afrakstur þeirra svo unnt sé að meta árangur og greina hvernig efla megi svæðin. Með því að auka verðmæti afurða, örva og styrkja lífhagkerfið og afkastagetu þess aukum við efnahagslegan árangur.“

Fjölmörg tækifæri til nýsköpunar fyrir hrávöruhjóðir

„Ísland, Grænland og Færeyjar eiga það sammerkt eins og staðan er núna að lífhagkerfi þeirra byggja í meira á hrávöruútflutningi heldur en hagkerfi hinna Norðurlandarákjanna og má því halda því fram að hagkerfi hinna landanna séu þróaðri en okkar. Í þessu felast fjölmörg tækifæri fyrir Ísland, Færeyjar og Grænland til að efla nýsköpun á þessu sviði og þróa fjölbreyttari matvæla- og líftækniðnað.“

Dagskrá ráðstefnunnar má nálgast vefslóðinni á <http://www.matis.is/nordtic>.

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar fyrir dömu og herra í 5 litum
Verð 14.900

00314 - Boston
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-47
Verð 12.900,-

25240
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-42
Verð 9.900,-

25180
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-46
Verð 10.500,-

Teg. 25090
Litir: Svart/Hvitt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990,-

Teg. 25130
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-42
Verð 10.500,-

Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Gólfþvottavélar
Afkastamikil atvinnutæki fyrir allar gerðir gólfefna

BD 40/12 C
Vinnslubreidd 385/1100 mm/fm
Hraði á bursta 150 sn/min

BR 40/10 ADV
Vinnslubreidd 400/400 mm/fm
Hraði á keflabursta 1100 sn/min

BR 35/12 C
Vinnslubreidd 350/1400 mm/fm
Hraði á bursta 700-1500 sn/min

BD 50/40 RS
Vinnslubreidd 508/2200 mm/fm
Hraði á bursta 180 sn/min

B 60 W
Vinnslubreidd 550/650
Afköst 2200/2600 m²

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Eigum tinda og hnífa í flestar gerðir véla

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt

Fullkomin hreinsistöð fyrir fráveituvatn án rafmagns

BIOROCK
waste water treatment

VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Knarrarvogi 4 104 Rvk. Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

Meistaragráða fyrir geitfjárrannsóknir

Rannsakaði atferli, hópamyndum og fæðuval íslensku geitarinnar

Hrafnhildur Ævarsdóttir lauk nýlega meistaragráðu í líffræði við Háskóla Íslands, en í lokaverkefni sínu rannsakaði hún atferli, hópamyndun og fæðuval íslensku geitarinnar.

Íslenska geitin hefur lítið verið rannsökuð hér á landi og eru því allar upplýsingar verðmætar í ljósi verndargildis og áframhaldandi uppbyggingu stofnsins. Stofninn er í útrýmingarhættu og höfum við skyldum að gegna að vernda hann. Mikilvægt er að auka áhuga á að rækta og halda geitur bæði vegna þess og vegna margvíslegra möguleika í að koma afurðum þeirra í verð.

Geitaverkefnið kom þannig til að Sif Matthíasdóttir, eiginkona Jörundar Svavarssonar, prófessors við Háskóla Íslands, hafði samband við Hrefnu Sigurjónsdóttur, prófessor við Háskóla Íslands og aðalleiðbeinanda verkefnisins, í leit að nema til þess að rannsaka geitur sem þau hjónin höfðu þá nýlega eignast. Í samráði við



Á myndinni frá mastersvörninni 11. apríl sl. talið frá vinstri: Dr. Sigurður S. Snorrason, Háskóla Íslands, dr. Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hrafnhildur Ævarsdóttir M.Sc., dr. Hrefna Sigurjónsdóttir, Háskóla Íslands, og dr. Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtökum Íslands, sem var prófdómari.

Ólaf R. Dýrmundsson, ráðunaut hjá Bændasamtökum Íslands, var ákveðið að rannsaka atferli og hópamyndun íslensku geitarinnar. Seinna bættist fæðuval við

rannsóknina þegar Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, kom með í fyrstu vettvangsferðina upp á Háafell í Hvítársíðu þar sem stærstu

geitahjörð landsins er að finna. Rannsóknin varpaði því ljósi á hvernig geitur eyða helst tíma sínum í haga, hvers konar hópa þær mynda og hvað þær éta.

Rannsóknarvinnan fór fram að sumar- og haustlagi á tveimur bæjum, Háafelli í Hvítársíðu þar sem stór hjörð geita er, og Brennistöðum í Flókadal þar sem minni hópur er haldinn í afmarkaðra hólfi. Mikilvægt var að vera með geitunum í eins langan tíma í einu og hægt var og gátu dagarnir orðið fremur langir yfir sumartímann. Að sögn Hrafnhildar eru geitur þó heillandi dýr og ekki amalegt að eyða þessum tíma með þeim og skyggjast inn í líf þeirra.

Geitur ekki sérstaklega ættræknar

Í ljós kom að geiturnar mynda tiltölulega litla hópa sem leysast þó oft upp, en algengasta hópastærð var 2–5 geitur. Þær virðast ekki vera neitt sérlega ættræknar því að

hóparnir voru sjaldan samsettir af skyldum einstaklingum svo sem maðgum eða systrum, eins og sést oft hjá sauðfé þegar það er í haga yfir sumartímann. Geiturnar eyddu meira en helmingi dags í haga í beit eins og flestir grasbítar gera. Það kemur þó fæstum geitabændum á óvart að geiturnar kunnu illa við rigningu og hreinlega hurfu hóparnir í skjól þegar rigndi, en það átti bæði við um Háafell og Brennistaði. Geiturnar á Brennistöðum eyddu minni tíma í beit og má því ætla að stærð hólfs hefur áhrif á beitina, þar sem þær höfðu minna svigrúm til þess að ferðast um sitt hólf en Háafellsgeiturnar. Á beit virtust geiturnar mest gæða sér á grösum en fæðuval virðist vera samspil framboðs tegunda á svæðinu, aðgangi að túnnum og heyrúllu við bæinn.

Verkefnið reyndist einstaklega áhugavert og telur Hrafnhildur að þarna hafi skapast sérstök tækifæri til að skyggjast inn í líf íslensku geitarinnar.

Lesendabás

Borgar sig að eiga rúllusamstæðu? Framhald

Í síðustu grein bjó ég til dæmi þar sem ég bar saman kaup á rúllusamstæðu og verktaka. Ég er búinn að fá nokkur viðbrögð við greininni, aðallega um forsendur útreikninga. Einn aðili vildi meina að ég hefði gert ráð fyrir of lágu söluverði tækjanna í lok rekstrartímabils og að menn væru að greiða hærra fyrir rúllun en ég sagði.

Vissulega má gera athugasemdir við þessar forsendur en þeir sem ég talaði við höfðu sjálfir ekki sett niður fyrir sig kostnað við að eiga og reka tæki eins og ég gerði. Í rekstri er það aðalatriðið að menn gefi sér forsendur til að reikna út frá þekktum staðreyndum og geri sér grein fyrir kostnaði og tekjum. Markmið rekstrar er væntanlega að hámarka laun og hagnað en ekki að eiga tæki.

Forsendur fyrir útreikningum eru aldrei annað en þær upplýsingar sem eru fyrir hendi. Það má sem dæmi setja spurningamerki við hátt verð sjö ára gamalla tækja; þegar endurnýjunarþörfin í sveitum eykst eða nýting á þeim tækjum sem eru

þegar í gangi batnar lækkar verð á tækjum í endursölu. Verð á sjö ára gömlum tækjum ræðst af framboði og eftirspurn, ekki innkaupsverði.

Ef við höldum áfram með þetta „dæmi“ er gert ráð fyrir að vextir séu 9%. Þetta líkan er notað til að meta hvort það borgar sig að kaupa tækið. Ég fjallaði ekki um greiðslufæðið, innkomu (tekjur) og kostnað auk afborgana lána (gjöld).

Gefum okkur núna að viðkomandi bóndi hafi keypt vélina en ekki hugsað út í kostnaðinn við að eiga og reka tækið. Hann þarf að fá lán fyrir mismun á innkomu og útgjöldum þar sem fjárfestingin er dýrari en verðið sem verktakinn bauð honum.

Fjármagnskostnaður hefur mikil áhrif á arðsemi verkefna. Þar sem vextir hér eru háir skiptir verulegu máli að hafa mikið eigið fé í fjárfestingum til að verkefni geti staðið undir sér til lengri tíma. Í þessu tilfelli kemur útstreymi fjárfestingarinnar á undan innstreymi, þ.e.a.s. fjárstreymið er ekki jákvætt fyrr en í lok tímans. Þá þarf að taka lán til að brúa tapið eða þá að ganga á sparifé.

Almennt eru menn ekki að velta fyrir sér þessum þáttum, þar sem undir venjulegum kringumstæðum fjárfesta menn ekki ef einfalt arðsemismat stendur ekki undir sér.

Svona til upprifjunar: Bóndi þarf að velja á milli þess að kaupa rúlluvél og stærri dráttarvél, sem fjárfesting upp á 15 milljónir, eða láta rúlla fyrir sig. Gert er ráð fyrir að hann selji rúlluvélina á sjö milljónir eftir sjö ár.

Tap er öll árin nema síðasta árið þegar vélin er seld. Það tap þarf að fjármagna með viðbótarláni, svo sem eins og yfirdrætti í banka. Miðað við 9% vexti af láninu og að viðbótarfjármagn sé yfirdráttarlán sem beri 12% vexti eykst tapið úr tæpum 1.300 þúsund í rúmar 3,4 milljónir króna, miðað við að lánið rúlli áfram þar til tækið er selt.

Einfaldast er þó að hugsa hvað rúllun kostar á einingu miðað við að rúlla sjálfur eða fá verktaka. Ef tækin eru keypt er framleiðsluverðið 1.570 krónur, eða 270 krónum meira en verðið hjá verktakanum. Tjón hans vegna rangrar fjárfestingar er því 459 þúsund krónur (240*1.700 rúllur) á ári næstu sjö árin. Að lokum, til að

ná árangri í rekstri ættu bændur að skoða reglulega hjá sér hvort það borgi sig að selja tækin og kaupa að verktaka til að vinna fyrir sig.

Sjá töflu með útreikningum á vefsíðunni burekstur.blog.is

Kvótaverð á mjólk

Í framhaldi af þessum vangaveltum er fróðlegt að velta fyrir sér kvótaverðinu eins og það er að þróast. Kvótakerfið hefur í gegnum tíðina verið baggi á bændum að því leyti að við það að stækka búin þarf að kaupa aðgang að markaðnum dýru verði. Það er öfugsnúið, þar sem ekki er hægt að reka bú öðruvísi en að fá beingreiðslur. Þetta þarf að laga.

Á árunum fyrir hrun skipti mikið af kvóta um eigendur. Ekki voru neinar forsendur til að viðkomandi kaupendur gætu endilega staðið undir þessu fjárhagslega. Líklegasta skýringin á því að menn fengu þá niðurstöðu að það borgaði sig að kaupa kvóta á yfir 350 til 420 kr. var sú að menn treystu því að kvótinn héldi verðmæti sínu.

Afleiðing af háu verði á kvóta er sú að erfitt er að byggja fjós. Þegar neyslan eykst hratt eins og síðustu ár geta búin ekki aukið afkastagetu sína. Þeir sem vilja auka framleiðsluna geta það ekki, þar sem núverandi framleiðslugeta er fullnýtt. Nú eru bændur sem eru að byggja fjós að treysta á fullt afurðarstöðvarverð á umfram mjólk verði næstu árin.

Eftir tvö ár þarf að endurnýja búvörusamninga og þá þarf að semja þannig að kvótaverð haldi áfram að lækka til að sagan endurtaki sig ekki og kvótaverð komi ekki í veg fyrir hagræðingu í greininni og stækkun á búum. Ég sé ekki annað fyrir mér en að verð á kvóta haldi áfram að lækka verulega, enda áhættan af því að kaupa kvóta of mikil. Kvótakerfið hefur undanfarin ár tafið framþróun í greininni, þar sem of dýrt hefur verið að kaupa kvóta.

Það sem eftir situr er: Hvernig stóð á því að kvótaverð náði þessum hæðum á árunum eftir 2007?

Meiri umfjöllun um búrekstur á burekstur.blog.is
Jón Þór Helgason

Landssamband eldri borgara 25 ára

Samstaðan skiptir máli

Það voru framsýnir menn sem stofnuðu til Landssambands eldri borgara (LEB) fyrir 25 árum, nánar tiltekið þ. 19. júní 1989. Í fyrstunni hét það Samtök aldraðra en var seinna breytt í það sem nú er.

Stofnfundurinn var á Akureyri og fyrsti formaður var Aðalsteinn Óskarsson, Akureyri. Tíu félög eldri borgara stóðu að stofnun landssambandsins en í dag eru þau 54 með tæplega 21.000 meðlimi. Í slíkum fjölda getur verið mikill styrkur ef samstaða næst um málin. Meginmarkmið Landssambands eldri borgara er að vinna að hagsmunamálum eldri borgara og koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna gagnvart stjórnvöldum. Það gerir landssambandið með því að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi stefnumótun og áform um aðgerðir í þágu eldri borgara. Einnig með því að gefa umsögn um lagafrumvörp sem snerta að einhverju leyti hag

eldri borgara, og var á sl. vetri gefin umsögn um 15 frumvörp og/eða þingsályktunartillögur á Alþingi. Jafnframt hefur landssambandið síðastliðin ár haldið fræðslu-fundi með aðildarfélögum um allt land um hin ýmsu mál sem snerta hag eldri borgara og veitt upplýsingar um starf LEB, hvaða málum sé verið að vinna að og hvaða árangur hafi náðst. Landssambandið rekur einnig heimasíðu leb.is og gefur út tímaritið Listin að lífa tvisvar á ári, sem sent er frítt til allra meðlima félaganna. Nú í vor var gefið út veglegt afmælisblað af Listinni að lífa, sem prentað var í tvöföldu upplagi, eða 45.000 eintökum, og sent á öll heimili landsins þar sem bjuggu einhverjir 60 ára eða eldri. Dreifing blaðsins var meiri en venjulega vegna 25 ára afmælisins.



Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

Starfið fram undan

Það hefur verið ákaflega gefandi starf og skemmtilegt að heimsækja félög eldri borgara. Sjá hvaða starfsemi er í gangi, hvernig aðstaðan er og hversu lifandi starfið er í hverju félagi. Ég vænti þess að á næsta vetri takist okkur í stjórn LEB að heimsækja þau félög sem við náðum ekki sl. vetur, en veðurfarið í janúar og febrúar var ekki beint hagstætt til ferðalaga í dreifbýlinu og þurfti því nokkrum sinnum að aflýsa fyrirhuguðum fundum. Með samningi sem við höfum gert við Velferðarráðuneytið höfum við tekið að okkur setu í mörgum starfshópum á vegum stjórnvalda, s.s. um endurskoðun almannatrygginga, um endurskoðun laga um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga, starfshópi um velferðartækni í félagsþjónustu, um húsnæðismál og um mótun fjölskyldustefnu, og eigum fulltrúa

í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það má því nærri geta að það hefur verið nóg að gera hjá stjórn LEB, því stjórnarmenn hafa tekið að sér flest þessi verkefni, svo að stjórnin hefði yfirsýn yfir málin. Í þessum starfshópum er fjallað um mörg hagsmunamál okkar, s.s. húsnæðismál, almannatryggingar, lífeyrismál, starfslok, heimaþjónustu og hjúkrunarheimili.

Það væri hægt að tíunda margt fleira úr starfi Landssambands eldri borgara. Ritnefndin gefur út og safnar efni í Listin að lífa. Fjármálaráðið leitar eftir styrktaraðilum og gerir samninga við fyrirtæki. Kjaranefndin fylgist með kjaramálum á breiðum grundvelli og sendir frá sér ályktanir. Velferðarnefndin tekur fyrir allt er varðar heimaþjónustu og hjúkrunarheimilin. Í vetur hefur stjórnin lagt mikla áherslu á að stofnað verði Öldungaráð í öllum sveitarfélögum nú að loknum sveitarstjórnarkosningum, og hefur

því yfirleitt verið vel tekið. Með því væri kominn samstarfsgrundvöllur milli eldri borgara og sveitarstjórnarmanna. Og með því getum við haft áhrif á hvernig búið er að okkur í heimabyggð. Þannig hefur starf Landssambandsins verið að eflast mjög hin síðari ár, og á 25 ára afmælinu getum við lítið yfir farinn veg með stolti og þakkað þeim sem hafa á liðnum árum unnið að málum okkar innan LEB af óeigingirni og lagt sig alla fram um að koma góðum málum áfram. Ég vænti þess að þannig muni það verða áfram og Landssamband eldri borgara verði virkt og sterkt afl í þjóðfélaginu sem ekki er hægt að ganga fram hjá við ákvarðanatöku um hagsmunamál hins stóra hóps eldri borgara landsins.


Til hamingju með 25 ára afmælið.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.

ERTU AÐ BYGGJA EÐA BREYTA



Hagkvæm og sjálfvirk loftræstikerfi fyrir íslensk fjós, fjárhús og önnur gripahús



Fáðu aðstoð sérfræðinga okkar við val á rétta kerfinu fyrir þitt bú



Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.



FUGLAVARNIR

Öflugar og skilvirkar fuglafælur sem byggja á nýjustu hljóðtækni. Búnaðurinn er alsjálfvirkur og heldur gæsum og álfum frá nýrækt, kornökum og túnum. Virkar einnig á máva, starra, hrafna, dúfur og fleiri fugla- tegundir. Tæknin byggir á yfir 20 ára reynslu frá Bretlandi og er leiðandi á heimsvísu.



Nánari uppl.: 896-1013, sala@fuglavarir.is



Sumarið er tíminn!

GRÓÐURHÚS



Erum með vönduð og góð gróðurhús í öllum stærðum og gerðum. Gler og plast.

Verð frá **69.900,-**

Plast, garn og net

Rúlluplast



VISQUEEN rúlluplast 75 cm

Hvít / Grænt / Svart

Staðgreiðsluverð kr. 11.100,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 11.600,- án vsk

VISQUEEN rúlluplast 50 cm

Hvít / Grænt

Staðgreiðsluverð kr. 8.900,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 9.400,- án vsk



Rúllunet



Piippo rúllunet 123x3100 m

Staðgreiðsluverð kr. 22.100,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 23.430,- án vsk

Piippo rúllunet 130x3100 m

Staðgreiðsluverð kr. 21.500,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 22.790,- án vsk

Piippo Hybrid 123x4000 m

Staðgreiðsluverð kr. 27.300,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 28.940,- án vsk



Bindigarn



Piippo bindigarn 1000 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 2.020,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 2.140,- án vsk

Piippo bindigarn 400 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 2.020,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 2.140,- án vsk

Piippo bindigarn 130 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 3.470,- án vsk

Greiðsluskilmálar kr. 3.680,- án vsk



ATH: Flytjum plastið þér að kostnaðarlausu á næstu afgreiðslustöð Landflutninga.



Þ Ó R

Reykjavík:

Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:

www.thor.is



Vélavít útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!



Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is

FRYSTAR

Einfaldir í uppsetningu

Kæli- eða frystiklefar

Allar stærðir í boði

Úrval kælikerfa

Úrval hillukerfa

íshúsið



Allt í kælikerfið á einum stað

S: 566 6000 | ishusid@ishusid.is | Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

TNDAR Í FLESTAR GERÐIR HEYVINNUVÉLA



www.VBL.is

VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Líklega ódýrustu
heyvinnuvélar landsins
Samsetning kaupendum að
kostnaðarlausu!

Heyvinnuvélar

Vélar í hæsta gæðaflokki á lágmarks verði



Heypyrlur



Diskaslátturvélar



Múgavélar



KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Sjáumst á Landsmóti hestamanna á Hellu



TOP REITER

Ögurhvarfi 2 | Sími 565 5151

topreiter.is | topreiter@topreiter.is

Lesendabás

Aðbúnaður í fjósum

Viltu bónus? – 1. hluti

Ég hef gegnum tíðina og þegar ég starfaði sem mjólkureftirlitsmaður varið miklum tíma í að fá mjólkurframleiðendur í forvarnarvinnu, bæði vegna líftölu í mjólk og frírra fitusýra (ffs) en ekki síst þegar jógurheilbrigði og frumutala á í hlut, því ljóst er að lyf eru engin lausn heldur þrautarlending þegar jógurbólga er annars vegar.

Þegar líftalan skutlast upp eða stighækkar eða mæling er há í ffs er oft of seint í rassinn gripið og bónusgreiðsla viðkomandi mánaðar er fokin út í veður og vind og verður ekki aftur tekin.

Frekar fúlt finnst bændum „oftast“, því til eru bændur og ég þekki nokkra sem gefa lítið fyrir bónusinn og finnst forvarnarvinna í þessum efnum illa launuð. Hverjum er sama um bónusinn og hverjum ekki skiptir ekki máli en mér finnst það hljóti að muna um að fá um 1,70 kr./l í ofanálag fyrir gæðamjólk, t.d. þýðir það fyrir 350 þúsund lítra bú tæpar 600.000 kr. á ári takist að framlaiða úrvalsmjólk í öllum mánuðum. Einn bóndi í þessum stærðarflokki sagði að bónusinn borgaði allan dýralækniskostnað búsins á árinu auk nokkurra kassa af rauðvíni eins og hann orðaði það sjálfur og glotti um leið, greinilega ánægður með lífið og tilveruna.

Forvarnir gegn jógurbólgu og hárrí frumutölu

Ætla að byrja á að viðra skoðanir mínar á forvörnum og vinnu gegn jógurbólgu og hárrí frumutölu jafnvel þó svo að MS hafi nú ráðið dýralækni til að aðstoða mjólkurframleiðendur í þeim efnum og vonandi að kúabændur kunni að meta það ágæta framtak. En sem sé, frumutalan fyrst og síðar pistlar um önnur atriði sem varða bónusgreiðslur. Ég vona að það sé ljóst að þó að ég nefni hér og fari yfir atriði og vinnubrögð sem allir bændur þekkja vel og þarf vanalega ekki að segja þeim er ekki hægt að úttala sig um þessi mál nema nefna alla flóruna, sama hve augljós hún er vönum bændum.

Gott atlæti smákálfa skilar sér

Það er eðlilegast að byrja á því að ræða smákálfana, kvígurnar, sem



Kristján Gunnarsson

góða byrjun á forvörnum og það er óumdeilanlega skynsamlegt að reyna að tryggja að byrjun sogatferlis verði ekki í smákálfastíunum. Ef smákálfarnir læra að sjúga hver annan í uppeldinu eru mun meiri líkur á sugum á eldri stigum, þeir byrja oft vegna vanlíðanar og leiðinda að sjúga eyru hver annars og rata síðan oftast að lokum í jógursvæðið. Góð forvörn við slíku er að kálfunum líði vel og eru þá leguðstæður og þurr umhverfi stærsti þátturinn, þ.e. hafa þá t.d. á þurrum og miklum hálmi við hæfilegt hitastig 13–15 °C og þrif séu það góð að flugnaplága angri þá ekki.

Það er hörmung að sjá smákálfa þakta flugum sem angra þá og skríða inn í eyru þeirra og augu. Smákálfum við slíkar aðstæður líður verulega illa og þeir eru vansælir. Forvörn við flugnaplágu er hreinlæti, hreinir gripir, góð loftræsting, lágt hitastig og hafa flugnaspiöld eða láta eitra ef ekki tekst að halda flugunni í skefjum.

Lítil rýr kvíga sem elst upp við lakar aðstæður verður sjaldan góð mjólkurkýr og beri hún með jógurbólgu er líklegt að hennar fyrsta mjaltaskeið verði einnig hennar síðasta. Byrjið strax að leyfa þeim að kroppa í fóðurbæti, það eykur á þroskaferli þeirra. Aldrei skyldi hafa smákálfa á berum steinbitum, raunar ekki nokkra skepnu. Smákálfum virðist einnig líða betur innan um aðra kálfa á svipuðu reki, eru félagslyndir og kúra sig saman þegar þeir liggja, þannig að góð hóphálmstía er að mínu mati mun betri en einstaklingsbox ef þroskaferli er haft til hliðsjónar.

Það er gríðarlega áriðandi að hálminum sé haldið þurrum, þ.e. að bætt sé reglulega á hann og síðan mokað út og endurnýjað þegar hann fer að verða blautur og skítugur.

Einnig er talið frumskilyrði að smákálfurinn fái mikinn brodd fyrstu dagana eftir fæðingu því þannig fær hann mótstöðuna gegn sjúkdómum og byggingu ónæmiskerfisins frá móðurinni og þéttingu garnakerfisins. Þetta er allt saman forsenda þess að kálfurinn haldi hreinlega lífi og nái hreysti.

Eldri kvígur og aðbúnaður í stíum og básum

Þegar kemur að eldri kvígum þ.e. eftir 6 mánaða aldurinn er það sama uppá teningnum þ.e. þurrt og gott legusvæði, annað hvort hálmur eða það sem ekki er síðra, mjúkir legubásar. Síðan er hið augljósa eftir, að halda fengnum hlut þegar kýrin er farin að mjólka og þar ber fyrst að nefna að borið sé í básana og þeim haldið eins þurrum og hægt er. Skynsamlegt er að nota gott sag og blanda því saman 50/50 eða 60/40 við t.d. Staldren, sem er þurrkandi og sýklahemjandi duft sem fæst víða, m.a. á Bústólpa. Sér í lagi er þetta mikilvæg forvörn í lausagöngufjósum þar sem kýr liggja ekki á sama básnum og geta því mögulega lekið sig í bása út um allt fjós, sem getur haft þær afleiðingar að smitferli eykst til muna. Notið aldrei spæni undir kýr vegna hættu á að flísar stingist í spena eða spenaop og myndi sár sem oftast endar með jógurbólgu því aragrúi er af sjúkdómsvaldandi sýklum í básunum sem bíða færis að komast í æti.

Jógurbólgan

Ef hægt er ber að reyna að mjólka kýr með jógurbólgu á eftir heilbrigðum kúm. Þetta er raunar erfitt í lausagöngu og nánast ógerlegt í róbótafjósum en þar gerir þetta minna til því róbótinn skolar hylkin eftir hverjar mjaltir og minnkar þannig líkur á millismiti. Ef jógurbólga er mikið vandamál í fjósi getur verið til bóta að nota góðan spenaúða, ég segi úða því sá galli er á dýfuglösum að þau geta orðið smitberi milli kúa nema



Góður aðbúnaður smákálfa skilar sér margfalt. Gott er að hafa kálfa á þurrum og miklum hálmi við hæfilegt hitastig, 13–15 °C, og þrif séu það góð að flugnaplága angri þá ekki.

hreinlæti þeirra sé þeim mun betur gætt, þ.e. glösin þrifin og tæmd daglega. Spenuúðinn þarf helst að mynda lokunardropa neðan í spenaopinu til þess að hæfileg vörn sé að, þ.e. speninn sé sem mest lokaður eftir mjaltir til hindrunar nýsmíti upp í gegnum spenaopið. Dýfur sem innihalda joð eru hátt skrifaðar þessa stundina. Það tekur spenaopið og varnarkerfi spenans u.þ.b. hálfa klst. að lokast og mynda viðunandi vörn gegn utanaðkomandi sýklum eftir mjaltir. Þetta meðfædda varnarkerfi er gríðarlega öflugt en getur skaðast og orðið lélegt ef t.d. mjaltir eru óvandaðar, soghæð mjalta ekki á réttu róli eða ónýtt spenagúmmi svo eitthvað sé nefnt. Fyrstu merki um að eitthvað sé að er útdregin slímhimna í spenaopinu og kross sprunginn spenaendi.

Er mjaltakerfið í lagi?

Fylgist vel með mjaltakerfinu hvort heldur hefðbundnar mjaltir eru eða sjálfvirkar og sparið ekki fyrirbyggjandi skoðanir, mælingar og yfirferð þjónustuaðila. Þá ber að nefna varnir gegn spenastigi sem er alvarlegur skaðvaldur, einn sá algengasti. Þá er básinn og bindingarnar, ef kýr eru bundnar, ofarlega á áhættuskránni. Burt með klafa og keðjubindingar og reimar í staðinn, lækka kantinn milli báss og fóðurgangs niður fyrir 15 cm,

mjúkar mottur í bása. Einnig að mjólkandi kýr, kýr í geldstöðu eða yfirhöfuð kýr sem farið er að koma undir séu ekki hafðar í stíum með hörðu undirlagi og þá sér í lagi ekki á steinbitum vegna eigin stighættu, stighættu af öðrum kúm og ekki síst kulda frá haughúsi.

Eru klaufirnar snyrtar?

Að endingu og ekki síst er atriði sem er mjög mikilvægt, en það er klaufahirðan. Ofvaxnar klaufir eru undirrót marga sjúkdóma í kúm, m.a. jógurbólgu, svo ekki sé nú talað um stighættu kúa með ofvaxnar klaufir þar sem hættan er mest þegar þær eru að standa upp eða leggjast. Látið endilega snyrta klaufir a.m.k. árlega því ef það er gert reglulega verða minni líkur á holti sem oft má sjá á nýklaufskornum kúm sem voru með mikið vaxnar klaufir fyrir.

Þá að lokum hið augljósasta, hrein og þurr fjós með hreinar og klipptar kýr eru mun líklegri til að vera laus við jógurbólgu, þetta er staðreynd.

Hér hafa verið nefnd nokkur atriði sem skipta miklu máli í forvarnartilgangi en ljóst er að ef öll atriði sem skipta máli hefðu flotið með hefði þessi grein verið helmingi lengri.

Kristján Gunnarsson ráðgjafi Bústólpa ehf.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Forvarnir og auglýsingar

Það hefur verið ánægjulegt að heyra auglýsingar nokkurra fyrirtækja sem eru með forvarnarboðskap í fjölmiðlum. Sem dæmi minnir Eimskip unga reiðhjólantendur á að nota hjálm, Bílabúð Benna á að fara aldrei neitt nema með beltin spennt og VÍS er með sínar skemmtilegu auglýsingar í sjónvarpi sem koma víða við. Vonandi er þetta upphafið að öldu auglýsinga í þessum stíl sem lúta að forvörnum hjá fleiri fyrirtækjum.

Hvað get ég gert?

Nánast allir þekkja einhvern sem hefur látist í slysi eða slasast það alvarlega að viðkomandi bíður þess aldrei bætur. Með því að opna umræðu um slys og ræða afleiðingar þeirra má minnka líkurnar á að þau endurtaki sig. Þetta hefur margsannað sig. Sem dæmi kom ég að umferðarátaki Snigla árið 1993



þar sem í einni auglýsingunni sagði eftirfarandi: „Fyrstu 10 ár Snigla dóu 15 manns á bifhjólum, en af þeim voru 5 fullir. Næstu 10 ár dóu 7 og enginn fullur.“ Árangurinn tvíþættur, annars vegar 100% árangur þar sem enginn dó ölvaður á hjólinu sínu. Hins vegar yfir 50%

fækkun banaslysa bifhjólafólks. Þetta þakka ég persónulega því að þarna var mótorhjólafólk að fræða mótorhjólafólk með hjálp fjölmiðla.

Bóndi fræðir bónda

Því miður eru bændur á Íslandi ekki nógu duglegir að tilkynna slys og óhöpp svo að nánast ómögulegt er að vinna markvisst að forvörnum út frá gagnagrunni. Í síðasta forvarnarpistli nefndi ég hvernig börn eru notuð til að koma forvarnarskilaboðum heim á býli í Bandaríkjunum. Þar er til gagnasafn þar sem þeir sem hafa lent í slysum segja sögu sína. Einhver átakanlegasta sagan er frá K.T. Reynolds frístundabónda, sem heldur fyrirlestra öðrum til varnar af skelfilegri reynslu sinni. Sagan sem hann segir er þegar hann hafði fengið lítinn traktor að láni til að slá gras. Börnin hans þrjú – fimm, átta og níu ára –

nauðuðu í honum allan daginn að fá að sitja hring með honum á litla traktornum. Alla tíð sagði hann nei því að það væri hættulegt. Þegar hann var búinn að slá báðu börnin um hringferð á þeirri forsendu að hann væri búinn að slá og þá væri það ekki hættulegt. Með yngsta barnið í fanginu og dóttur sína og son hvort á sínu afturbrettinu ákvað hann að fara smá hring með börnin. Ferðin fékk skelfilegan endi, brettið undan átta ára syninum brotnaði og hann varð undir afturhjólí vélarinnar og lést. Skilaboð K.T. Reynolds til annarra er að standa við að Nei er Nei og að hafa þor til þess að segja nei gerir foreldri að ábyrgari aðila. Margar svona reynslusögur má finna á forvarnarvefsíðum í amerískum landbúnaði, en árangur forvarna í Bandaríkjunum er virkilega mikill og aðferðarfræðin bæði góð og ódýr.

Opin umræða skilar árangri

Í þessum stuttu forvarnarpistlum hefur verið komið víða við og vonandi einhverjum til fróðleiks. Þó hef ég ekki enn fengið JÁ-svar við spurningu minni þegar ég spyr bændur sem ég hitti hvort slökkvitæki eða fyrstuhjálparpakki sé í traktornum. Ég ferðast mikið og finnst afgerandi misbrestur á notkun fólks í bílum á öryggisbeltum í smærri þorpum og þéttbýliskjörnum úti á landi. Oft sér maður fjór hjól eða sex hjól í vinnu á túnum en allt of oft er enginn hjálmur. Fyrir skemmstu lenti þingmaður í alvarlegu vélsleðaslysi. Í viðtali sagðist hann eiga bæði betri fjarskiptabúnað og brynju sem hann var ekki með í slysinu. Það getur verið í lagi að gleyma veskinu heima í búðarferð en að hugsa um öryggi sjálf síns og annarra á einfaldlega að vera sjálfsögð hugsun hvers og eins. Öryggisbúnaður er til þess að nota hann.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Sandlegubásar í fjósum

Víða erlendis eru legubásar mjólkurkúa einungis með sandi í og hefur það reynst betur en margur kann að halda. Reynslan bæði frá Bandaríkjunum og Damörku sýnir að kýrnar haldast hreinni í fjósum með sandlegubásum en nokkurri annari gerð af undirburði.

Líklega er algengast að finna fjós með sandi í legusvæði nautgripa í Bandaríkjunum og Kanada og svo í löndum þar sem sandur er víða nærtækur, eins og Mið-Austurlöndum. Í Evrópu er sandurinn einnig farinn að sjást í fleiri og fleiri fjósum en útbreiðsla þessarar gerðar undirlags er þó minni en ætla mætti, en líkleg skýring á því eru áhyggjur bænda af því hvað gerist þegar sandurinn blandast við mykjuna og af áhrifum sands á endingu tækni-búnaðar. Það eru þó all nokkur ár síðan öll helstu vandamál með samspil sands og mykju voru leyst og á hverju ári bætist við ný tækni sem gerir notkun á sandi sem legusvæði fyrir nautgripi enn áhugaverðari en áður.

Dýnur hafa takmarkaða endingu

Margir bændur hér á landi þekkja af eigin raun að legubásadýnur, eða öllu heldur dúkurinn sem strekkur er yfir pulsudýnurnar hefur takmarkaða

endingu. Það er með öllu eðlilegt að dúkurinn slitni og er oftast miðað við að endingartíminn sé um 10 ár. Þá er næsta víst að gúmmíkurflyltu pulsumar, sem eru undir dúknum, hafi einnig misst fjöðrun sína og því komið að endurnýjun á þeim einnig. Reyndar má lengja líftímann aðeins með því að velta þeim við, þ.e. snúa þeim um 180 gráður svo sá endi sem áður var undir afturfótum verði eftir breytinguna undir framfótum. Önnur leið er vissulega að kaupa nýtt sett, þ.e. nýjar pulsar og yfirdýnu, en þriðji valkosturinn er einnig til staðar, þ.e. að skipta algerlega um undirlag fyrir kýrnar. Þá koma til greina nokkrir valkostir og vera má að sandur sé einn þeirra, það þarf þó að vega vandlega og meta.

Sandur hefur yfirburði

Margar athuganir á breyttum fjósum í Bandaríkjunum, þar sem skipt hefur verið úr legubásadýnum yfir í sand í legubásum, hafa sýnt fram á ótvíræða kosti sandsins. Nuddsár á fótum nánast hurfu við skiptin, fóru úr 29% í 4%, 40% færri heltutilvik voru skráð, 27% færri meðhöndlanir við jógurbólgu, 14% meiri ending kúa, 20% lægri frumutala og 7,7% hærri meðantyt. Skýringin á þessum mikla mun, við það eitt að

skipta um undirlag kúnna, felst í mörgum samspilsþáttum, s.s. að kýrnar liggja lengur í sandinum, hann þurrkar betur upp og því koma síður nuddsár, kýrnar renna ekki þegar þær standa upp eða leggjast sem hefur þá jákvæð áhrif á tíðni holti auk þess sem bakteríur eiga erfitt með að fjölga sér í sandi sem hefur þá góð áhrif á t.d. á tíðni jógurbólgu. Auk þessa hefur sandurinn þau áhrif að gangsvæði kúnna verða miklu stamari og betri fyrir kýrnar að ganga á þar sem finn sandurinn berst með klaufum kúnna úr legubásunum og út á gangsvæðin.

Kýrnar velja sjálfar hálmlegubása

Þó svo að sandurinn henti einkar vel fyrir kýrnar hafa rannsóknir sýnt að fáir þær að velja velja þær fyrst hálmlegubása, þ.e. legubása sem eru með 15-20 cm þykkt lag af hálmi. Þar sem slíkt undirlag er er legutími kúnna mestur. Hins vegar er sandurinn í öðru sæti hjá kúnum en í fyrsta sæti hjá bóndanum svo að valið er allauðvelt í raun, séu réttar forsendur til staðar.

Kýrnar liggja lengur

Þegar leguatferli kúa er skoðað í fjósum með sandi í legubásunum hefur komið í ljós að þær eru afar öruggar í þessum fjósum og t.d. leggjast þær mun fyrr niður en þegar annað undirlag er í básunum. Þannig sýnir t.d. dönsk rannsókn að tvöfalt fleiri kýr leggjast niður innan 30 sekúndna frá því að þær eru komnar upp í legubásinn en þegar dýna er í básnum.

Sérstök hönnun

Þegar sandlegubásar eru hannaðir þarf að horfa sérstaklega til þykktar sandlagsins, en það þarf að vera að lágmarki 15 sentímetra þykkt. Sé básinn steypur er í dag hægt að fá sérstaka vinkla aftan á básana til þess að breyta þeim í sandlegubása en svo að unnt sé að gera það má steypiti botn bássins ekki vera of hár miðað við gangsvæði kúnna. Þá þarf að passa afar vel upp á viðhald og



Þar sem notkun á sandi í fjósum eykst liður yfirleitt ekki á löngu þar til framleiðendur á sandi fara að bjóða upp á sérstakan sigtaðan sand sem hentar í fjós.

endurnýjun sandsins í legubásunum og miða margir kúabændur við að fylla á legubásana á eins til tveggja vikna fresti.

Geldneytin einnig á sandi

Vestur í Bandaríkjum eru fleiri og fleiri farnir að hafa sand í legusvæði kvígnanna einnig og er það þá gert til þess að venja þær strax við þetta undirlag, sem þær svo fá í fjósinu þegar þær eru bornar. Oft er þá miðað við að hafa kvígurnar fyrst saman í hálmtíu fyrsta mánuðinn eða svo eftir að mjólkurfóðrun líkur en svo fara þær yfir í fjós með legubásum með sandi í.

Endurnýta sandinn

Legubásasandur er tiltölulega dýr, þurfi bóndinn að kaupa hann að, og því hafa margir skoðað mögulega kosti þess að endurnýta sandinn. Í dag eru til nokkuð margar ólíkar lausnir í því sambandi. Þannig er t.d. til sk. sandþvottavél frá fyrirtækinu Opicon en tækið tekur sandblandaða mykjuna, skolar burtu sandinum og dælir í haug. Með þessu undrategi endurnýtast um 90% af sandinum. Í Bandaríkjunum, þar sem kúabændurnir hafa orðið lengri reynslu en t.d. kollegar þeirra í Danmörku, má sjá margar ólíkar lausnir í þeim tilgangi að endurnýta sandinn. Sumir bændur búa til eins konar risatjarnir þar sem sandurinn getur botnfallið á meðan aðrir hafa búið til ólíkar gerðir af skolbúnaði sem hreinlega skolar burt lífrænu efnunum úr sandinum. Þá eru einnig til hálfgerð lagersvæði, þar sem sandurinn er keyrður út á stór steyp

plön og svo er regnvatn látið sjá um að hreinsa sandinn á þeim tíma sem það nú tekur! Þetta kerfi endurnýtir um 98% sandsins en tekur alllangan tíma.

Sérstakur sandur

Að lokum er rétt að fjalla um sandinn sjálfan og gæðakröfurnar sem gera þarf til hans, því eigi vel að takast til þarf sandurinn að vera af miklum gæðum. Þannig mega sandkornin ekki vera hvöss en þess í stað ávöl, því annars geta þau valdið skaða á húð kúnna og/eða spenum og spenaendum. Þá mega stærstu kornin í sandinum helst ekki vera stærri en 0,25 mm, þar sem reynslan sýnir að sé sandurinn grófari en það er erfiðara t.d. að dæla mykjunni og raunar almennt að meðhöndla mykjuna. Reyndar nota kúabændur í Danmörku oft svokallaðan fyllisand, en hann hefur kornastærð frá 0,06 mm til 2 mm, þ.e. með stærri korn en almennt er mælt með að nota. Þá má sandurinn ekki innihalda leir, þar sem leirinn gerir það að verkum að sandlagið þjappast of mikið saman. Þegar sandur er keyptur er alltaf hægt að biðja um tækniblað yfir sandinn, einnig hér á landi, þar sem fram kemur kornastærð hans og dreifing kornanna eftir möskvastærð sigtanna sem notuð eru til þess að flokka sandinn með.

*Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktarsviði
Þekkingarsetri landbúnaðarins
í Danmörku*

Upptaktur fyrir Landsmót hestamanna: Sýning til heiðurs íslenska hestinum í Norræna húsinu

Nokkrir listamenn og hönnuðir leggja saman krafta sína á samsýningu í Norræna húsinu þessa dagana og hylla íslenska hestinn. Þeim var gefinn laus taumurinn til að skapa og sýna listaverk sem innblásin eru af íslenska hestinum, fegurð hans og þokka, litum og örlögum. Listamennirnir koma skynjun sinni og sýn, innblásinni af íslenska hestinum, til skila með margvíslegu móti í mismunandi efnivið.

Sýningin var fyrst sett upp í sýningarrými Norrænu sendiráðanna í Berlín, Fælleshus, sumarið 2013 á ári hestsins og í tilefni þess að heimsmeistarmót íslenska hestsins fór fram í Berlín á sama tíma. Sýningin sló í gegn og varð sú aðsóknarmesta í sögu Fælleshus. Uppsetning á sýningunni í Norræna húsinu er eins konar upptaktur fyrir Landsmót hestamanna sem haldið verður á Hellu dagana 30. júní–6. júlí næstkomandi.

Á sýningunni eru verk eftir íslenska listamenn, ljósmyndara og fatahönnuði. Sýningarstjóri sýningarinnar er Ragna Fróðadóttir en sýningarumsjón er í höndum Birtu Fróðadóttir, sem nýverið flutti til Íslands frá Berlín.

Tekið verður ofan fyrir hinum þekktu listamanni Birgi Andræssyni (1955-2007), fulltrúa Íslands á



Mynd / Una Lorenzen



Mynd / Benni Valsson



Mynd / Spessi

Feneyjatvíæringnum árið 1995. Á sýningunni verða verk þar sem Birgir kannar tengsl sjónrænnar skynjunar og tungumálsins með munnlegum hestalýsingum.

Þátttakendur í sýningunni: Hrafnkell Birgisson, Gígja Einarsdóttir, Gréta Vilborg

Guðmundsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Ásta Guðmundsdóttir, Dögg Guðmundsdóttir, Una Lorenzen, Rut Sigurðardóttir, Spessi, Benni Valsson, Andersen & Lauth, Erna Einarsdóttir, Jör by Guðmundur Jörundsson, Mundi og Þorkell Sigurður Harðarson.



PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR

Starfsþjálfunar – og enduhæfingar vinnustaður

Lokað frá og með 21. júlí til og með 8. ágúst

Vegna sumarlokunar eru bændur minntir á að panta **nautgripamerkin** tímanlega.



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur

Furuvöllum 1, 600 Akureyri.

Opnunartími:

Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00

Sími 461-4606, Fax 461 2995

Netfang pbi@akureyri.is



Suzuki Alto kostar lítið og er ódýr í rekstri

Margir foreldrar hjálpa börnunum sínum að kaupa bíl þegar þau eru nýlega komin með bílpróf. Ófáir hafa keypt notaðan bíl sem kostar lítið og innan árs er viðgerðarkostnaður orðinn ógnarhár og jafnvel margfalt verð bílsins. Annað ráð er að kaupa nýjan bíl og því kannaði ég á vefmiðlum hvaða bíl væri hagkvæmast að festa kaup á. Eftir nokkra skoðun sá ég að Suzuki Alto væri einn ódýrasti bíllinn á markaðnum. Ég brá mér því í Suzuki-bíla í Skeifunni og fékk að taka smá hring á bílnum.

Hátt undir bílinn miðað við marga aðra bíla svipaða

Í innanbæjarakstri með mig einan innanborðs vantaði ekkert upp á kraftinn í 996cc bensínvélinni. Það var ávallt nægur kraftur og tog til að halda umferðarhraða. Þegar komið var út á veg þar sem hámarkshraðinn var 90 km viðurkenni ég vissulega að ég hef keyrt bíl sem er sneggrí að ná umferðarhraða, en aldrei var ég fyrir neinum á þessum stutta kafla sem ég ók á Keflavíkureginum. Rétt hjá álverinu í Straumsvík prófa ég flesta bíla sem ég prufukeyri á stuttum malarkafli. Það kom mér á óvart hversu lítið malarvegahljóð heyrðist inni í bílnum miðað við

Helstu mál, verð og vél	
Lengd:	3.500 mm
Hæð:	1.470 mm
Breidd:	1.680 mm
Þyngd:	885 kg
Verð	1.840.000
Vél 996cc bensín	68 hestöfl

marga aðra bíla af svipaðri stærð. Einnig kom það mér á óvart hversu hátt var undir lægsta punkt á bílnum.

Bara skráður fyrir fjóra, en ekki of stóra

Farangursrýmið er ekki mikið og ef einhver er að hugsa um að nota svona bíl til að fara í golf verður að leggja sætin niður til að koma golfsettinu fyrir. Plássið í farangursrýminu er ekki mikið. Að sitja í framsætunum er mjög gott og fannst mér ótrúlega mikið rými þar fyrir ökumann, það mikið að ég fékk félagan minn sem er vel yfir tveir metrar til að máta undir stýri. Mér til furðu virtist vera ágætis pláss fyrir hann í framsætunum, en í aftursætið þurfti hann að böggla sér



Suzuki Alto.



Glettilega hátt er undir bílinn.

inn og sagði að honum fyndist eins og að hann væri í spennitreyju! Hins vegar þegar hann sat í aftursætinu fékk ég þennan fína olnbogapúða sem var hnéð á honum sem kom fram á milli framsætanna.

Mæli hiklaust með Suzuki Alto fyrir byrjendur í umferð

Eitt sem ég hjó eftir var að bíllinn



Það er þröngt í aftursætinu fyrir fullvaxna karlmenn.

kemur á 14“ álfelgum og á dekkjum sem eru mjög ódýr þannig að ekki ætti að kosta mikið að splæsa í vetrardekk undir bílinn. Það eina sem ég set persónulega út á bílinn er að baksýnispegillinn mætti vera minni og hliðarspeglar stærri. Samkvæmt bæklingi frá Suzuki á meðaleyðsla á bílnum að vera 4,3 lítrar á hundraðið, en ég gæti vel trúað að svona bíll



Ekkert of mikið af mælum, en dugir.

sé að eyða á Íslandi nálægt 5,5 á hundraðið (þekki mann sem átti svona sjálfskiptan bíl sem eyddi að meðaltali 6,2 að hans sögn). Klárlega einhver besti bíll sem byrjandi í umferðinni ætti að skoða áður en farið er að kaupa notaðan bíl sem hugsanlega á stutt í mikið viðhald og bilanir.



Ef golfsettið á að fara með þarf að leggja aftursætin niður.

Gríðarleg aukning í póstverslun

Kínverska sölusiðan AliExpress býður upp á mikla möguleika

Gríðarleg aukning hefur orðið á póstverslun hér á landi síðustu ár. Einkum er þar um að ræða póstverslun í gegnum sölusiður á netinu. Sölusiður eins og Amazon og eBay eru vel þekktar en mestur vöxtur hefur orðið í netverslun í gegnum kínverskar sölusiður upp á síðkastið. Er síðan AliExpress þar fremst í flokki.

Allt frá sólgleraugum upp í snekkjur

Á síðunni er hægt að kaupa nánast hvað sem fólki dettur í hug, allt frá fötum, sólgleraugum og skartgripum til reiðhjóla og báta. Ekki eru til nákvæmar tölur um hversu mikil þessi viðskipti eru orðin en samkvæmt upplýsingum frá Íslandsþósti varð yfir 400 prósentu aukning á sendingum frá Kína á milli árána 2012 og 2013. Langflestar þessara sendinga munu til komnar vegna viðskipta við AliExpress og

Alibaba, sem er móðurfyrirtæki fyrrnefndu síðunnar. Á Alibaba má kaupa stærri hluti og í meira magni en á AliExpress.

Fjöldi fólks nýtir nú þessa þjónustu til að kaupa hinar og þessar vörur sem fást á mun lægra verði en hér heima. Það er enda ástæða þess að fólk kys að nýta sér þjónustuna auk þess sem þægilegt er að kaupa vöru í rólegheitum á netinu og fá hana senda heim til sín eða í næsta pósthús. Þá er um þægilega leið að ræða fyrir íbúa á landsbyggðinni sem geta nálgast ýmislegt í gegnum póstverslun sem ekki er fáanlegt í heimabyggð. Afgreiðslutími vörunnar getur þó verið nokkuð langur, ekki síst ef valdar eru vörur sem eru án sendingarkostnaðar. Þá þarf að greiða toll af vörunum en þegar fríverslunarsamningur Íslands við Kína verður að fullu kominn í gagnið má búast við því að hann lækki eða leggist af í einhverjum tilfellum.



Tíu sinnum ódýrara

Einn af þeim sem hafa nýtt sér þessa þjónustu er Davíð Logi Jónsson, bóndi á Egg í Hegranesi í Skagafirði. „Ég hef verslað nokkuð við AliExpress. Ég hef reyndar ekki enn keypt tæki til notkunar í landbúnaði eða slíka hluti en ýmislegt annað. Ég keypti til að mynda talsvert af sparperum, eða díóðuperum, í gegnum þessa síðu. Þær voru um það bil tíu sinnum ódýrari þarna úti heldur en hér heima og þó að maður þurfi að borga smá toll af þeim margborgar þetta sig. Þá keypti ég útikastara sem ég ætla að setja upp á hlöðuna hjá mér og þeir voru um það bil fimm sinnum



Davíð Logi Jónsson

ódýrari en sambærilegir út úr búð hér heima. Ég hef skoðað ýmis verkfæri og rekstrarvöru og það er gríðarlega mikið í boði þarna á góðu verði. Annað sem ég hef keypt þarna hefur staðið undir öllum mínum væntingum. Verðið er margfalt lægra og þjónustan er líka mjög góð.“

Verður að vega og meta

Davíð segir að helsti gallinn við þessa verslun sé sá að afhendingartíminn sé langur velji fólk ókeypis sendingu. „Það er hann iðulega allt upp í þrjátíu dagar en þá er bara spurning um að vera forsjáll. Það er klárlega hægt að

nýta sér þetta en fólk verður auðvitað að vega og meta. Til dæmis fá menn ekki endurgreiddan virðisaukaskatt af þessum vörum en sé sparnaðurinn mikill er það ekki vandamál. Ég myndi því ekki hika við að kaupa minni hluti í gegnum þessa þjónustu, handverkfæri og slíkt. Það er kannski meiri spurning með stærri hluti og flóknari, eins og suðuvélar eða slípirokka. Þeir eru auðvitað í ábyrgð hér heima og hægt að fá viðgerðarþjónustu en það gæti verið erfiðara með hluti keypta þarna að utan. Þetta er samt valkostur sem maður myndi skoða og nýta sér ef verðmunurinn er mikill.“

Smáskammtalækningar á borð við byggðakvóta leysa engan vanda

Hógværar tillögur að vestan um breytingar á stjórn fiskveiða

Fyrsta grein laga nr. 116 2006 um stjórn fiskveiða hljóðar svo: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Við undirritaðir leggjum til að þessi grein laganna komi til fullra framkvæmda fyrir næstkomandi fiskveiðiár, sem hefst 1. september 2014. Með vísan til þess, leggjum við til að frumbyggjaréttinum verði skilað aftur að hluta til sjávarbyggða á heljarþröm sem hér segir:

1. Þar sem atvinnuleysi og önnur óáran hrjáir íbúa í Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi, skulu krókaveiðar, þ. e. línu og handfæraveiðar, gefnar frjálssar frá grunnlínunum og minnst 30 mílur til hafs. Kallast það frumbyggjaréttur. Sjávarútvegsráðherra, með fulltingi ríkisstjórnar, skal meta fyrir 1. sept. árlega hvaða byggðarlög í viðkomandi kjördæmum falla undir þessa skilgreiningu. Byggðakvótar falli niður á þeim stöðum.

2. Úthluta skal í þessu skyni árlega 20,000 tonnum - tuttugu þúsund tonnum - af eftirtöldum tegundum: Þorskur, ýsa, steinbítur og ufsi. Þetta verði framtíðar veiðiheimildir áðurnefndra byggðarlaga, teknar úr sameiginlegum veiðiheimildum þjóðarinnar fyrir úthlutun til kvótahafa. Hægt verði að færa veiðiheimildir milli tímabila með tilliti til vinnslustöðva ef henta þykir.

3. Sveitarstjórnir á hverju svæði sjái um og beri á því alla ábyrgð,

ásamt verkalýðsfélögum á hverjum stað, undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra, að tryggt sé að veiði sé eigi leyfð nema að fyrir liggi samningur um vinnslu aflans og lokasölu hans. Aflaheimildir eru ekki framseljanlegar. Þær fari aldrei út af svæðinu. Ef menn hætta sjósókn skila þeir sínum veiðiheimildum til bæjarfélagsins, sem sér um endurúthlutun þeirra.

Verði menn uppvísir að misferli í sambandi við þessar aflaheimildir, skulu þær innkallaðar tafarlaust.


Greinargerð

Með tillögum þessum er leitast við að benda á hvernig færa má fiskvinnslufólki og útvegsbændum aftur frumburðarrétt þeirra til að lifa af á vissum stöðum á landinu. Færa fólkinu aftur rétt sem af því var tekinn af skammsýni. Við teljum að þetta sé vel fær leið en kostar að menn verða að meta hana af víðsýni og sanngirmi. Láta ekki eiginhagsmuni glepja sér sýn. Ekki er reiknað með slíkri útfærslu í öðrum kjördæmum landsins á þessu stigi, en gæti komið til athugunar síðar. Réttur fólksins í sjávarbyggðum á heljarþröm verður að vera í fyrirrúmi.

Hér er verið að benda á leið til að tryggja byggðarlögin eftir því sem hægt er. Engar bráðabirgðareddingar. Sjávarbyggðirnar þurfa að



Hallgrímur Sveinsson



endurheimta réttinn til að nýta auðlindir sínar. Að skila frumbyggjaréttinum að hluta er góð byrjun. Frumkvæðið í úrvinnslu á málinu verði öll heima fyrir. Stjórnvöld þurfa aðeins að viðurkenna rétt fólksins.

Eru þetta ekki sértækar aðgerðir? Vissulega. Vandí margra sjávarbyggða verður ekki leystur til frambúðar nema með sértækum aðgerðum. Smáskammtalækningar

á borð við byggðakvóta leysa engan vanda segir framkvæmdastjóri LÍÚ. Við erum því algjörlega sammála. Uppræta þarf svindl og ýmis mistök í kvótakerfinu.

Dæmi:

Kröfurnar um að allur fiskur fari á markað hafa leitt til þess að fiskurinn er boðinn upp á svokölluðum Fiskmarkaði Suðurnesja á Ísafirði, settur þaðan upp í flutningabifreið og



Bjarni G. Einarsson

síðan er honum ekið til suðvesturhorns landsins og þar er hann hanteraður á ýmsan hátt. Þess eru jafnvel dæmi að byggðakvóti sé settur á markað. Fiskvinnslustöðvarnar í næsta nágrenni fiskimiðanna hafa annaðhvort ekki vilja eða getu, nema hvortveggja sé, til þess að eignast þennan fisk og vinna. Lýsa yfir vinnustöðvun vegna hráefnisskorts og starfsliði þeirra er þar með komið á atvinnuleysisbætur. Ekki getum við fullyrt neitt um hvaðan þær bætur koma, en ekki kæmi á óvart að þær komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Framangreindar hugmyndir byggja að nokkru leyti á tillögum þeirra Steingríms Hermannssonar og Baldurs Jónssonar frá 1983. Þær eru settar fram til að skapa málefnalegar umræður.

Þingeyri á Sjómannadaginn, 1. júní 2014

*Hallgrímur Sveinsson
Bjarni Georg Einarsson*

Starfsfólk Líflands hlakkar til að taka á móti þér í markaðstjaldi á Landsmóti á Hellu



Lífland söluráðgjöf
Sími 540 1100
Brúarvogur 1-3

Lynghálsi, Reykjavík
Lónsbakka, Akureyri
Efstubraut, Blönduósi

www.lifland.is
lifland@lifland.is





Grasið í garðinum

Gras er líklega sú planta sem fær hvað minnsta athygli. Margir standa í þeirri trú að gras vaxi af sjálfu sér og þurfi litla sem enga umhirðu en þannig er það ekki. Til að fá fallega grasflöt þarf að sinna henni af alúð. Flestar grastegundir eru ljóselskar og þrífast illa í skugga.


Helstu kostir grassins eru að það þolir nokkurt traðk, er mjúkt undir fæti og endurnýjar sig sjálft. Gras hefur góða lykt og fallegan lit en grasgræna næst illa úr fötum.

Hér eru aðallega tvær grastegundir notaðar í grasflatir, vallarsveifgras og túnvingull. Þriðja tegundin, vallarrýgresi, eða enskt rýgresi eins og það er stundum kallað, fylgir stundum með við sáningu. Í fræblöndum er þessum tegundum of blandað saman í hlutfallinu 50% vallarsveifgras, 40% túnvingull og 10% vallarrýgresi.

Eigi grasflöt að þola ágang þarf hlutfall vallarsveifgrass að vera herra, en fyrir skuggastaði á að vera meira af túnvingli. Þeir sem eru latir við að kantskera ættu að nota meira af túnvingli, þar sem hann skriður minna. Vallarrýgresi er notað í garðflatir með öðrum grastegundum. Það er fljótt til og þekur vel og því gott til að ná þekju á fyrsta sumri. Hlutfall þess má þó ekki vera mikið, það er viðkvæmt og deyr yfirleitt á fyrsta eða öðrum vetri og skilur eftir sár hafi verið notað of mikið af því.

Undirbúningur

Til að fá góða grasflöt þarf að gæta vel að öllum undirbúningi. Hreinsa lóðina vel, fjarlægja rætur, steina, torfhnausa og hreinsa allt rusl. Ef það vantar mold verður að útvega hana og blanda með sandi. Síðan er svæðið grófjafnað og hafður vatnshalli frá húsi. Ef garðurinn er blautur þarf að setja í hann drenlög. Þegar búið er að grófjafna skal



Þökur í rúllu.

tæta 20 til 30 sentímetra niður í jarðveginn og hreinsa lóðina aftur. Því næst skal bæta við tveimur til þremur rúmmetrum af sandi, gjarnan blönduðum skeljasandi, á hverja 100 fermetra, og lífrænum áburði í jarðveginn og tæta enn einu sinni. Ef blanda á tilbúnum áburði í moldina á að nota sex til átta kíló á hverja 100 fermetra.

Að lokum skal jafna lóðina í rétta hæð og þjappa hana lítillega með valtara. Aður en sáð er eða þökur lagðar er gott að fara lauslega yfir flötina með grófri hrífu til að losa um

efsta lagið og bæta viðloðun fræsins og þakanna við jarðveginn.

Sáning

Hægt er sá hvort sem er vor eða haust en ráðlegast er að gera það að vori. Haustið sáningu á að framkvæma mánuði fyrir fyrsta frost. Jarðvegurinn þarf að vera hæfilega rakur þegar sáð er og nota skal eitt kíló af fræi á hverja 100 fermetra. Fyrsta árið eftir sáningu verður að gæta þess að umgangur um lóðina sé í lágmarki, en það tekur þrjú ár

fyrir sáninguna að ná fullum þroska.

Sé sáð að vori er nauðsynlegt að vökva lóðina reglulega í þurrviðrum. Varast ber að slá grasið of snögg til að byrja með. Gott að halda því í átta til tíu sentímetra hæð. Þegar flötin hefur náð sér að fullu má slá hana í fjögurra til fimm sentímetra hæð. Sé slegið sneggra skal vökva á eftir.

Þökur

Þeir sem vilja gras strax og helst í gær ættu frekar að þekja en sá. Undirbúningur fyrir þökur er sá

sami og fyrir sáningu. Leggja má þökur frá því snemma að vori og fram á haust. Gott er að leggja eina beina röð af þökum umhverfis flötina sem á að tyrfa. Eftir það eru þökurnar lagðar eins og múrsteinar, hálf í hálf, og götum lokað með bítum í lokin. Gæta skal þess að þjappa þökunum ekki of þétt því þá getur myndast holrúm undir þeim og fletir sem ekki ná að skjóta rótum. Ef skera á boga í flötina er gott að leggja slöngu, helst með vatni í, til að móta bogann og nota slönguna sem skapalón til að skera eftir. Að þökulögn lokinni þarf að valta flötina og vökva.

Þegar þökur eru keyptar verður að skoða þær vandlega við afhendingu og gæta þess að ekki leynist í þeim illgresi, eins og snarrótarpunktur, skriðsóle, mosi eða gróf fóðurgrös.

Viðhald

Um það leyti sem grasið tekur við sér á vorin er gott að raka yfir flötina með lauffhrífu og fjarlægja mosa, lauf og annað rusl sem hindrar loftstreymi að sverðinum. Bera skal alhliða garðáburð á snemma að vori, þrjú til fjögur kíló af tilbúnum áburði duga á 100 fermetra. Mánuði síðar skal bera á sama magn og í kringum verslunarmannahelgina helmingi minni skammt. Einnig er gott að bæta kalki eða skeljasandi í lóðina á nokkurra ára fresti til að hækka sýrustigið og halda niðri mosa.

